SIGRÚN ANDERSEN

*Hefur gaman af því að leika sér með tískuna*

tíska heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




VINNUVÉLAR

*Hörpur og brjótar eru hágæðatæki*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. október 2007 — 283. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


FIMMTUDAGUR

## Stefnir á Ólympíuleikana



Garðar Thor Cortes syngur á góðgerðarsamkomu í London í kvöld og reynir að heilla bresku ólympíunefndina.

FÓLK 62

## Vinsæll í Danmörku



Rokland Hallgríms Helgasonar fær einróma lof gagnrýnenda og selst eins og heitar lummur í Danmörku.

FÓLK 62

## Láglaunabasl

„Grunnlaun kennara á Íslandi hækka minna með auknum starfsaldri en tíðkast á OECD-svæðinu," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20

## Áfram í Svíþjóð



Garðar Gunnlaugsson er markahæsti leikmaður sænsku 1. deildarinnar. Hann gerir ráð fyrir því að vera áfram hjá Norrköping sem er komið í úrvalsdeildina.

ÍÞRÓTTIR 56

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA** Í dag verður stíf suðaustanátt sunnan til og vestan annars heldur hægari. Rigning en úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 7-12 stig að deginum.

VEÐUR 4

# Hafskipsmenn láta gera einkarannsókn á málinu

**Tugur lögfræðinga og sagnfræðinga hefur mánuðum saman unnið að því að rannsaka bakgrunn Hafskipsmálsins að undirlagi þriggja manna sem dæmdir voru. Þeir vilja allan sannleikann fram og uppreist æru.**

**DÓMSMÁL** Hópur sérfræðinga vinnur nú að viðamikilli rannsókn á allri umgjörð Hafskipsmálsins svokallaða, eins umdeildasta sakaog gjaldþrotamáls síðustu áratuga.

Hafskipsmennirnir Björgólfur Guðmundsson, Páll Bragi Kristjónsson og Ragnar Kjartansson, eru að baki þessari ítarlegu úttekt sem staðið hefur mánuðum saman og vera hvergi lokið. Við verkið starfar nærri einn tugur lögfræðinga og sagnfræðinga.

Ekki mun nauðsynlega vera stefnt að því að krefjast endurupptöku dómsmálsins sjálfs heldur er öll umgjörð málsins undir í rannsókninni sem sögð er hafa að markmiði að allur sannleikurinn líti dagsins ljós og að hinir dæmdu menn fái uppreist æru.

Erfiðleikar voru í rekstri Hafskips á árinu 1985 og var félagið tekið til gjaldþrotaskipta. Gefnar voru út ákærur á hendur sautján mönnum. Á endanum voru fjórir þeirra dæmdir til refsingar í Hæstarétti í júní 1991. Þyngsta dóminn hlaut Björgólfur Guðmundsson sem verið hafði forstjóri Hafskips. Hann fékk tólf mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs, vill hvorki játa því né neita að hafin sé rannsókn fyrir Hafskipsmennina á málinu. Ekki náðist í Pál Braga Kristjónsson sem er í orlofi erlendis.

Rannsóknarhópurinn mun bæði vera að skoða opinber gögn sem og ýmis gögn úr fórum manna sem tengdust Hafskipsmálinu og upplýsingar frá þeim. Mikið mun þegar hafa komið fram sem Hafskipsmenn telja að varpi nýju og óvæntu ljósi á atburðarásina, til dæmis áður óbirt minnisblöð í stjórnsýslunni.

Rannsakaður er þáttur ýmissa stjórnmálamanna, opinberra embættismanna og forsvarsmanna í atvinnulífinu.

Fyrir nokkrum árum eignaðist félag Björgólfs Guðmundssonar ráðandi hlut í Eimskip. Búast má við að skjöl úr fórum þess félags séu meðal þeirra gagna sem nýtt verða til að draga upp heildarmynd af Hafskipsmálinu. - gar



**BROSIR Á MÓTI** Herra Karl Sigurbjörnsson biskup endurgalt þessum Súdana brosið á ljósmyndasýningu í Kringlunni í gær. Á sýningunni eru ljósmyndir sem teknar voru í Darfúrhéraði í Súdan í júlí á þessu ári og segja þær sögu íbúa héraðsins. Ætlunin hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og utanríkisráðuneytinu, sem standa að baki sýningunni, er að sýna almenningi þann árangur sem framlag Íslendinga hefur skilað í Darfúr.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sextíu og átta dagar til jóla:

## Jólaherferð Ikea formlega hafin

**VERSLUN** Jólin hefjast í verslun Ikea í dag. „Jólavörurnar verða að tínast í hús næstu daga," segir Kristín Kristmundsdóttir, markaðsstjóri Ikea á Íslandi. Hún segir engar reglur hjá Ikea um hvenær jólaherferðin hefjist en oftar en ekki verða viðskiptavinir verslunarinnar fyrst varir við hana hérlendis. „Við notum að minnsta kosti slagorðið „Jólin þín byrja í Ikea"," segir Kristín.



**JÓLASTEMNING** *Jólatréð í Ikea var skreytt í gær.*

Hinum gamalkunnu jólasveinum Rammagerðarinnar verður stillt upp 1. nóvember en í hugum margra eru þeir fyrsta merki þess að jólahátíðin sé í nánd. - sun/ kdk






Fáskrúðsfjarðarsmyglararnir þyngdu töskurnar til að þær myndu sökkva í sjó:

## Smygluðu 40 kílóum en ekki 60

**LÖGREGLUMÁL** Magn fíkniefnanna sem lögreglan lagði hald á í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn í september er fjörutíu kíló en ekki sextíu, eins og komið hefur fram hjá lögreglunni. Um er að ræða fjórtán kíló af E-töfludufti, tæp tuttugu og fjögur kíló af amfetamíni og 1.800 E-töflur.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir að efni hafi verið sett í töskurnar til að þyngja þær, svo þær sykkju í sjóinn ef með þyrfti.

Ekki hafi verið forgangsverkefni á fyrstu dögum rannsóknar að vigta efnið nákvæmlega, heldur hafi verið miðað við heildarþyngd á fíkniefnapökkunum. Þegar efnin sjálf voru vigtuð kom á daginn að þau voru þriðjungi léttari en talið var í fyrstu.

„Svo er þetta spurning um rannsóknarhagsmuni að gefa magnið ekki nákvæmlega upp," segir Friðrik. Hann vildi ekki gefa upp hvaða efni notað var til að þyngja töskurnar. - sþs / jss / sjá síðu 4







## SPURNING DAGSINS



*Arnar, á að skella sér á skeljarnar á næstunni?*

„Nei, ég held ég fari frekar upp á tærnar á meðan ég er að jafna mig.“

Arnar Jónsson leikari liggur á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og er að jafna sig eftir aðgerð þar sem skipt var um hálft vinstra hné hans. Hann hefur gengist undir sams konar aðgerð hægra megin.

Stjórn Varðar ítrekar stuðning við borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins:

# Ræða ástæður samstarfsslita

**BORGARMÁL** Stjórn Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, fundaði um borgarmál í gær og þar var ákveðið að halda lokaðan fund síðdegis í dag fyrir stjórnir sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, ásamt borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins. Á fundinum munu borgarfulltrúarnir skýra sín sjónarmið varðandi atburðarásina sem leiddi til slita meirihlutasamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn.

Þetta var ákveðið að tillögu starfshóps sem var myndaður á laugardag til að fara yfir með hvaða hætti best væri að upplýsa félagsmenn sjálfstæðisfélaganna um stöðu flokksins og framtíðarsýn borgarfulltrúanna í borgarmálum. Starfshópurinn var skipaður sjö stjórnarmönnum Varðar.



**FRÁ VALHÖLL** Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna hefur fundað þrisvar síðan meirihlutasamstarfið slitnaði á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Marta Guðjónsdóttir, formaður Varðar, segir starfshópinn hafa fundað tvisvar og að enginn borgarfulltrúi hafi verið kallaður fyrir á þeim fundum. „Um var að ræða lítinn starfshóp innan stjórnarinnar sem fór yfir hvernig ætti að standa að því að upplýsa stjórnir félaganna. Það er allt og sumt.“ Aðspurð segir Marta það af og frá að starfshópurinn hafi verið stofnaður til að leita að blórabögglinum meirihlutaslitanna, enda hafi stjórnin ítrekað á fundi sínum í gær fyrri ályktun þar sem lýst var yfir fullu trausti og stuðningi við borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins undir stjórn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, fyrrverandi borgarstjóra. - shá

Kárahnjúkavirkjun:

# Vatni hleypt á aðrennslisgöng

**IÐNAÐUR** Vatni úr Hálslóni var hleypt á aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar í gær. Jóhann Kröyer, verkefnisstjóri Landsvirkjunar við gangagerðina, ræsti formlega búnaðinn sem lyftir aðallokunum í inntakinu við Hálslón þannig að vatnið tók að streyma inn.

Aðrennslisgöngin eru um fjörutíu kílómetra löng. Reiknað er með því að fullur þrýstingur verði kominn á þau fyrir næstu mánaðamót, samkvæmt tilkynningu á heimasíðu Landsvirkjunar. Fljótlega upp úr því getur raforkuframleiðsla hafist í virkjuninni. - sþs

Tillaga þingmanna lögð fram:

# Kanna hvort EES standist stjórnarskrá

**ALÞINGI Tveir þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi þar sem lagt er til að skipuð verði nefnd til að kanna hvort aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) brjóti gegn stjórnarskrá.**



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

**Vitnað er til álits forseta EFTA-dómstólsins, sem hefur fært rök fyrir því að samningurinn sé yfirþjóðlegur, sem stangast á við ákvæði stjórnarskrár, eins og sagt var frá í Fréttablaðinu nývերið. Vilja þingmennirnir Katrín Júlíusdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson að fimm manna nefnd verði skipuð til að fjalla um þetta álitaefni, og hún skili niðurstöðu fyrir 1. október 2008.** - bj

Héraðsdómur Austurlands:

# Tekur skýrslur af Lettunum

**HÉRAÐSDÓMUR** Verið er að taka skýrslu fyrir dómi af Lettunum þrettán sem leituðu til Afls starfsgreinafélags fyrir nokkru vegna gruns um vangoldin laun í vinnu á vegum GT verktaka. Búist er við að skýrslutökunni ljúki í dag og að mennirnir geti haldið af landi brott í lok vikunnar.

Hjá Ríkislögreglustjóra fengust þær upplýsingar í gær að í kjölfar skýrslutökunnar yrði tekin ákvörðun um framhald málsins, hvort einhverjir teldust hafa stöðu sakborninga og þá hverjir. - ghs

# Segir RÚV ohf. vera að bruðla með fé

**Kolbrún Halldórsdóttir gagnrýnir launahækkun útvarpsstjóra harðlega og segir hana „bruðl með opinbert fé“. Við munum taka mið af þessari hækkun við endurskoðun kjarasamninga, segir formaður Starfsmannasamtaka RÚV ohf.**

**STJÓRNMÁL** Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstri grænna, gagnrýnir næstum 100 prósenta launahækkun Páls Magnússonar útvarpsstjóra harðlega, en laun Páls hækkuðu um næstum 90 prósent þegar Ríkisútvarpinu (RÚV) var breytt í opinbert hlutafélag 1. apríl síðastliðinn. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær er Páll Magnússon með 1,5 milljónir á mánuði í heildarlaun en þau voru um 800 þúsund krónur áður en RÚV var breytt. Stjórn RÚV ohf. samþykkti hækkunina einróma á fundi sínum skömmu eftir að félagið var stofnað.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstri grænna, segir hækkunina fara gegn því sem rætt hafi verið um áður en ákveðið var að breyta rekstrarformi RÚV. Hún telur hækkunina vera hluta af „græðgisvæðingu“ í samfélaginu.

„Þetta er eins konar staðfesting á því að menn ætluðu sér að vera í eigin heimi í þessu opinbera hlutafélagi. Mér finnst þetta vera hluti af græðgisvæðingunni í samfélaginu,“ segir Kolbrún. Hún segir launahækkunina ekki skynsamlega og með henni sé misfarið með opinbert fé. „Ég held að það sé einhver ákafi í mönnum í dag að komast í hálaunastörf. Forstjórar stóru fyrirtækjanna hafa sett fordæmi og nú til dags telst enginn vera maður með mönnum nema hann sé með meira en milljón á mánuði. Hjá hinu opinbera eru menn að ofmeta sig og misskilja starf sitt með því að fara fram á svona laun. Ríkisútvarpið er fyrst og fremst þjónusta við almenning í landinu.



**RÍKISÚTVARPIÐ** Mánaðarlaun útvarpsstjóra hækkuðu úr 800 þúsund krónum í 1,5 milljónir þegar Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag 1. apríl á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### LAUN EINS OG Í MEÐALSTÓRU FYRIRTÆKI

„Laun mín eru sambærileg launum stjórnenda í litlum og meðalstórum fyrirtækjum,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri um mánaðarlaun sín sem nema 1,5 milljónum á mánuði. „Inni í þessari tölu eru heildargreiðslur til mín. Þegar breytingarnar á Ríkisútvarpinu gengu í gegn voru gerðar breytingar sem miðuðu að því að auka skilvirkni og efla starfsemina.“ Átta stöður voru í yfirstjórn RÚV fyrir breytingarnar á rekstrarforminu en þær eru nú fimm.



Launahækkun starfsmanna hjá ríkinu, sem setur á þá kóngaskikkju, felur í sér bruðl með opinbert fé. Og þessi hækkun er það svo sannarlega.“

Baldvin Þór Bergsson, formaður Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins, segir há laun útvarpsstjóra koma á óvart. Líklegt sé að hækkunin verði rædd innan stjórnar félagsins. „Ég geri ráð fyrir því að boða stjórnarfund fljótlega þar sem þessi mál verða til umræðu. Það þarf að ræða það einnig hvort aðrir starfsmenn hafa fengið svona miklar hækkanir. En því er ekki að leyna að það kemur á óvart að stjórnendur fái 90 prósenta hækkun. Ef endurskoðun kjarasamninga hjá almennum starfsmönnum tekur mið af þessari hækkun, sem mér finnst ekki óeðlilegt að hún geri, þá er það fagnaðarefni.“

Ómar Benediktsson, stjórnarformaður RÚV ohf., segir launin taka mið af breyttu starfssviði útvarpsstjóra sem gegni umfangsmeira starfi nú en hann gerði áður en rekstrarformsbreytingin gekk í gegn. Áður hafi verið átta yfirmenn en nú séu þeir fimm og svið hvers og eins sé umfangsmeira en það hefði verið áður. Ómar vildi ekki gefa upp laun annarra yfirmanna hjá RÚV.

Ekki náðist í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra en hún er erlendis.

magnush@frettabladid.is

Ökufantur grunaður um ölvun:

# Ók á bifreið og stakk síðan af

**LÖGREGLUMÁL** Ökufantur á fertugsaldri var handtekinn í Kópavogi í gærkvöld en maðurinn er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum lyfja og áfengis.

Að sögn varðstjóra ók maðurinn á bíl við Blikahjalla en um borð í honum voru kona og lítið barn. Barnið var flutt á slysadeild en meiðsl þess voru ekki talin alvarleg.

Ökumaðurinn gerði sér lítið fyrir og stakk af slysstað og hélt áfram að aka á ofsahraða um borgina. Ökuferðinni lauk sem fyrr segir í Kópavogi.

Bíll mannsins er töluvert skemmdur og rannsakar lögregla hvort hann hafi valdið tjóni víðar á ferð sinni. - kdk

Sóðalegir sundlaugargestir:

# Skólabörn verða af skólasundi

**VOPNAFJÖRÐUR** Óprúttnir sundlaugargestir í Selárdalslaug við Vopnafjörð hafa ítrekað unnið þar skemmdarverk og gengið illa um svæðið.

Laugin er nokkuð fjarri byggð og í raun ávallt opin þótt mælst sé til þess að í hana sé farið á ákveðnum tímum. Á fréttasíðu Vopnafjarðar kemur fram að vegna andstyggilegrar aðkomu hafi verið ákveðið að loka lauginni. Slíkt komi þó mörgum illa meðal annars skólabörnum sem verða af sundtímum vegna aðgerðanna. - kdk

## FÉLAGSMÁL

**Ný þjónustumiðstöð UMFÍ**

Ný þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands mun rísa við Tryggvagötu 13 í Reykjavík. Ístak undirritaði viljayfirlýsingu um það ásamt félaginu í gær.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Kaffistofa Samhjálpar opnuð aftur tímabundið á Hverfisgötu en flytur síðan:

# Þurfandi fá mat í Borgartúni

**FÉLAGSMÁL** Áætlað er að Kaffistofa Samhjálpar flytji í Borgartún 1. Þangað til opnar Samhjálp eldhús sitt fyrir utangarðsmenn að nýju á Hverfisgötu 44.

Húsið við Hverfisgötu 44 var flutt á dögunum upp á Bergstaðastræti. „Við gátum ekki verið í kaffistofunni á meðan og þurftum að loka henni. Við fengum þá inni til bráðabirgða í ágætri aðstöðu í Fíladelfíukirkjunni,“ segir Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar.

Þótt Kaffisofa Samhjálpar fyrir heimilislausa verði aftur opnuð á næstunni þegar vatn og rafmagn hefur verið tengt að nýju er ekki ætlunin að vera þar lengi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fær Samhjálp aðstöðu fyrir kaffistofuna í Borgartúni 1 næstu þrjú árin að minnsta kosti. Guðni segist ekki vilja staðfesta þetta en segir að verið sé að afla tilskilinna leyfa fyrir starfseminni á nýjum stað.

Guðni segist vonast til að kaffistofan geti flutt á nýja staðinn um miðjan nóvember. „Húsnæðið verður mun betra en niðri á Hverfisgötu. Það er allt gert upp og verður rýmra og betra að mörgu leyti,“ segir hann



**Í NÝJU ELDHÚSI** Séð fram í sal úr nýju eldhúsi Samhjálpar sem verður opnað í Borgartúni þegar breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu sem leigt er af Eykt ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á heimasíðu Samhjálpar segir að kaffistofan sé fyrir utangarðsfólk og aðra aðstöðulausa. Á hverjum degi fái að jafnaði um 70 manns þar súpu og smurt brauð eða heitan mat. - gar

# TOYS"R"US

THE REAL THING



**STAR WARS**

521877
**STAR WARS FORCE LJÓSSVERÐ**
Ýttu á hnappinn og ljóssverðið kemur út.Med ekta STAR WARS-hljóðum egar þú sveiflar sverðinu. 50 sm.Veldu á milli mismunandi tegunda. Venjulegt lágvöruverð okkar er 3.499,-

GJAFVERÐ
FRJÁLST VAL
**1.499,-**
ÞÚ SPARAR 2.000,-



110907
**SJÓNRÆNINGJASKIP – SKULL (5778)**
Á hjólum. Með m.a. fallbyssu, akkeri, skipstjórakáetu, 3 sjóræningum og öðrum aukabúnaði. Venjulegt lágvöruverð okkar er 5.699,-

GJAFVERÐ
**2.699,-**
ÞÚ SPARAR 3.000,-

411336
**FISHER-PRICE TÓMSTUNDASTÖÐ - BANGSÍMON**
Skemmtilegir möguleikar og æfingará Bangsímon-teppinu. Með tígrísdýrinu og Frílnum, einnig remur fígúrum með spegli og hringlu sem hægt er að taka af. Venjulegt lágvöruverð okkar er 9.299,-

GJAFVERÐ
**2.299,-**
ÞÚ SPARAR 7.000,-



## KOMDU OG SJÁÐU RISASTÓRU OPNUNARHÁTÍÐ TOYS"R"US Í KÓPAVOGI

SJÁÐU NÝJU VERSLUNINA OKKAR SEM ER STÚTFULL AF LEIKFÖNGUM, FRÁBÆRUM OPNUNARTILBOÐUM OG SKEMMTILEGUM UPPÁKOMUM



**BRATZ**

FRJÁLST VAL
**1.399,-**
ÞÚ SPARAR 1.000,-

124357-60
**BRATZ ADVENTURE GIRLZ**
Með auka fötum, aukabúnaði og merki fyrir ig. 25 sm. Veldu á milli Cloe, Yasmin, Jade og Sasha. Venjulegt lágvöruverð okkar er 2.399,-

**Á FÖSTUDAGINN KL. 16.30**
Í róttaálfurinn kemur í heimsókn í TOYS"R" US og spjallar við krakkana og syngur jafnvel nokkur lög. Það má enginn missa af essu!

LATI BÆR



**Á FÖSTUDAGINN**
Mun Teenage Mutant Ninja Turtles koma til okkar og heilsa upp á ig.

## ÞAÐ ER ALLTAF OPIÐ LENGI

| | |
|---|---|
| Virkadaga | 10-20 |
| Nema fimmtudaga | 10-21 |
| laugadaga | 11-18 |
| Sunnudaga | 13-18 |

TILBÚINN
1:10

187301
**FORD HIMALAYA**
Fjarstýrður bíll með fullri stýrisstjórn. Keyrir allt að 12 km/t. Með hleðslutæki og 9,6 V rafhlöðu sem hægt er að hlaða. 1:10. 40 MHz. Venjulegt lágvöruverð okkar er 6.999,-




GJAFVERÐ
**2.999,-**
ÞÚ SPARAR 4.000,-




Tilboðið gildir til og með 05.11.2007 og aðeins í Smáratorg. Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð.

**SMÁRATORG 3, 200 KÓPAVOGUR TLF.: 55 00 800**

## GENGIÐ 17.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,43 | 60,71 |
| Sterlingspund | 122,85 | 123,45 |
| Evra | 85,58 | 86,06 |
| Dönsk króna | 11,481 | 11,549 |
| Norsk króna | 11,156 | 11,222 |
| Sænsk króna | 9,35 | 9,404 |
| Japanskt jen | 0,517 | 0,52 |
| SDR | 93,85 | 94,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,023

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Segir einna ánægjulegast að söfnunin hafi blásið nýju lífi í samtök nýrnasjúkra:

# Smiður með nýrnabilun gefur ómsjá

**SÖFNUN** „Ég hefði aldrei getað trúað þessu,“ segir Hólmar Þór Stefánsson húsasmiður sem nýlega var greindur með nýrnabilun. Verið er að leita að heppilegum nýrnagjafa fyrir Hólmar en sjálfur hefur hann hafið störf í þágu nýrnasjúkra.

Þegar hann hélt upp á fertugsafmælið sitt á Players síðastliðinn föstudag afþakkaði hann gjafir en bað gesti um að greiða 2.000 króna aðgangseyri inn í veisluna eða leggja inn á safnreikning. Ágóðinn af söfnuninni er um 570 þúsund en þá fjárhæð notar Hólmar til að greiða fyrir ómsjá sem nýtist helst nýrnasjúku fólki. Tækið ætlar hann svo að gefa Landspítalanum auk hjólabúnaðar til að flytja það milli deilda.

„Ef það verður afgangur vil ég að deildin noti hann í eitthvað annað sem vantar, þó það væri ekki annað en nýtt bollastell,“ segir hann.

Hólmar segist aldrei hafa búist við þeim viðtökum sem söfnunin fékk og gleðst sérstaklega yfir því að svo virðist sem framtak hans hafi blásið nýju lífi í samtök nýrnasjúkra en starfsemi þess hefur verið fremur lítil að undanförnu. - kdk



**VILDI GEFA Í TILEFNI AF AFMÆLINU** Hólmar spurði hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum hvaða tæki vantaði og ákvað að gefa spítalanum það. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný hugsun á ársþingi ASÍ:

## Tillaga um lágmarks bótarétt

**VINNUMARKAÐUR** Ársþing ASÍ hefst í dag. Á þinginu verður fjallað um breytingatillögu varðandi lágmarks bótarétt í velferðarkerfinu. „Við erum að kynna tillögu um að skilgreina bótaréttinn út frá tekjudreifingunni í landinu. Það er ný hugsun,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, flytur stefnuræðu og síðan verður ávarp félagsmálaráðherra. „Það er ljóst að kjaramálin eru á vettvangi landssambandanna og aðildarfélaganna og menn eru að samstilla sig hvað það varðar,“ segir Gylfi. - ghs

# Pólstjörnufíkniefnin 40 en ekki 60 kíló

**Fíkniefnin sem haldlögð voru í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn í september vega þriðjungi minna en lögregla hafði greint frá. Nákvæm vigtun magnsins ekki forgangsverkefni á fyrstu dögum rannsóknarinnar, segir yfirlögregluþjónn.**

**LÖGREGLUMÁL** Magn fíkniefnanna sem lögregla lagði hald á í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn að morgni fimmtudagsins 20. september er þriðjungi minna en lögreglan hefur gefið út fram til þessa.

Í stað rúmlega 60 kílóa af fíkniefnapökkum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sagði að hefðu verið teknir í skútunni, daginn eftir að efnin voru tekin, er um að ræða tæplega 40 kíló af fíkniefnum. Um er að ræða 14 kíló af e-töfludufti, tæp 24 kíló af amfetamíni og 1.800 e-töflur, sem vega, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, um 800 grömm.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu efndi til fréttamannafundar þar sem efnin voru sýnd og leyfðar myndatökur hinn 21. september. Í tilkynningu frá lögreglunni þá sagði: „Bráðabirgðaniðurstöður benda til að fíkniefnapakkarnir sem fundust í skútunni séu rúmlega 60 kg. Um er að ræða amfetamín, e-töfluduft (um 14 kíló) og e-töflur. E-töflurnar eru um 1.800 talsins.“

Spurður um ástæðu þess að þarna muni heilum 20 kílóum af fíkniefnum segir Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn, sem haft hefur með höndum upplýsingagjöf um málið til fjölmiðla, að ekki hafi verið forgangsverkefni að vigta nákvæmlega hversu mikið magnið hafi verið á fyrstu dögum rannsóknar. Í tilkynningunni frá lögreglu hafi verið um að ræða heildarþyngd á fíkniefnapökkunum sem slíkum.

„Það fór líka svolítil vinna í að aðskilja efnin, umbúðir og annað. Það voru efni í þessu sem sett voru í til að þyngja þessar töskur.

Svo er þetta spurning um rannsóknarhagsmuni að gefa magnið ekki nákvæmlega upp,“ útskýrir Friðrik Smári enn fremur.

Spurður hvaða efni hefðu verið sett í töskurnar, auk fíkniefnanna og hvers vegna, svaraði Friðrik Smári að tilgangurinn hefði verið til að „vera klár á að setja þetta í sjóinn og láta það sökkva“. Hann kvaðst ekki vilja gefa upp hvað hefði verið í töskunum, auk fíkniefnanna.

„Okkur er enginn akkur í því að segja þetta magn meira heldur en það er,“ segir Friðrik Smári. „ Það er ekkert slíkt sem liggur að baki þessu.“

Spurður af hverju lögreglan hafi ekki sent frá sér aðra tilkynningu til að leiðrétta þennan mikla mismun á magni segir Friðrik Smári menn ekki hafa hugsað út í það.

jss@frettabladid.is



**FÍKNIEFNIN SÝND** Efnt var til fréttamannafundar þar sem fíkniefnin, sem haldlögð voru í skútunni í Fáskrúðsfjarðarhöfn, voru sýnd og myndatökur leyfðar. Um er að ræða tæp 40 kíló.



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON** Spurning um rannsóknarhagsmuni að gefa magnið ekki nákvæmlega upp.



**BOTNVÖRPUR** Veiða oft fleiri tegundir en til stendur að fiska.

Hafrannsóknastofnun:

## Tilraunir til að aðskilja tegundir í botnvörpu

**SJÁVARÚTVEGUR** Verið er að gera tilraunir með að aðskilja þorsk og ýsu í botnvörpu þannig að tegundirnar hafni í aðskildum hólfum vörpunnar.

Þetta kemur fram á vefsíðu Hafrannsóknastofnunar. Með aðferðinni sem notuð er má til dæmis aðgreina ýsu og þorsk þar sem tegundirnar hegða sér með ólíkum hætti í botnvörpu. Náist tilætlaður árangur er vonast til þess að hægt verði að auka veiði á þeim tegundum sem ætlunin er að veiða en um leið sjá til þess að smáþorskur og aðrar tegundir sleppi. Að þessu verður unnið áfram á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á næstu vikum og mánuðum. - kdk

**KJARAMÁL**

### Skattar hækkuðu hérlendis

Skattbyrði landsmanna þyngdist úr liðlega þrjátíu prósentum upp í fjörutíu prósent af landsframleiðslu í stjórnartíð síðustu ríkisstjórnar. Skattar hérlendis eru þó lægri en á hinum Norðurlöndunum, samkvæmt tölum OECD.

**BORGARSTJÓRN**

### Aðstoðarmaður borgarstjóra

Guðmundur Steingrímsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Dags B. Eggertssonar borgarstjóra. Guðmundur er fyrsti varaþingmaður Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi og dálkahöfundur hér á Fréttablaðinu.



**CHRISTOPHER PAUL NEIL** Til vinstri sést upphaflega myndin og til hægri hvernig lögreglu tókst að skýra hana.

Kanadískur barnaskólakennari:

## Allsherjarleit að barnaníðingi

**TAÍLAND, AP** Allsherjarleit stendur yfir í Taílandi að kanadískum barnaskólakennara sem er eftirlýstur af alþjóðalögreglunni Interpol fyrir barnaníð.

Landamæraverðir voru á varðbergi svo að Christopher Paul Neil, sem kom til Taílands á fimmtudaginn, takist ekki að flýja úr landi.

Interpol dreifði ljósmynd af Neil víða um heim á þriðjudag eftir að bera tókst kennsl á hann á um 200 myndum sem sýndu hann misnota unga víetnamska og kambódíska drengi. Neil hafði brenglað andlit sitt á myndunum en lögreglu tókst að skýra myndina. - sdg

Tímamót hjá ÍSÍ:

## Skíðasambandið flytur norður

**ÍÞRÓTTIR** „Þetta eru heilmikil tímamót því þetta er í fyrsta skipti í sögu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi sem sérsamband innan ÍSÍ er fært úr Reykjavík og út á land,“ segir Þórunn Sif Harðardóttir, framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands.

Höfuðstöðvar Skíðasambandsins hafa verið fluttar á Akureyri og verður skrifstofa þess opnuð formlega í sameiginlegu rými með Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar á morgun. - kdk


Makamissir

Fræðslufundur í Fossvogskirkju í kvöld 18. okt. kl. 20.
Fyrirlesari Gréta Sigurðardóttir.
Allir velkomnir!



NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÆTUTÍÐ** Enda þótt hann hangi lengst af þurr í dag á Norðaustur- og Austurlandi verður að viðurkennast að kortin eru almennt blaut næstu daga. Má búast við rigningu eða skúrum víða um land á morgun og svo vætu sunnan og vestan til á laugardag og sunnudag. Kuldakastið er því að baki og ekki að sjá að verulega kólni næstu daga. Helst er að sjá að eitthvað geti dregið niður í hlýindunum á mánudag.

**REYKJAVÍK Í DAG** Suðaustan strekkingur. Rigning með köflum. Hiti 7-11 stig.

um hádegi »



» á morgun



10-15 m/s austan til en 3-8 m/s vestantil.

» laugardagur



5-10 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skýjað | London | 13°C léttskýjað | Friedrichshafen | 11°C rigning |
| Billund | 10°C hálfskýjað | París | 15°C léttskýjað | Lúxemborg | 13°C léttskýjað |
| Osló | 8°C léttskýjað | Amsterdam | 13°C skýjað | Alicante | 21°C skúrir |
| Stokkhólmur | 8°C léttskýjað | Frankfurt | 12°C skúrir | Róm | 21°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 10°C hálfskýjað | Berlín | 11°C skúrir | Las Palmas | 24°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# haust útsala

## í ellefu daga



# 50%

## afsláttur af völdum vörum

### Sjóðheit tilboð:

Herra pólóbolir frá 999 kr.
Dömunáttföt frá 999 kr.
Casual Club dömubolir frá 500 kr.
Collection peysur 2 fyrir 1
Dömutöskur frá 1000 kr.
Valin ilmvötn á hálfvirði
20% af öllum koddum og sængum

Alltaf

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 39642 10/2007

**KJÖRKASSINN**



*Trúir þú orðum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um að hann hafi ekki séð minnisblað um REI?*

| | |
|---|---|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér laun Páls Magnússonar útvarpsstjóra of há?*

Segðu skoðun þína á vísir.is **vísir**

Nýr stjórnarformaður OR segir óljóst hvort sátt náist um dómsmál vegna fundar:

# Dómsmálið gengur sinn gang

**DÓMSMÁL** Bryndís Hlöðversdóttir, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur (OR), á ekki von á öðru en að dómsmál vegna eigendafundar OR muni hafa sinn gang fyrir dómstólum. Bryndís telur að Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, hafi það í hendi sér hvort málinu verði haldið til streitu og sátt náist. „Það er í samræmi við það að Svandís fer fyrir hópi um stefnumörkun fyrirtækisins.“

Svandís höfðaði mál vegna eigendafundarins þar sem hún telur hann ólöglegan sökum formgalla. Markmið Svandísar er að fá fundinn dæmdan ólöglegan og allar samþykktir sem á fundinum voru gerðar. Svandís hefur sagt að dómsmálið sé í eðlilegum farvegi en það var dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag. Orkuveitan vinnur nú greinargerð um málið sem frestar málarekstri um tvær vikur. Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og varaformaður stjórnar OR, segir að hlutverk nýkjörinna fulltrúa í stjórn OR sé að fjalla um reglulega kjarnastarfsemi OR og vill ekki tjá sig um málshöfðun Svandísar. „Það er stýrihópur á vegum borgarinnar sem fjallar um þau mál sem mest hafa verið til umræðu að undanförnu.

Það er ákvörðun þess sem höfðar málið hvort leiðir eru til þess að láta málið niður falla.“ Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn OR, vill ekkert tjá sig um málefni fyrirtækisins. **- shá**



**BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR** Stjórnarformaður OR.



**JÓN SIGURÐSSON** Varaformaður stjórnar OR.

Tryggingafélag dæmt:

# Fimmtán milljónir í bætur

**DÓMSMÁL Tryggingafélagið Sjóvá-Almennar hefur verið dæmt til að greiða karlmanni rúmlega 15 milljónir í skaðabætur.**

**Maðurinn lenti í alvarlegu bílslysi árið 2003, þegar bifreið hans rann til í hálku. Hlaut hann varanlega 60 prósenta örorku við slysið. Krafði hann tryggingafélagið um greiðslu bóta vegna slyssins úr svokallaðri ökumannstryggingu. Maðurinn höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem ágreiningur var um einstaka kröfuliði hans, fjárhæðir og upphafstíma dráttarvaxta. Dómurinn dæmdi honum** ofangreinda bótafjárhæð. **- jss**




ég er sjálfboðaliði

## Símsvörun 1717

Rauði krossinn auglýsir eftir sjálfboðaliðum til að svara í Hjálparsíma Rauða krossins, 1717.

**Markmið verkefnisins** er að vera til staðar fyrir fyrir fólk á öllum aldri sem líður illa og vill ræða við einhvern sem er tilbúinn að hlusta.

**Sjálfboðaliðar** þurfa að vera orðnir 23 ára. Allir þeir sem sækja um koma í viðtal, sækja námskeið og hljóta þjálfun áður en þeir hefja störf.

**Nánari upplýsingar** í síma 570 4000 og á raudikrossinn.is

spron er styrktaraðili átaksins

Rauði krossinn


# Segja innheimtuna á FIT-kostnaði löglega

**Lögmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, telja innheimtuna á FIT-kostnaði lögmæta með öllu. Oddgeir Einarsson, lögmaður viðskiptavinar SPRON, telur innheimtuna lögbrot og fer málið fyrir dóm.**

**DÓMSMÁL** Forsvarsmenn SPRON hafna því alfarið að innheimta á svonefndum FIT-kostnaði, sem fellur á viðskiptavini þegar þeir fara yfir á debetkortareikningi sínum, sé ólögmæt. Þetta tilkynnti lögmaður SPRON, Jóhannes Bjarni Björnsson, Oddgeiri Einarssyni héraðsdómslögmanni með bréfi á dögunum.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu telur Oddgeir innheimtu á svonefndum FIT-kostnaði, sem fellur á viðskiptavini þegar þeir eyða umfram heimild, vera ólögmæta þar sem hún samræmist ekki ógildingarákvæðum samningalaga.

Þessu hafna forsvarsmenn SPRON alfarið. Jóhannes Bjarni segir það vera alveg skýrt í samningi milli viðskiptavinar og SPRON að innheimtan taki mið af samningi sem viðskiptavinir undirriti þegar þeir ákveða að stunda viðskipti við SPRON.

Í bréfi Jóhannesar Bjarna, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir meðal annars að fullyrðingar um að viðskiptavinurinn hafi ekki samið um að greiða gjald vegna úttekta af reikningi umfram innistæðu, séu rangar. Þar vitnar Jóhannes Bjarni til bréfs sem Oddgeir sendi fyrir hönd viðskiptavinarins til SPRON, og færði fyrir því rök að gjaldtakan væri byggð á einhliða skilmálum SPRON sem ekki samræmdist samningalögum.

„Aðalatriðið er að viðskiptavinir semja við SPRON og sá samningur er í gildi. Í honum segir að greiða beri vanskilagjald samkvæmt gjaldskrá SPRON og innheimtan hefur byggt á þessum samningsatriðum,“ segir Jóhannes Bjarni.

Málið sem nú er á leið fyrir dómstóla er prófmál en aldrei áður hefur mál tengt innheimtu á FIT-kostnaði ratað fyrir dómstóla. Nokkur fjöldi viðskiptavina hefur sett sig í samband við Lögmannsstofuna Opus, sem Oddgeir er eigandi að, með það fyrir augum að fá úr því skorið hvort innheimtan á FIT-kostnaðinum er lögmæt eða ekki.

Bankar og sparisjóðir hér á landi hafa ekki viljað gefa upp hver kostnaðurinn er af því þegar viðskiptavinir eyða umfram heimild. Innheimtar eru 750 krónur þegar farið er lítillega fram úr en nokkuð hærri upphæðir ef eytt er langt umfram heimild.

Unnið er að undirbúningi málsins en töluvert er í að það verði tekið fyrir dómi. Vinnu við stefnu og úrvinnslu úr gögnum er ekki lokið enn. **magnush@frettabladid.is**



**SPRON** Því er alfarið hafnað af hálfu SPRON að innheimta á FIT-kostnaði vegna eyðslu viðskiptavinar umfram heimild sé ólögmæt. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar.


512 50 50 Auglýsingasími Mest lesið



KOFRAX



Einar Kristjánsson, sölumaður hjá RV

## Með réttu úti - og innimottunum

*- getur þú stoppað 80% af óhreinindunum við innganginn*

Á tilboði í október og nóvember 2007

Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

**Wayfarer** grá með kanti, 120x180cm



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

RV UNIQUE 100702


Fjallað um skuldastöðuna í sjávarútvegi í utandagskrárumræðum á Alþingi:

# Skuldirnar þrefaldast á áratug

**ALÞINGI** Heildarskuldir sjávarútvegsins hafa nær því þrefaldast á áratug, farið úr 125 milljörðum í rúmlega 300. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, vakti máls á þessu í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær, og sagði stöðu sjávarútvegsins alvarlega.

Guðjón benti á að ef fyrirtæki í sjávarútvegi ætluðu að greiða upp allar skuldir þyrftu þau að eyða í það heildartekjum sínum í tvö og hálft ár. Fyrir áratug hefðu rúmar árstekjur dugað. Skuldasöfnunin kæmi til vegna kvótakaupa, sífellt hærri upphæðir fari í vexti og afborgarnir vegna kaupa á óveiddum fiski.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, tók undir áhyggjur Guðjóns Arnars af stöðu sjávarútvegsins. Hann benti á að fyrirtæki í sjávarútvegi greiði 25 til 40 milljarða króna í vexti á ári af 125 milljarða útflutningsverðmæti.

„Svona vaxtaokur og vaxtabyrði gengur ekki upp nema í hergagnaiðnaðinum, klámiðnaðinum og fíkniefnaiðnaðinum, það er svo einfalt,“ sagði Atli.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði að sjávarútvegurinn stæði undir aukinni skuldabyrði. Fyrirtækin standi í skilum og veð fyrir lánunum séu nægjanleg. Fyrirtækin meti það augljóslega út frá eigin hagsmunum hvort það borgi sig að taka lán eða ekki, af því skipti ríkið sér ekki. **- bj**



**UMRÆÐA** Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslyndra, sagði bankana rólega yfir skuldastöðu sjávarútvegsins á meðan „gjafakvótakerfið“ er við lýði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Ítalskir dagar
TILBOÐ
998kr/kg
Verð áður 1.577,-
25% afsláttur við kassa
Lambasirloin
– með myntu, hvítlauk og sítrónu
Lambalæri
– kryddað með hvítlauk og rósmarín
Ítalía ferskt pasta
– nú einnig heilhveiti pasta
Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt
Sikileyskur kálfapottréttur
10% afsláttur við kassa
Ítalskar kjötbollur
– í tómat-rjómaostasósu
Fumagalli
– ekta ítalskt álegg
Tveir fyrir einn
ESPRESSÓ KAFFI
25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
455kr/kg
Verð áður 759
40% afsláttur við kassa
Ítalía espressó kaffi
– baunir eða malað
Ítalía 8 tegundir af kryddmyllum
– það gerist vart ferskara en nýmalað
Kjúklingahversdagssteik
– kryddlegin í álbakka
TILBOÐ
389kr
Verð áður 459
MiniPizza
Bruschetta
Ricette d'Autore
Jói FEL
Ítölsk rúlla
Skinkurúlla
Galileo ítalskar vörur
– tilbúnar beint í ofninn, flott sem forréttur
Copaim
– grillað grænmeti
Jóa Fel brauðrúllur
– tilbúnar beint í ofninn
Gildir til 21 október eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver hlaut verðlaun í London á dögunum fyrir starf í þágu náttúruverndar?*
2. *Hvaða tónlistarhátíð hófst í Reykjavík í gærkvöldi?*
3. *Hver er fyrsti flutningsmaður frumvarps um að selja megi bjór og léttvín í matvöruverslunum?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU XX

Ósáttur við að finna flugu í múffu og hafði samband við heilbrigðiseftirlitið:

# Krafðist ferðalags fyrir flugu

**BAKSTUR** „Ég er ekki sáttur við að fá flugu með mat sem ég ætla að borða,“ segir Davíð Ingi Guðjónsson. Honum var fráleitt skemmt þegar hann hugðist gæða sér á múffu frá brauð- og kökugerðinni Myllunni og fann flugu í sætabrauðinu.

„Þeir sögðu mér að svona kæmi bara oft fyrir, fólk myndi skilja að þetta gæti gerst og buðu mér kökukassa í bætur. Ég sagðist ekki hafa áhuga á því að borða oftar bakkelsi frá þeim,“ segir Davíð. Þess í stað hafði hann samband við heilbrigðiseftirlitið.

Það er Kexverksmiðjan á Akureyri sem framleiðir vöruna fyrir Mylluna. Ingólfur Gíslason, framleiðslustjóri smiðjunnar, segir miklar meindýravarnir vera á staðnum. „Svona hætta er samt alltaf til staðar þegar unnið er með hveiti. Ég veit ekki hvort þetta gerðist hjá okkur eða í Ameríku þar sem uppskriftin er blönduð fyrir okkur. Ég veit að þessum manni voru boðnar hefðbundnar bætur en hann vildi ekki þiggja þær heldur heimtaði utanlandsferð,“ segir Ingólfur. Hann segist ekki hafa áhuga á því að leysa fólk út með skemmtiferðum eða leikjatölvum. „Okkur þykir þetta leitt og munum fara yfir allar varnir,“ bætir Ingólfur við. - kdk



**REIÐUR MEÐ MÚFFU** Davíð Ingi Guðjónsson vildi ekki þiggja kökukassa í bætur fyrir fluguna. FRÉTTABLAÐIÐ/

Ísfirðingar tóku djúpt í árinni:

# Þursar og Jónínur unnu sigur

**ÍSAFJÖRÐUR** Árleg róðrakeppni Menntaskólans á Ísafirði fór fram í gær. Þreyttu kennarar, nemendur og foreldrar kappi á svokölluðum Polli við bæinn.

Fremur kalt var í veðri fyrir vestan og að sögn Bæjarins besta þurfti bátur björgunarsveitarmanna á Ísafirði að brjóta ísinn fyrir keppni, í orðsins fyllstu merkingu. Eftir það hafi keppendur tekið djúpt í árinni og lyktaði leikum með því að í kvennariðli sigruðu Jónínurnar, lið kvenkennara. Í karlariðli sigruðu Þursarnir, lið nemenda, en Pabbarnir, lið foreldra, komu síðastir í mark. - kdk

Verklag við töku þvagsýna:

# Reglur verði samræmdar

**ALÞINGI** Kristján L. Möller samgönguráðherra hefur skipað nefnd sem samræma á reglur um töku þvagsýna. Þetta upplýsti hann í svari við fyrirspurn á Alþingi í gær.



**KRISTJÁN L. MÖLLER**

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, vakti máls á því að í vor hafi lögreglan á Selfossi látið taka þvagprufu úr konu gegn hennar vilja. Hún hvatti til þess að settar yrðu reglur um slíkt, og helst að slíkt yrði bannað, enda ekki þörf á því að beita valdi í slíkum tilvikum.

Kristján sagði afar brýnt að setja samræmdar reglur, lykilatriðið væri að gætt verði að virðingu og mannlegri reisn. - bj

Skýrsla Rannsóknarnefndar umferðarslysa:

# Hvatt til breytinga á vegi við Akranes

**SLYS** Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur gert tillögur að úrbótum við Akrafjallsveg við vegamót Innnesvegar vegna banaslyss sem þar varð í júlí í sumar. Slysið varð með þeim hætti að ökumaður strætisvagns ók í veg fyrir þrjá ökumenn á mótorhjólum; sá sem fremstur var lét lífið.

Meginorsök slyssins telur rannsóknarnefndin vera að bílstjóri strætisvagnsins hafi blindast af sól og því ekið á rangan vegarhelming og á manninn á vélhjólinu. Þá telur nefndin einnig að reynsluleysi ökumanns vélhjólsins hafi verið meðvirkandi þáttur í slysinu.

Í skýrslu um slysið segir að vegamótin séu illa merkt, hæðamismunur við þau mikill og umhverfi þeirra hættulegt ef þar er ekið út af. Þá er bent á að umferð um vegamótin hafi aukist undanfarin ár og að á árunum 2000 til 2006 hafi þar orðið tvö slys og fimm óhöpp. Lagt er til að merkingar verði bættar og jafnvel sett hringtorg á vegamótin. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar standa slíkar breytingar til.

Í skýrslunni er bent á að algengt sé að bílstjórar aki í veg fyrir fólk á vélhjólum hér á landi.

Rannsóknarnefndin bendir þá á mikilvægi þess að ökumenn noti sólskyggni þegar sól er lágt á lofti og hreinsa rúður reglulega en ljóst þykir að óhreinindi á framrúðu strætisvagnsins voru meðvirkandi þáttur í slysinu. - kdk



**MCCANN-FJÖLSKYLDAN SNÝR HEIM** Fjölskyldan var í Portúgal fram í septemberbyrjun og sneri heim skömmu eftir að hjónin fengu stöðu grunaðra. NORDICPHOTOS/AFP

# Maddie hugsanlega dáin

**Foreldrar Madeleine McCann viðurkenna að mögulegt sé að dóttir þeirra sé dáin. Ný auglýsingaherferð er að hefjast 24 vikum eftir hvarf Madeleine.**

**BRETLAND** „Ófugt við það sem haldið hefur verið fram trúum við Kate því ekki að Madeleine sé „líklega“ dáin,“ skrifaði Gerry McCann, faðir Madeleine, í vefdagbók sína í gær. Í dag eru 24 vikur, eða 168 dagar, frá því að Madeleine hvarf af hótelbergi í Portúgal nokkrum dögum fyrir fjögurra ára afmæli sitt.

Gerry McCann sagði í gær að hann og kona sín viðurkenndu að það væri „möguleiki“ á því að Madeleine væri dáin. En hann tók fram að það gæfi þeim von að það væru engin sönnunargögn um að hún hefði orðið fyrir alvarlegum skaða.

Daginn áður birtust í fjölmiðlum fréttir um að McCann-hjónin væru farin að ræða möguleikann á því að Madeleine væri látin. Talsmaður McCann-fjölskyldunnar, Clarence Mitchell, sagði við blaðamenn að „Kate og Gerry [væru] nægilega raunsæ til að vita að það er möguleiki á því að hún [Madeleine] sé dáin“. Móðir Kate, Susan Healy, sagði í samtali við BBC að stöðugt erfiðara væri að sannfæra dóttur sína um að stúlkan myndi finnast en hét því um leið að þau myndu aldrei gefa upp vonina. „Fullt af fólki hefur sagt við mig að barnið hljóti að vera dáið, það er tilfinning fólks. En ég vil ekki vita, ég verð að vona.“

Herferð er að fara af stað þar sem ný veggspjöld með myndum af Madeleine verða hengd upp og birt í fjölmiðlum á Spáni og í Portúgal á næstu vikum. Búist er við því að herferðin muni vara fram til jóla.

Portúgalska lögreglan hefur gefið þremur stöðu grunaðra í málinu. Fyrstur var Bretinn Robert Murat, mánuði eftir hvarf Madeleine. Seinna fengu foreldrar Madeleine bæði stöðu grunaðra eftir að lögregla taldi sig hafa fundið sönnunargögn sem bentu til þess að Madeline hefði verið meidd á hótelherberginu og síðar flutt burt í bílaleigubíl sem hjónin leigðu sér eftir að hún hvarf. sdg@frettabladid.is


# Við borgum þér vextina mánaðarlega

ef þú leggur inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

**Mx12** er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlögn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr.
**Mx12** er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 12,55% - 14,05%.

ENNEMM / SÍA / NM29517

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

KAUPÞING
*Hugsum lengra*


Rússlandsforseti ávarpar þjóð sína í sjónvarpi:

# Milljón spurningar bárust Pútín forseta

**MOSKVA, AP** Yfir ein milljón spurninga til Vladimirs Pútín Rússlandsforseta hafa borist sjónvarpsstöðinni sem sendir út árlegt sjónvarpsávarp Pútíns í dag.

Ávarpið verður hið sjötta í röðinni hjá Pútín frá því hann tók við völdum árið 2000. Efst á baugi verða spurningar um áætlanir hans eftir að seinna kjörtímabili hans lýkur í byrjun næsta árs.

Ávarpið tekur yfirleitt nokkrar klukkustundir þar sem Pútín svarar spurningum fólks hvaðanæva af landinu. Pútín nýtur mikilla vinsælda meðal almennings í Rússlandi. - sdg



**VLADÍMÍR PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI** Má ekki sitja áfram sem forseti eftir seinna kjörtímabil samkvæmt stjórnarskrá. NORDICPHOTOS/AFP




„Ég er sjálfboðaliði vegna þess að ég hef mjög gaman af því og læri mikið af því. Það er auk þess gott að gera gagn.“

Máni Atlason, 22 ára

Rúmlega 100 sjálfboðaliðar sjá um símsvörun Hjálparsíma Rauða krossins 1717 sem er opinn allan sólarhringinn.

spron
er styrktaraðili átaksins

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna ómetanlegt starf sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, mæta neyð og aðstoða þá sem eru hjálparþurfi af einhverjum orsökum. Þú getur gerst sjálfboðaliði, eða lagt okkur lið á annan hátt, í starfi sem leitast við að auka mannúð og bæta samfélag okkar.

**Verkefnin eru gefandi, fjölbreytt og óþrjótandi – vertu með!**

Rauði krossinn
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Fíton/SÍA F1023269 Ljósmynd: Spessi



**FÍLL Á RANANUM** Kona tekur mynd af listaverki af fíl sem heldur sér á lofti á rananum einum saman. Listaverkið er eftir spænska listamanninn Miquel Barcelo og er til sýnis í Les Tuileries-garðinum og Le Grand Palaais-safninu í París í Frakklandi fram til 22. október. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki hefur tekist að finna uppruna sýkingar í átta manns:

# Saurgerlasýking víða um land

**HEILBRIGÐISMÁL** Saurgerlasýkingin, sem greinst hefur í átta manns hér á landi að undanförnu, kom upp víðs vegar um landið. Uppruni hennar er af innlendum toga en ekki hefur tekist að finna hann enn.

„Við erum enn að vinna í þessu máli og freista þess að afla betri upplýsinga,“ segir Guðrún Sigmundsdóttir, yfirmaður sóttvarnadeildar landlæknisembættisins.

Af þeim einstaklingum sem veikst hafa voru þrír á höfuðborgarsvæðinu, tveir á Norðurlandi, einn á Austurlandi og tveir í Vestmannaeyjum. Sjúklingarnir voru á aldrinum tveggja til 61 árs.



**NAUTAKJÖT** Matvælasýkingar eru oftast tengdar afurðum nautgripa. Þær geta einnig tengst öðrum matvælum sem hafa mengast.

Farið hefur verið yfir ítarlegan spurningalista um matvælaneyslu og ferðalög fólksins fyrir veikindin, en það hefur ekki leitt til niðurstöðu um uppruna sýkingarinnar.

„Þessi dreifing sjúklinga um landið segir okkur að þetta sé í vöru sem hefur verið dreift um allt land,“ segir Guðrún. „Við erum því að athuga hvort þetta hefur greinst annars staðar í Evrópu.“

Helsta smitleið saurgerilsins er með menguðum matvælum og vatni. Matvælasýkingar eru oftast tengdar afurðum nautgripa en einnig öðrum matvælum sem hafa mengast. Helsta einkenni sýkingarinnar er niðurgangur, oft blóðugur. **- jss**

Fréttamenn án landamæra:

# Fjölmiðlar eru hvergi frjálsari

**FJÖLMIÐLAR Hvergi hafa fjölmiðlar meira frelsi heldur en á Íslandi og í Noregi samkvæmt lista samtakanna Fréttamenn án landamæra.**

**Næst koma Eistland og Slóvakía í 3. til 4. sæti, svo Belgía, Finnland og Svíþjóð í 5. til 7. sæti og Danmörk, Írland og Portúgal í 8. til 10. sæti.**

**Neðst á listanum er Erítrea í 169. sæti. Þar er einkaaðilum meinað að reka fjölmiðla og blaðamenn sem gagnrýna stjórnvöld eru fangelsaðir.**

**Í næstneðstu sætin raða sér Norður-Kórea, Túrkmenistan, Íran, Kúba og Búrma. - sdg**

Umboðsmaður sjúklinga:

# Embætti umboðsmanns ekki stofnað

**ALÞINGI** Ekki stendur til að stofna embætti umboðsmanns sjúklinga, sagði Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær. Hann viðurkenndi að það geti verið flókið fyrir sjúklinga að þekkja rétt sinn, en nálgast megi þann vanda á marga vegu.



**GUÐLAUGUR Þ. ÞÓRÐARSON**

Þorvaldur Ingvarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, vakti máls á því sem hann kallaði frumskóg af reglum sem sjúklingar og heilbrigðisstarfsfólk eigi erfitt með að henda reiður á, og spurði ráðherra hvort til stæði að stofna embætti umboðsmanns sjúklinga. Eftir svar ráðherra sagðist hann sáttur við niðurstöðu hans. **- bj**

**DJÚPIVOGUR**

### Hvalreki við Þvottárskriður

Átta metra löng andarnefja fannst í sandfjöru rétt austan við Þvottárskriður við Djúpavog í vikunni. Frá hvalrekanum er greint á fréttasíðu Djúpavogshrepps og að þetta sé annar hvalurinn sem finnst á svæðinu á skömmum tíma en í sumar fannst önnur andarnefja í Hvaley en var sú heldur minni.

# Bush forseti í bóndabeygju

**Bandaríkjaþing hefur veitt Dalaí Lama gullorðu og hafði áform um að lýsa morðin á Armenum þjóðarmorð. Hörð viðbrögð kínverskra og tyrkneskra yfirvalda hafa gert Bandaríkjaforseta erfitt fyrir.**

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjaþing, þar sem demókratar eru í meirihluta, hefur undanfarna daga gert sitt besta til að koma George W. Bush forseta í vandræði á alþjóðavettvangi. Bæði kínversk og tyrknesk stjórnvöld hafa brugðist ókvæða við, annars vegar heimboði Dalaí Lama til Bandaríkjanna og hins vegar ályktun þingsins um að fjöldamorðin á Armenum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar skuli teljast þjóðarmorð.

Kínverjar hafa nú þegar hætt við þátttöku í fundi um kjarnorkumál Írana og hóta frekari refsiviðbrögðum. Tyrkir hóta sömuleiðis refsiaðgerðum og utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna segist fastlega gera ráð fyrir að samband Bandaríkjanna og Tyrklands muni versna á næstunni.

**GLÍMA ÞINGS OG FORSETA**

*Repúblikanaflokkur George W. Bush forseta hafði öruggan meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings í sex ár samfleytt, en missti hann í kosningunum síðastliðið haust þegar Demókrataflokkurinn náði yfirhöndinni undir forystu Nancy Pelosi. Síðan þá hefur glíma forsetans við nýja þingmeirihlutann tekið á sig ýmsar myndir.*

Ofan á kröfuna um brotthvarf bandaríska hersins frá Írak, sem Bush þarf reglulega að kljást við, þá gera þessi verk þingsins forsetanum erfiðara fyrir í tafli sínu á alþjóðavettvangi.

Þetta kemur sér sérlega illa fyrir Bush vegna þess að um þessar mundir þarf hann mjög á aðstoð Tyrkja og Kínverja að halda, bæði í stríðinu í Írak og svo til að halda aftur af meintum kjarnorkuáformum Írans og Norður-Kóreu.

Tyrknesk stjórnvöld hafa ávallt neitað því að fjöldamorðin á Armenum hafi verið fyrirfram skipulögð. Engin áform hafi verið um að útrýma armensku þjóðinni og þar af leiðandi geti morðin engan veginn fallið undir skilgreiningu þjóðarmorðs.

Í síðustu viku samþykkti utanríkismálanefnd Bandaríkjaþings samt ályktun þar sem Bandaríkin lýsa því yfir að fjöldamorðin á Armenum skuli teljast þjóðarmorð. Lengi vel þótti flest benda til þess að þingið myndi einnig samþykkja þessa ályktun, en í gær varð ljóst að stuðningsmönnum þess á þingi hafði snögglega fækkað mjög. Bush forseti hafði hvatt þingmenn eindregið til að samþykkja ekki þessa ályktun vegna þess hve tengslin við Tyrkland eru mikilvæg.



**DALAI LAMA Í WASHINGTON** Vel var tekið á móti hinum útlæga leiðtoga Tíbets þegar hann kom til Washington í gær. Sjálfur gerði hann lítið úr viðbrögðum kínverskra stjórnvalda: „Þetta gerist alltaf,“ sagði hann og hló. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínversk stjórnvöld hafa sömuleiðis alla tíð haft horn í síðu Dalaí Lama. Þau líta svo á að með kröfum sínum um sjálfstjórn Tíbets stefni hann að því að grafa undan yfirráðum Kína. Allir útlendingar sem styðja Dalaí Lama eru í augum Kínverja að skipta sér af kínverskum innanríkismálum.

Bandaríkjaþing lét þessa afstöðu Kínverja þó ekki koma í veg fyrir að veita Dalaí Lama í gær gullorðu Bandaríkjaþings, sem er æðsta borgaralega viðurkenning sem þingið getur veitt. Bush forseti var viðstaddur og hafði fyrr um daginn hitt Dalaí Lama, en bauð þó ekki fjölmiðlum að taka myndir eins og þó er oftast gert á sambærilegum fundum. **gudsteinn@frettabladid.is**


# Hlýtt og mjúkt fyrir minnsta fólkið

**Spói**
Ullarlambhúshetta
1.800 kr.





**Spói**
Kláðafrí ullarnærföt
Stærðir 80-92 cm
Bolur 2.100 kr.
Buxur 1.800 kr.



**Valhöll**
Kláðafrí ullarnærföt
Stærðir 80-92 cm
Bolur 3.200 kr.
Buxur 2.500 kr.

66° NORÐUR

REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12
KÓPAVOGUR:
Smáralind
GARÐABÆR:
Miðhraun 11
AKUREYRI:
Glerárgata 32

www.66north.is


Laxnessfjölskyldan taldi sig vita að fylgst var með:

# Staðfestir gamlar grunsemdir

**BÓKMENNTIR** „Fjölskyldan hafði þetta alltaf á tilfinningunni. Það var alltaf eitthvað að þegar þau fóru yfir landamæri og meira vesen en þegar aðrir fóru yfir. Þessar grunsemdir reyndust réttar,“ segir Halldór Þorgeirsson, eiginmaður Guðnýjar, dóttur Halldórs Laxness.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að Chay Lemoine var nýlega neitað um aðgang að ákveðnum leynilegum skjölum FBI um Halldór Laxness. Lemoine benti í því samhengi á skjöl sem hann fékk aðgang að um njósnir frá Íslandi; skeyti þar sem utanlandsferðum Laxness var lýst.

Margt af því sem Lemoine hefur grafið upp kom áður fram í bók Halldórs Guðmundssonar um Nóbelsskáldið.

„Halldór Guðmundsson komst að því að Bjarni Benediktsson bað bandaríska sendiherrann um að hjálpa sér að ófrægja Halldór Laxness,“ segir Halldór Þorgeirsson, sem telur að gögnin sem Lemoine var neitað um „gætu verið gögn sem tengjast Bjarna eða öðrum íslenskum ráðamönnum“.

Hann kveður það styrkja tilgátu sína að utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna hafi komið í veg fyrir að Lemoine fengi gögnin. **- kóþ**



**HALLDÓR LAXNESS KEMUR HEIM** Þegar Laxness kom heim með Nóbelsverðlaunin kom enginn úr ríkisstjórninni að taka á móti honum, segir Halldór Þorgeirsson til marks um samband Nóbelsskáldsins við stjórnvöld.

# Tillsammans er best

Í sitt hvoru lagi erum við góð ... saman erum við frábær samsetning

Fasteignafélagið Stoðir, Keops og Atlas Ejendomme sameinast og mynda eitt stærsta og öflugasta fasteignafélag Norðurlanda.

Saman erum við LANDIC PROPERTY




FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR

KEOPS

ATLAS

LANDIC PROPERTY



**REGNBOGAFÁNINN** Um 200.000 manns söfnuðust saman á Atlantica-breiðstræti í brasilísku borginni Rio de Janeiro vegna hátíðarhalda í tilefni af Gay Pride. Lesbíur, hommar og kynskiptingar kölluðu eftir tækifærum, jafnrétti og virðingu ásamt refsingu til handa þeim sem mismunuðu fólki á grundvelli kynhneigðar. NORDICPHOTOS/AFP

Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa kemur greinargerð REI-manna á óvart:

# Veit ekki hverjum hún trúir

**STJÓRNMÁL** „Ég veit ekki hverjum ég á að trúa í þessu máli,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, þegar hún er spurð að því hvort hún trúi Bjarna Ármannssyni eða Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni. Þeim ber ekki saman um hvort fyrrverandi borgarstjóri hafi verið upplýstur um samningslengd Orkuveitunnar og Reykjavík Energy Invest.

„Greinargerðin kemur mér á óvart þar sem það vantar inn í hana. Það vantar fundi sem ég veit að áttu sér stað,“ segir Þorbjörg Helga um greinargerð frá Bjarna Ármannssyni, stjórnarformanni REI, Hauki Leóssyni, stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur, og Hjörleifi B. Kvaran, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi tekur í sama streng.



**VILHJÁLMUR EKKI TRÚVERÐUGUR** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks treysta oddvita sínum misvel.

„Ég er búinn að lesa þessa skýrslu og hún er ekki tæmandi. Ég veit af fleiri fundargerðum,“ segir Gísli Marteinn og segist ekki þurfa að halda með neinum í þessu máli.

Jórunn Frímannsdóttir borgarfulltrúi segist taka greinargerðinni eins og hún sé.

„Það er hræðilegt að þetta sé að koma í ljós núna. Ég trúi í sjálfu sér kannski bara báðum. Ég efast ekkert um að þeir hafi gert þetta minnisblað. En ég veit ekki til þess að Vilhjálmur hafi reynst annað en heiðarlegur.“ - eb

Hjúkrunarfræðingur á LSH:

# Tilfærsla í starfi var dæmd ógild

**DÓMSMÁL Ákvörðun sviðsstjóra geðsviðs Landspítala um að flytja hjúkrunarfræðing sem starfaði þar í annað starf hefur verið dæmd ógild í Héraðsdómi Reykjavíkur.**

**Héraðsdómur hafði áður vísað þessu máli frá en Hæstiréttur felldi þann dóm úr gildi og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar.**

**Í niðurstöðu héraðsdóms nú segir að tilfærsla hjúkrunarfræðingsins í starfi „hafi verið meira íþyngjandi fyrir hana en efni stóðu til. Þannig var ákvörðunin haldin verulegum annmörkum og fól hún í sér brot gegn æru og persónu stefnanda.“** - jss

Harmar gagnrýni á umönnun:

# Ábendingar verða kannaðar

**VELFERÐARMÁL** „Ég harma að fólk hafi slæma upplifun af Droplaugarstöðum og mér finnst sjálfsagt að skoða allar ábendingar,“ segir Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Tilefnið er gagnrýni hjúkrunarfræðings og formanns aðstandendafélags hjúkrunarheimilisins á Droplaugarstöðum á sparnaði í mat og umönnun við gamla fólkið, en hún birtist í Fréttablaðinu á mánudag.

Stella segir miklar breytingar hafa orðið á heimilinu. Í fyrra hafi húsnæði þess verið stækkað og allir íbúar fengið einbýli, samhliða hafi verið unnið að breyttu fyrirkomulagi þjónustunnar og fjölda stöðugilda.

Fyrr í mánuðinum greindi Ingibjörg Þórisdóttir, forstöðumaður Droplaugarstaða, frá því í fréttum RÚV að dregið hefði verið úr þjónustu vegna fjárskorts. Stella segist engar upplýsingar hafa fengið um slíkar aðgerðir eða annan niðurskurð. - kdk

Viðrögð vegna fuglaflensu:

# Semja um kaup á bóluefni

**HEILBRIGÐISMÁL Í burðarliðnum er samningur íslenskra heilbrigðisyfirvalda við lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline um kaup á 10.000 skömmtum af bóluefni gegn fuglaflensu. Þetta kemur fram í nýjum Farsóttafréttum frá sóttvarnalækni.**

**Bóluefnið verður til taks hér á landi ef veiran greinist hér. Samningurinn, sem gildir í þrjú ár, býður einnig upp á kaup á fleiri skömmtum, kjósi heilbrigðisyfirvöld það.**

**Íslendingar hafa með samningi við GSK tryggt sér kaup á 300.000 skömmtum af bóluefni þegar heimsfaraldur inflúensu ríður yfir.** - jss

# Efla þarf félagslega þáttinn

**Markmið nefndar um húsnæðismál er að finna lausn á brýnasta vandanum. Skýr pólitískur vilji er fyrir hækkun húsaleigubóta. Ekki er ljóst hvernig komið verður til móts við þá verst settu á fasteignamarkaði.**

**FÉLAGSMÁL** Frá því að lögum um húsnæðismál var breytt árið 1998 hefur fasteignamarkaðurinn og leigumarkaðurinn tekið stakkaskiptum. Fram kemur í nýrri skýrslu félagsmálaráðuneytisins að staða þeirra tekjulægstu í samfélaginu og þeirra sem kaupa í húsnæði í fyrsta sinn sé afar slæm.

Nefnd var skipuð um málið sem skila á tillögum til ráðherra fyrir 1. nóvember næstkomandi.

„Nefndinni er ætlað að móta tillögur sem miða að því að efla hinn félagslega þátt húsnæðislánakerfisins og lánveitingar til fólks undir skilgreindum eigna- og tekjumörkum. Samhliða því þarf að skilja með skýrari hætti á milli almennra og félagslegra lánveitinga og er hlutverk nefndarinnar meðal annars að tryggja aðgengi að lánsfé fyrir þá sem eru að kaupa húsnæði í fyrsta sinn, íbúa á landsbyggðinni og lágtekjufólk,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður nefndarinnar.

„Markmið okkar er að finna lausnir til leysa brýnasta húsnæðisvandann.“

Stjórnvaldsaðgerðir sem geta haft áhrif á fasteignamarkaðinum snúa meðal annars að lögum um lánakjör Íbúðalánasjóðs og að vaxtabótum. Haft var eftir félagsmálaráðherra að hægt væri að afnema viðmið við brunabótamat hjá Íbúðalánasjóði og er skýr pólitískur vilji fyrir hækkun húsaleigubóta. Það liggur þó ljóst fyrir að helsta hagstjórnartækið er að slá á þenslu í samfélaginu og má því gera ráð fyrir hófsömum tillögum frá húsnæðisnefndinni.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við fjármálaráðherra vildi hann ekki tjá sig um mögulega hækkun vaxtabóta. Sagðist hann hafa sent húsnæðisskýrslu félagsmálaráðherra til yfirferðar hjá fjárreiðu- og eignaskrifstofu ráðuneytisins.

Önnur aðgerð sem nefnd hefur verið í þessu samhengi er að efla úrræði sem eru á milli leigu- og eignarmarkaðar, líkt og tíðkast á Norðurlöndum og félög á borð við Búseta og Búmenn bjóða upp á hér á Íslandi. eva@frettabladid.is



**HÚSNÆÐISMARKAÐUR** Staða þeirra tekjulægstu í samfélaginu og þeirra sem kaupa húsnæði í fyrsta sinn er afar slæm.

## SVÍÐUR AÐ GETA EKKI SINNT SÍNUM HÓPI

„Við höfum verið að berjast fyrir því í fjölda ára að þessu úrelta viðmiði við brunabótamat verði hætt og við fáum að lána samkvæmt markaðsverði,“ segir Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði.

„Tenging við brunabótamat var aldrei hugsuð sem almenn takmörkun á lánsfjárhæð Íbúðalánasjóðs, enda var brunabótamat yfirleitt hærra en fasteignaverð þar til að fasteignaverð fór að hækka í kringum árið 2000. Síðan þá hefur Íbúðalánasjóður ekki getað sinnt þeim sem hann á að sinna. Stjórnvöld hafa kosið að hafa þetta svona og talið að á þennan hátt sé hægt að halda niðri þenslu. Hlutur Íbúðalánasjóðs í þenslunni er þó óverulegur.



**HALLUR MAGNÚSSON**

Eðlilega svíður okkur í Íbúðalánasjóði að geta ekki sinnt okkar hópi, fyrstu kaupendum og tekjulágu fólki. Ef koma á til móts við þá sem eiga ekki nægt eigið fé er nauðsynlegt að afnema viðmið við brunabótamat, hækka hámarkslán í takt við fasteignamarkað og hækka lánshlutfallið í 90 prósent.“

## OF MIKLAR ARÐSEMISKRÖFUR

„Við bjóðum að minnsta kosti eina leið. Því miður getum við ekki sinnt þeim kúnnum sem við viljum. Að mínu mati er ekki mikið svigrúm fyrir markaðinn til að þjóna þessum hópi,“ segir Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta.

„Þó svo að félag eins og okkar byggi hagkvæmt er fjármagnskostnaður það hár að fólk með lægstu launin ræður ekki einu sinni við það. Sveitarfélögin bera mikla ábyrgð á þessu. Þau hafa hækkað lóðaverð, sem hefur hækkað fasteignaverð. Þá þarf að taka hærra lán. Ávöxtunarkrafa allra aðila í ferlinu hangir saman við háa vexti. Allir miða sig við háa vexti og álagning verður alls staðar mikil. Menn eru orðnir gráðugir og eru farnir að gera svo mikla arðsemiskröfu.



**GÍSLI ÖRN BJARNHÉÐINSSON**

Búseturéttarformið er ein leið til að auka val á húseignamarkaði. Ef allar forsendur á markaði eru eðlilegar liggur í augum uppi að það er alltaf ódýrara að leigja hjá félagi sem er rekið án hagnaðarsjónarmiða heldur en hjá félagi sem gerir nákvæmlega það sama í hagnaðarskyni.“

„Ekki myndi ég þurfa að hugsa mig tvisvar um ef einhver ætlaði að gefa mér 4.620.554 kr.*“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.

Landsbankinn

GOTT FÓLK

*Mótframlag fyrir skatta við 60 ára aldur, m.v. 28 ára einstakling með 250.000 kr. í mánaðarlaun. Lokaineign fyrir skatta er 13.861.661 kr.

Hlýnandi loftslag í Ölpunum:

## Viðbrögð rædd við snjóleysi

**AUSTURRÍKI, AP Um 400 manns frá 20 löndum eru nú saman komnir á ráðstefnu í austurrísku Alpaborginni Innsbruck til að ræða hvernig bregðast skuli við hlýnandi loftslagi og snjóskorti á hefðbundnum skíðadvalarstöðum.**

**„Það er of seint að beita fyrirbyggjandi aðgerðum,“ segir Eric Veulliet, forstöðumaður Alpamiðstöðvar gegn náttúruvá (alpS-Centre for Natural Hazard Management), sem er einn þeirra aðila sem standa að ráðstefnunni. Loftslagsbreytingar og hlýnandi, snjóléttir vetur séu staðreynd sem þurfi að finna skynsamlegar leiðir til að bregðast við.** - aa

Lyfjafyrirtæki bauð upp á kennslu í brjóstakrabbameinsleit:

# Konur leiti sjálfar að brjóstakrabbameini

**HEILBRIGÐISMÁL** „Konur eru duglegar að mæta í Leitarstöð Krabbameinsfélagsins en þær eru ekki duglegar að leita sjálfar,“ segir Valdís Beck, markaðsfulltrúi lyfjafyrirtækisins Ross, sem vakti athygli á brjóstakrabbameini í Smáralind á föstudag og bauð konum kennslu í að leita að krabbameini.

Tvö þúsund íslenskar konur sem greinst hafa með brjóstakrabbamein eru enn á lífi og í kjölfar tækniframfara á sviði meðferðarúrræða eru nú um 90 prósent líkur á því að kona sé enn á lífi fimm árum eftir að hún greinist með brjóstakrabbamein.

„Við styrkjum Krabbameinsfélagið á ýmsan hátt og að þessu sinni vildum við vekja athygli á mikilvægi þess að konur leiti sjálfar að brjóstakrabbameini. Við byggðum táknrænar súlur úr Lego-kubbum. Hæsta súlan, byggð úr tvö þúsund kubbum, táknar konurnar sem greinst hafa með krabbamein og eru enn á lífi. Sú næststærsta táknar þær 175 konur sem greinast með krabbamein ár hvert. Sú minnsta, sem varla er hægt að kalla súlu, táknar þær konur sem deyja árlega af völdum sjúkdómsins.“ Í októbermánuði ár hvert er vakin athygli á brjóstakrabbameini. Þá er boðið upp á fræðslu um sjúkdóminn og konur hvattar til að nýta sér boð Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins um röntgenmyndatöku. - eb



**MIKILVÆGT AÐ LEITA SJÁLF** 175 konur greinast árlega með krabbamein og er mikilvægt að meinið finnist sem fyrst.



**UNDIRRITUN** Utanríkisráðherra Portúgals og forsætisráðherra Svartfjallalands skiptast á eintökum af samningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðamenn í Svartfjallalandi:

## Semja um samstarf við ESB

**LÚXEMBORG, AP** Ráðamenn Svartfjallalands og Evrópusambandsins undirrituðu á mánudag ítarlegan samstarfssamning, sem er í raun samningur um undirbúning Svartfjallalands fyrir aðild að ESB.

Zeljko Sturanovic, forsætisráðherra Svartfjallalands, sagðist vonast til þess að á fyrri hluta næsta árs geti land hans lagt fram formlega aðildarumsókn.

Luiz Abado, utanríkisráðherra Portúgals, sem undirritaði samninginn fyrir hönd ESB, sagði hann mikilvægan áfanga að stöðugleika á vestanverðum Balkanskaga. - gb




**FRAMVÍSIÐ AÐGÖNGUHEIMILD** Kona gengur inn í þinghúsið um aðgang sem er bara fyrir útvalda.

Deilur í breska þinginu:

## Þingmenn fá forgang í raðir

**LONDON, AP Breskir þingmenn hafa gefið sjálfum sér forgang í biðraðir á veitingastöðum, salernum og í lyftur í breska þinginu.**

**Skilti hafa verið hengd upp sem kveða á um þennan forgang og voru skilaboð send til starfsfólks um að gera ráð fyrir bið þegar búast mætti við að margir þingmenn nýttu sér þjónustu.**

**Þetta hefur skapað mikla reiði meðal húsvarða, kokka, ritara og aðstoðarmanna í þinghúsinu. „Þegar þingið er að reyna að nútímavæðast er þetta eins og að hverfa aftur til miðalda,“ sagði Kevin Flack, aðstoðarmaður í þinginu.** - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tvítugur með kannabis

Piltur um tvítugt var handtekinn í miðborginni síðdegis í fyrradag. Í íbúð hans fundust um 50 grömm af kannabisefnum. Þá voru tveir karlmenn handteknir í Kópavogi í fyrrakvöld, sömuleiðis grunaðir um fíkniefnamisferli.



ISIG geit H20 cm

# 195,-



© Inter IKEA System B.V. 2007

Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf,
rauðkáli og grænum baunum



690,-

# Jólin
## þín byrja í IKEA

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

## „ORÐRÉTT“

### *Hættur og farinn*

**„Megi guð og góðar vættir fylgja ykkur inn í framtíðina. Snæhólm has left the building.“**

JÓN KRISTINN SNÆHÓLM, FYRRVERANDI AÐSTOÐARMAÐUR BORGARSTJÓRA, KVADDI SAMSTARFSFÓLK SITT Í RÁÐHÚSINU MEÐ SKEMMTILEGUM TÖLVUPÓSTI.
**Fréttablaðið, 17. október.**

### *Ekki gott í fótbolta*

**„Við vorum engan veginn á tánum og skutum okkur sjálfa í fótinn.“**

EYJÓLFUR SVERRISSON, ÞJÁLFARI LANDSLIÐSINS Í KNATTSPYRNU, TALAR UM LEIKINN GEGN LETTLANDI SÍÐASTLIÐINN LAUGARDAG.
**Fréttablaðið, 17. október.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SESSELJA ÁSGEIRSDÓTTIR VERKEFNISSTJÓRI

## *Finnur störf fyrir eldri borgara*



„Það er bara allt í fullum gangi. Ég er að skoða störf fyrir fólk. Það er mjög mikið hringt þrátt fyrir að það sé lítið auglýst,“ segir Sesselja Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg.

„Í dag réðum við í fimm störf í leikskólum og við umönnun. Það sem ég hafði mestan áhuga á að vita var hvort fólk yfir sjötugu myndi nýta sér þann möguleika að vinna sér inn pening án þess að það kæmi til skerðingar á tryggingabótum og komið hefur í ljós að meirihluti þeirra sem hafa samband eru yfir sjötugt, sem langar bara að vinna stutt og við eitthvað skemmtilegt. Það sem er í boði eru fjölbreytt og áhugaverð störf.

Ég bjóst alveg eins við því að fólk myndi fussa yfir þessu. Mörgum þykir að fólk yfir sjötugu eigi ekki að vinna heldur vera heima að hvíla sig. En ég er ekki að reka fólk út á vinnumarkaðinn. Ég held bara að það sé þörf á aðstoð við eldri borgara sem vilja vera á vinnumarkaðnum.

Ég hef orðið vör við að yngra fólk, undir sextugu, hefur líka áhuga á að tala við okkur. Það er allt í lagi að hafa þetta opið. Þetta er skrifstofa sem Reykjavík opnaði því það vantar fólk í störf og við förum ekki í manngreinarálit. Það eiga ekki allir tölvu og geta kynnt sér þau störf sem í boði eru.

Það hafa ekki allir ákveðið sig, en nokkrir eru tilbúnir til að hefja störf á næstu dögum. Það eina sem vantar er starfshæfnisvottorð, uppáskrift frá lækni um að þeim sé treystandi til að fara að vinna.“

## KÚLUPENNINN: MERKILEG UPPFINNING



■ Pennar og önnur skriffæri hafa verið til síðan um þrjú þúsund árum fyrir Krist, en kúlupenninn sem László Bíró fann upp árið 1938 bylti pennaheiminum. Fyrir þann tíma voru sjálfblekungar helst notaðir til skrifta, en þá þurfti stöðugt að fylla af bleki sem þornaði seint. Bíró vildi breyta þessu og prófaði að nota dagblaðablek, sem þornaði fljótt, í sjálfblekung en það var of seigfljótandi til að renna í oddinn. Til að leysa það vandamál bætti hann við agnarsmárri kúlu. Þegar pennanum var rennt eftir blaðinu snerist kúlan, sótti blek í blekhylki pennans og skilaði því á blaðið.

## SJÓNARHÓLL
**FRUMVARP UM FRJÁLSA ÁFENGISSÖLU**



**HAFÞÓR YNGVASON** Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

### *Hægt að stjórna sölunni*

„Ég bjó lengi í Boston í Bandaríkjunum og þar er áfengissala í verslunum, ekki kannski í öllum en í stórum mörkuðum. Mér fannst það gera sig vel. Það var ekki eins og starfsfólk missti stjórn á sölunni. Áfengissalan var lokuð á sunnudögum og eftir ákveðinn tíma á kvöldin. Ef afgreiðslufólkið var ekki orðið nógu gamalt fékk það ekki einu sinni að snerta flöskurnar þannig að það var sterkt eftirlit með þessari starfsemi og ábyggilegt að það var engin hætta á misnotkun. Ég efast ekki um að það sé hægt að stjórna þessu hér líka,“ segir Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

# Sjúklingum fjölgar dag frá degi

**Pólskur læknir vinnur nú við afleysingar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Mikill skortur er á kvensjúkdómalæknum á svæðinu og var brugðið á það ráð að auglýsa í pólsku læknablaði. Fjölmargar pólskar konur hafa leitað til hans.**



**ROBERT GARDOCKI** Segir íslenskar konur vera heilbrigðar og þjást af færri fylgikvillum á meðgöngu heldur en kynsystur þeirra í Evrópu.

„Þetta er alveg ný reynsla og allt öðruvísi kerfi heldur en í Póllandi. Það er mjög gaman að kynnast því,“ segir Robert W. Gardocki, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir frá Varsjá, sem starfar sem afleysingalæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í tvær vikur. Hann hyggst koma aftur til Íslands og dvelja þá lengur í hvert sinn.

„Ástæðan fyrir því að ég hef ákveðið að koma aftur til Íslands er að ég fékk svo marga sjúklinga,“ segir hann og hlær. „Það er alveg greinilegt að það vantar kvensjúkdómalækna því sjúklingum mínum fjölgar með degi hverjum. Um helmingur sjúklinganna eru pólskar konur sem búa hér í nágrenninu. Þær eru mjög fegnar að geta talað móðurmál sitt við lækni. Það er því kannski ákveðið jafnrétti fólgið þessu líka.“

Spurður um muninn á því að vinna á pólsku sjúkrahúsi í tveggja milljóna borg og á Selfossi segir hann muninn gríðarlegan.

„Það sem ég hef helst tekið eftir er að á Íslandi er mjög heilbrigt samfélag og hér eru ekki eins margir sjúkdómar og í Póllandi. Ég held að sú staðreynd að fiskur er oft á borðum sé eitt lykilatriði, en líka lífsstíllinn og umhverfið. Fólk vinnur ekki eins mikið og við gerum í Póllandi, ekki eins margar klukkustundir á dag.“

Nokkur munur er á pólskum sjúklingum Roberts eftir því hversu lengi þeir hafa búið á Íslandi. Þeir sem hafa búið lengi eru svipaðir Íslendingum, en þeir sem hafa dvalið stutt í landinu eiga við svipuð heilbrigðisvandamál að stríða og þekkjast í Póllandi.

„Ég sé mun á barnshafandi konum. Í Evrópu eru fleiri fylgikvillar á meðgöngu. Þær sem hafa dvalið stutt á Íslandi hafa til dæmis sömu streitueinkenni og eru algeng í Evrópu. Lífsstíll skiptir sköpum og hefur mikil áhrif á meðgönguna.“

Sú staðreynd hlýtur að vekja spurningar um hvort íslenskir læknar séu færir um að meðhöndla fólk af erlendum uppruna sem nýkomið er til landsins.

„Allir íslensku læknarnir sem ég hef hitt fóru í sérnám til Evrópu eða Bandaríkjanna. Þeir ættu því að þekkja vel til og búa yfir þeirri reynslu sem þarf.“

Roberti þykir lífið á Selfossi afslappandi og gott. Hann hefur þegar hafið íslenskunám og vonast til þess að fjölskylda hans komist með í næstu ferð til Íslands.

**eva@frettabladid.is**


## Skál fyrir því!



» Sumar skálar geta ekki sleppt matnum. Það eru skálarnar sem skilja eftir bragð í matnum svo þú gleymir þeim ekki. Rösle skálarnar vita betur, enda eru þær úr ryðfríu stáli sem tryggir hreinlætið. Svo eru þær líka bara svo glampandi flottar.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is


Fjallabyggð auglýsir byggð fyrir frumkvöðla:

# Borgarbúar boðnir velkomnir

Sveitafélagið Fjallabyggð sendi 16.000 íbúum höfuðborgarsvæðisins kynningarbækling, þar sem taldir eru upp helstu kostir byggðarinnar.

Markhópurinn var fólk á aldrinum 25 til 45 ára og hvetur bæjarstjóri Fjallabyggðar frumkvöðla til að flytjast norður.

„Við viljum vekja athygli á okkur hérna nyrst á Tröllaskaganum. Með tilkomu minnkunar kvóta verðum við að finna eitthvað annað að gera. Við viljum standa við bakið á frumkvöðlum og þeim sem vilja gera eitthvað annað heldur en vinna í fiskvinnslu,“ segir Þórir Kr. Þórisson.

Rúmlega þrjátíu starfsmönnum í rækjuvinnslu Ramma á Siglufirði var sagt upp störfum í sumar og taka uppsagnirnar gildi hinn 1. nóvember næstkomandi. Bæjarstjórinn segir íbúa Fjallabyggðar þó ekki gefast auðveldlega upp.



**SIGLUFJÖRÐUR** Bæjarstjóri segir íbúa Fjallabyggðar ekki gefast upp þrátt fyrir bakslag vegna kvótaskerðingar.

„Við héldum nýlega fjölmennan íbúafund þar sem komu fram gríðarlega margar hugmyndir að nýrri atvinnustarfsemi. Um 350 manns mættu og áreiðanlega jafnmörgum hugmyndum var skilað inn. Hugmyndirnar eru mikið í áttina að ferðaþjónustu, útivist og heilbrigðisstarfsemi.“

**- eb**

INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR

# TÆMUM PLANIÐ!

## ALLT Á AÐ SELJAST. FRÁBÆR TILBOÐ!





### Nissan **Navara** 35”

**Ekinn 37 þús. Nýskr. 10/05. Dísel.**
Klár á fjöll.

**2005** Sjálfskiptur — **3.520.000 kr.**



### Nissan **Patrol** Elegance

**Ekinn 2 þús. Nýskr. 09/07. Dísel.**
35” breyttur. NÝR BÍLL!

**2007** Sjálfskiptur — **5.390.000 kr.**



### Nissan **Murano**

**Ekinn 24 þús. Nýskr. 12/05. Bensín.**
Glæsilegur bíll.

**2005** Sjálfskiptur — **4.690.000 kr.**



### Nissan **Pathfinder** SE AT

**Ekinn 6 þús. Nýskr. 06/07. Dísel.**
33” breyting.

**2007** Sjálfskiptur — **4.890.000 kr.**

### Tilboðsbílar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NISSAN TITAN | 2005 | Ssk | 40 þ. km | ~~3.480.000~~ | 2.800.000 |
| CHEVROLET TRAILBLAZER | 2004 | Ssk | 48 þ. km | ~~3.380.000~~ | 2.780.000 |
| RENAULT SCENIC | 2006 | Ssk | 8 þ. km | ~~2.350.000~~ | 1.950.000 |
| FORD FOCUS C-MAX | 2006 | Ssk | 32 þ. km | ~~2.260.000~~ | 1.900.000 |
| OPEL ASTRA 1.8 | 2006 | Ssk | 11 þ. km | ~~1.890.000~~ | 1.550.000 |
| JEEP CHEROKEE | 2003 | Ssk | 64 þ. km | ~~2.320.000~~ | 1.990.000 |
| NISSAN X-TRAIL SPORT | 2005 | Ssk | 21 þ. km | ~~2.580.000~~ | 2.280.000 |
| HYUNDAI SANTA FE | 2004 | Bsk | 53 þ. km | ~~2.090.000~~ | 1.790.000 |
| FORD ESCAPE | 2004 | Ssk | 53 þ. km | ~~2.390.000~~ | 2.090.000 |
| RENAULT LAGUNA | 2003 | Ssk | 57 þ. km | ~~1.590.000~~ | 1.290.000 |
| FORD FOCUS | 2005 | Ssk | 26 þ. km | ~~1.970.000~~ | 1.690.000 |
| NISSAN X-TRAIL SPORT | 2005 | Ssk | 27 þ. km | ~~2.540.000~~ | 2.290.000 |
| SUBARU FORESTER LUXURY | 2004 | Ssk | 98 þ. km | ~~1.780.000~~ | 1.550.000 |
| OPEL ZAFIRA COMFORT | 2000 | Bsk | 116 þ. km | ~~880.000~~ | 650.000 |
| FORD FOCUS | 2004 | Ssk | 82 þ. km | ~~1.220.000~~ | 990.000 |
| SUBARU LEGACY WAGON | 1998 | Ssk | 160 þ. km | ~~580.000~~ | 380.000 |
| NISSAN PRIMERA COMFORT | 2002 | Bsk | 96 þ. km | ~~750.000~~ | 550.000 |
| FORD FOCUS | 2002 | Ssk | 81 þ. km | ~~1.060.000~~ | 860.000 |
| OPEL CORSA COMFORT | 2001 | Ssk | 60 þ. km | ~~670.000~~ | 490.000 |



### Volvo **S60**

**Ekinn 18 þús. Nýskr. 11/05. Bensín.**
Einn með öllu!

**2005** Sjálfskiptur — **3.360.000 kr.**



### Saab **9-3** Linear 2.0

**Ekinn 20 þús. Nýskr. 04/06. Bensín.**

**2006** Sjálfskiptur — **2.850.000 kr.**

## DEKKJADAGAR Í OKTÓBER!

Ef þú kaupir notaðan bíl hjá okkur í október færðu heilsársdekk í kaupbæti. Komdu strax í dag, skoðaðu úrvalið og aktu heim á frábærum bíl sem er tilbúinn fyrir vetraraksturinn. Við tökum vel á móti þér!



**INGVAR HELGASON**
Sævarhöfða 2 Reykjavík | Óseyri 5 Akureyri | Holtsgötu 52 Reykjanesbæ | Sími 525 8000 | www.ih.is
Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM30271

## Svona erum við

> Neysla á chilesku rauðvíni í lítrum.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HARÐAR DEILUR ERU UM ORKUVEITU REYKJAVÍKUR OG HLUTVERK HENNAR

# *Fyrirtækið sem sprengdi borgarstjórn*

Orkuveita Reykjavíkur er þessar vikurnar í miklum sviptivindi vegna samninga um sameiningu dótturfyrirtækis síns, Reykjavík Energy, við fyrirtækið Geysir Green Energy í nýja félagið REI.

**Hver á Orkuveituna?**
Að því er kemur fram á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur er hún sjálfstætt þjónustufyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar, Akranesbæjar og Borgarbyggðar. Dótturfélög Orkuveitunnar eru Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar og Gagnaveita Reykjavíkur auk þess sem fyrirtækið er stærsti hluthafinn í REI.

**Hvert er hlutverk Orkuveitunnar?**
Meginviðfangsefni Orkuveitunnar er að dreifa rafmagni og heitu vatni til húshitunar og köldu vatni til neyslu og brunavarna.

**Hvaðan kemur vatnið og rafmagnið?**
Stærsti hluti raforkunnar er keyptur frá Landsvirkjun en nokkur hluti hennar er unninn í orkuverum Orkuveitunnar sjálfrar. Jarðvarmi er unnin úr jörðu í Mosfellsbæ og Reykjavík og jarðgufa í Nesjavallavirkjun. Heitt vatn kemur einnig frá Hitaveitu Akraness. Kalt vatn fær Orkuveitan úr borholum í Heiðmörk og úr vatnsbólum við Akrafjall.



**Hverjir stýra Orkuveitunni?**
Forstjóri Orkuveitunnar er Hjörleifur Kvaran. Formaður stjórnar fyrirtækisins er Haukur Leósson en Bryndís Hlöðversdóttir hefur verið kjörin til að setjast í stól hans á næsta stjórnarfundi. Hún mun gegna formennskunni þar til sérstakri skoðun borgarstjórnar á fyrirtækinu lýkur. Þá verður Sigrún Elsa Smáradóttir formaður stjórnarinnar.

## SPURT & SVARAÐ
MUNNTÓBAKSNEYSLA

### *Um 3.700 neytendur*



**VIÐAR JENSSON**
Verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð

Lýðheilsustöð hefur kynnt nýtt verkefni um munntóbaksneyslu, til að vekja ungt fólk til umhugsunar um skaðsemi þess. Viðar Jensson er verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð.

**Neyta margir munntóbaks á Íslandi?** Það eru um 3.700 manns sem nota það daglega samkvæmt könnun Gallup. En markhópurinn er þröngur; nær eingöngu ungir karlmenn. Konur ná hins vegar ekki prósenti.

**Er munntóbaksneysla í tísku?** Í sumum löndum þekkist hún ekki, en á Íslandi hefur hún farið vaxandi, því miður. Munntóbak hefur verið ólöglegt hér frá 1997, samkvæmt tilskipun frá ESB.

**Er munntóbak ekki minna skaðlegt en reykingar?** Það getur vel verið að það sé minna skaðlegt en þá ber að athuga að það er fátt jafn hættulegt og að reykja! Það ætti því ekki að bera þetta saman við reykingar. Nær væri að bera þetta saman við að nota ekki munntóbak.

# ASÍ heldur áfram með kannanir

**Hagar hafa ákveðið að meina Verðlagseftirliti ASÍ að gera verðkannanir í verslunum sínum. ASÍ ætlar að vinna eftir sínum eigin leikreglum ef verslanir sýna ekki samstarfsvilja. Talsmenn neytenda og viðskiptaráðherra telja að deiluaðilar eigi að setjast niður og komast að samkomulagi. Talsmaður neytenda er tilbúinn til að gera sitt ef eftir því verður leitað.**



**FÁ EKKERT AÐ VITA** Verðlagseftirlit ASÍ ætlar að halda áfram að gera verðkannanir þó að Hagar meini eftirlitsmönnum ASÍ að koma inn í verslanir sínar þegar þeir eru merktir Verðlagseftirlitinu. „Ef ekkert samstarf verður um það þá fá þeir ekki að vita hvaða vörur við erum að taka,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ágreiningur er milli Samtaka verslunar og þjónustu, SVÞ, Haga og Alþýðusambands Íslands, ASÍ, um framkvæmd könnunar sem Verðlagseftirlit ASÍ gerði nýlega. Finnur Árnason, forstjóri Haga, hefur gagnrýnt ASÍ fyrir óvönduð vinnubrögð og segir eftirlitsmennina bera saman epli og appelsínur. Ekki verði gripið til handalögmála og aldrei muni standa á Högum að ræða málin en eftirlitsmönnum ASÍ verði meinað verðlagseftirlit í verslunum Haga meðan dómkvaddir menn skera úr um það hversu áreiðanleg vinnubrögð ASÍ séu.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, telur Haga stundum vera með áróðursherferð. „Ábyrgðin á verðtöku er gagnkvæm. Þegar við tökum verð fara verslunarstjórar yfir verðið og kvitta fyrir að það sé rétt,“ segir hann og viðurkennir að mistök hafi stundum átt sér stað. „Við höfum alltaf sagt að við erum ekki óskeikul í þessu frekar en þeir.“

Gylfi segir að deilan hafi stigmagnast frá því að verðstríðinu lauk 2005. ASÍ hafi talið mikilvægt að verðstríðið hafi varanleg áhrif fyrir neytendur. Aðhaldi hafi verið fylgt eftir og deilur um framkvæmdina spunnist upp.

### Verður að nefna búðina

„Samkomulag var við SVÞ um sömu reglur fyrir alla. Fyrir utan kröfu um að við hættum að birta tölur fyrir einstakar verslanir og reikna út meðalverð á einstakri vöru þá hafa fáar tillögur komið um það með hvaða hætti þetta gæti verið öðruvísi en gagnrýnin hefur verið gríðarleg. ASÍ hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að Bónus sé ódýrasta verslunin og alla tíð viljað finna leikreglur sem hentar báðum aðilum. En þetta er verðlagseftirlit og ætlast er til þess að fólk átti sig á því hvaða verðlag er í búðum. Maður verður að nefna búðina.“

Sigurður Þ. Jónsson, framkvæmdastjóri SVÞ, segir að löngu sé ljóst að ekkert samkomulag sé um verklagsreglur. „Við erum búnir að gefa þetta frá okkur. Við teljum að alltof mikil athygli sé á matvörunni sem er ekki nema tólf prósent af útgjöldum heimilanna. Það ætti að snúa sér að 88 prósentunum og skoða hvar verðbreytingar eiga sér stað. Við teljum þá umræðu miklu þroskaðri og áhugaverðari en að þrátta um það hvað ákveðin vara kostaði í síðustu viku í einhverri búð,“ segir hann.

### Fráleitt að meina kannanir

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra er fylgjandi verðlagseftirliti og bendir á að ASÍ sé frjálst að sinna því. „Ég hvet þá eindregið til að ná niðurstöðu í þessu máli,“ segir hann og telur fráleitt að meina ASÍ að gera kannanir. „Verðkannanir skipta miklu máli. Með þeim geta neytendur fylgst með verðlagsþróun og valið verslanir eftir verði. Bónus varð stórveldi af því að almenningur vissi að þar var að finna vöru á lágu verði,“ segir hann.

Talsmenn neytenda telja að verðlagseftirlitið skipti miklu máli. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir það liggja í augum uppi að verðkannanir hafi gildi fyrir almenning. Almenningur hafi ekki tíma eða aðstöðu til þess í dagsins önn að bera saman verð á vörum til daglegs brúks. „Gildi þessara verðkannana er nokkuð augljóst og nauðsynlegt að þær haldi áfram,“ segir hann.

Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir að viðbrögð verslunarinnar valdi sér vonbrigðum. Ekkert vafamál sé að verðkannanir séu mikilvægar, þær ýti undir samkeppni og hafi jákvæð áhrif á verðlag í landinu. „Ég væri ósáttur við að verslunin kæmist upp með að stoppa slíkar kannanir,“ segir hann.

### Halda könnunum áfram

Bæði Jóhannes og Gísli eru þeirrar skoðunar að æskilegast sé að deiluaðilar setjist niður og reyni að ná samkomulagi. „Ég legg megináherslu á að menn komi sér upp úr skotgröfunum og komi sér saman um leikreglum en það verður að gera ráð fyrir því í leikreglunum að kannanirnar upplýsi neytendur sem best. Það verður ekki gert með því að hætta að birta nöfn seljenda,“ segir Jóhannes.

Gylfi segir að ASÍ muni halda áfram að gera verðkannanir. „Ef þeir ætla að meina okkur að koma inn í búðina með merkimiðann á hattinum um að við séum frá Verðlagseftirliti ASÍ þá mun ASÍ hætta að vinna eftir þeim sameiginlegu reglum sem við höfum sett okkur þar sem við höfum gefið þeim tækifæri til að leiðrétta listana og fá afrit af þeim. ASÍ mun halda áfram að gera verðkannanir. Verslanaeigendur geta ekki bannað neytendum að fá að vita hvaða verð er á vörunum þeirra. Ef ekkert samstarf verður um það þá fá þeir ekki að vita hvaða vörur við erum að taka.“

### RAFRÆNT EFTIRLIT Í BÍGERÐ

Verðlagseftirlit ASÍ, Neytendasamtökin og fjölmiðlar hafa gert verðkannanir á matvöru. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur haft frumkvæði að því að rafrænu verðlagseftirliti á vegum Neytendastofu verði komið á. Verið er að þróa það en Björgvin segir að allra leiða verði leitað til að Neytendastofa geti sinnt því með kraftmiklum hætti.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

HÁSKÓLAFUNDARÖÐ
Ísland á alþjóðavettvangi
- erindi og ávinningur



Málþing í Háskólanum á Bifröst
föstudaginn 19. okt. kl. 10.30 - 13.00
Allir velkomnir !

Næst á dagskrá:

„Þátttaka Íslands í friðargæslu - af hverju?“

Á málþinginu verður fjallað um alþjóðlega friðargæslu frá ólíkum sjónarhornum og þátttöku Íslands í henni. Hvers eðlis er íslensk friðargæsla og hvert ber að stefna? Hvað má læra af reynslunni og hvernig getur hún nýst Íslandi við þátttöku í alþjóðlegum verkefnum á borð við hugsanlegra setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna?

Þátttakendur:
Anna Jóhannsdóttir, *forstöðumaður Íslensku friðargæslunnar*
Davíð Logi Sigurðsson, *blaðamaður*
Jónas G. Allansson, *friðargæsluliði og mannfræðingur*
Guðni Th. Jóhannesson, *sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík*
Umræðum stjórnar Jón Ólafsson, *forseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst.*

Nánar á: www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod

# iPod endurfæddur




## iPod nano 4 GB

Glæný hönnun / Nýir litir / Spilar myndbönd / Bjartari skjár
Nýtt stýrikerfi / Cover Flow / Hljóðbækur / Leikir / Myndir

**18.990**




## iPod touch

8 GB / svartur 29.990*
16 GB / svartur 39.990*

* Væntanlegur í nóvember.
* Verð er með fyrirvara um tollflokkun.

## iPod classic

80 GB / silfur 33.990
160 GB / svartur 47.990
80 GB / silfur 33.990
160 GB / svartur 47.990

## iPod nano

4 GB / silfur 18.990
8 GB / silfur 24.990
8 GB / blár 24.990
8 GB / grænn 24.990
8 GB / svartur 24.990

## iPod shuffle

1 GB / silfur 9.990
1 GB / blár 9.990
1 GB / grænn 9.990
1 GB / fjólublár 9.990

**Apple IMC**
Humac ehf.

**apple.is**
534 3400

**Laugavegur 182** | Mán. til fös. 10 – 18 og lau. 11 – 16
**Kringlan** | Opið samkvæmt afgreiðslutíma Kringlunnar

Smáralind



# Tilboðsdagar fyrir k

Kynntu þér tilboð
í Smáralind á
ekort.is
og e2.is

# Samstarfsfyrirtæki e-kortsins í Smáralind

| | Föst endurgreiðsla | Tilboð helgina 18. – 21. október | |
|---|---|---|---|
| BT | 1,50% | | |
| Burger King | 7% | 15% | endurgreiðsla |
| Byggt og búið | 2% | 15% | afsláttur af öllum pottum og pönnum |
| | | 20% | afsláttur af baðvogum |
| Café Adesso | 5% | 15% | endurgreiðsla |
| Carat - Haukur gullsmiður | 5% | 20% | aukaafsláttur af Laurens úrum |
| Coast | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum |
| Debenhams | 2% | 20% | afsláttur af öllum Pilgrim skartgripum fyrir dömur og herra |
| | | 20% | afsláttur af handklæðum og rúmfötum |
| Dorothy Perkins | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum |
| Ecco | 2% | 4% | endurgreiðsla |
| Evans | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum |
| Hagkaup | 0,65% | 25% | afsláttur af öllum heimilisvörum fyrir utan raftæki |
| Herragarðurinn | 2% | | |
| Isis | 5% | 10% | endurgreiðsla |
| Ís-inn | 10% | 20% | endurgreiðsla |
| Jane Norman | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum |
| Joe Boxer | 10% | 15% | endurgreiðsla |
| Karen Millen | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum og allt að 50% afsláttur af völdum vörum |
| Kaupfélagið | 2% | 4% | endurgreiðsla |
| Lyfja | 0,65% | 20% | afsláttur af vítamínum með gula miðanum |
| nammi.is | 10% | | |
| OASIS | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum |
| Office 1 | 1,50% | 10% | endurgreiðsla |
| Pizza Hut | 10% | | Stór skammtur af brauðstöngum, stór pizza með tveimur áleggstegundum, könnu af gosi og ís fyrir allt að fjóra á 2.990 kr. |
| Skífan | 2,50% | | |
| Smárabíó | 2,50% | | |
| Smáraskóari | 2% | 15% | afsláttur af skóviðgerðum og 15% afsláttur af skóáburði ATH. sýna þarf kort við komu |
| Subway | 3% | 10% | endurgreiðsla |
| Steinar Waage | 2% | 4% | endurgreiðsla |
| Top Shop | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum |
| Útilíf | 2% | 20% | afsláttur af íþróttatöskum og íþróttabakpokum |
| Warehouse | 2% | 15% | afsláttur af öllum vörum og allt að 50% afsláttur af völdum vörum |
| Select Smáranum | 1,5% | | 5 kr. afsláttur af eldsneyti |

# orthafa í Smáralind!

## Dagana 18. – 21. október

Handhafar e-korta og e² Vildarkorta geta gengið að fjölda tilboða og því eins gott að missa ekki af einstöku tækifæri til að gera frábær kaup!
**Sjáumst í Smáralind!**

KORT
www.ekort.is

VILDARKORT
www.e2.is

## Útgjöldin

> Verð á herraskyrtu úr bómull og gerviefni í nóvembermánuði hvers árs.




# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÚLFAR EYSTEINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

## *Keypti sextíu skó á vinstri fót*

„Ég gerði mörg dásamleg kaup á uppboðum hjá sýslumanni hér áður fyrr," segir Úlfar Eysteinsson, matreiðslumeistari og eigandi veitingastaðarins Þriggja Frakka.

„Einhver tímann voru boðin upp fimmtíu til sextíu skópör. Ég sá fyrir mér að þarna gæti ég keypt jólagjafirnar fyrir alla fjölskylduna. Mér féllust þó hendur þegar ég komst að því að þarna voru bara skór á vinsti fót," segir Úlfar og hlær. Hann telur skýringuna á þessu hafa verið þá að sá sem átti skóna hafi laumað þeim sem ætlaðir voru fyrir hægri fótinn undan og ætlað að kaupa helminginn á móti aftur fyrir lítið. „Svo hefur hann væntanlega misst af uppboðinu því að minnsta kosti var hann ekki þarna þegar kaupin fóru fram," segir Úlfar.



Bestu kaup ævi sinnar segist hann einnig hafa gert á uppboði. „Þá var boðið upp stýrishús á bát og ég lét slag standa og greiddi fyrir það 25 þúsund krónur. Mér brá svo nokkuð þegar ég sá að þetta var fyrir mikið stærra skip en ég hélt. Ég ákvað þó að gera gott úr þessu og sá fyrir mér að geta notað þetta sem sumarbústað. Stýrishúsið var á tveimur hæðum og hvor þeirra var um 30 til 40 fermetrar. Uppi á því hefði ég svo getað haft sólpall og skimað í kringum mig eins og skipstjóri á þurru landi. Það varð þó ekki því kunningi minn heyrði af togara sem var einmitt að leita eftir stýrishúsi. Hann keypti það því af mér á um 900 þúsund og seldi svo áfram," segir Úlfar.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SUNDGLERAUGU Í ELDHÚSIÐ

■ *Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, leik- og söngkona, fann umhverfisvæna leið til að halda skónum sínum glansandi.*



Sigríður á ófá skópör og hafði sjálfsagt eytt miklum peningum til að viðhalda gljáanum. „Vinkona mín benti mér á að það er hægt að láta leðurskó glansa með því að pússa þá með nælonsokkum. Ég hef ekki þurft að kaupa skóhreinsiefni síðan." Þá glímdi Sigríður lengi við vanda í eldhúsinu. „Eins og margir get ég ekki skorið lauk án þess að tárast. Einu sinni datt mér í hug að setja upp sundgleraugu áður en ég gekk til verks og það svínvirkaði. Sundgleraugu eru þarfaþing í eldhúsinu."

■ **Verðlaunaafhending**

## Áslaug Traustadóttir hlaut Fjöreggið 2007

Fjöregg Matvæla- og næringafélagsins 2007 var veitt á þriðjudag og var það Áslaug Traustadóttir, heimilisfræðakennari í Rimaskóla, sem hlaut eggið að þessu sinni fyrir að auka áhuga ungs fólks á matargerð með nýstárlegum aðferðum. Meðal þess sem Áslaug var verðlaunuð fyrir var að koma af stað kokkakeppni í Rimaskóla og kokkakeppni grunnskóla Reykjavíkur sem haldin var að hennar frumkvæði. Kokkakepni á meðal annars að styrkja sjálfsmynd nemenda og auka færni þeirra í sjálfstæðum vinnubrögðum, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.



Fjöreggið er afhent árlega fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringasviði. Í rökstuðningi dómnefndar kom fram að Áslaug væri frumkvöðull í að auka áhuga ungs fólks á matargerð með nýstárlegum aðferðum. Verk hennar sé frábært einstaklingsframtak kennara með hugsjón, sem kveikir áhuga unga fólksins og sáir fræjum til framtíðar.

■ **Alþjóðlegur dagur matreiðslumanna og beinverndardagurinn**

## Gefa skyrtertu og vekja athygli á forvörnum gegn beinþynningu



Laugardaginn 20. október er bæði beinverndardagurinn og alþjóðlegur dagur matreiðslumanna. Af þessu tilefni mun klúbbur matreiðslumeistara og Beinvernd vera í Smáralindinni á laugardag á milli 13.00 og 15.00 og gefa að smakka af risavaxinni skyrtertu. Með því á að vekja athygli á forvörnum gegn beinþynningu í samvinnu við mjólkuriðnaðinn. Klúbbur matreiðslumeistara vill einnig með þessu vekja athygli á matreiðslunni sem skemmtilegum valkosti sem framtíðarsarf, en mikill skortur er á faglærðum matreiðslumönnum á Íslandi. Meðal annars kemur það til vegna fjölgunnar ferðamanna, en reiknað er með að þeim muni koma til með að fjölga enn frekar í framtíðinni.






**BÓKASAFN** Bókasafnsskírteini eru dýrust í Kópavogi en í Garðabæ er dýrast að leigja myndir.

# Mestu munar á útleigu mynd- og hljómdiska

**Það borgar sig að taka mynd- og hljómdiska á Borgarbókasafninu, en það er líka vissara að skila á réttum tíma. Fréttablaðið kannaði verðmun á þjónustu bókasafna á höfuðborgarsvæðinu og bar saman verð á útleigu á nýju mynd- og tónlistarefni.**

Fyrir stuttu voru gjöld á mynddiskum og hljómdiskum felld niður á Borgarbókasafni í Reykjavík en dagsektir hækkuðu á móti og eru nú 200 krónur. Árskírteini Borgarbókasafnsins gildir einnig á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ, en þar þarf að greiða milli 200 og 300 krónur fyrir útlán á mynd- og hljómdiskum.

Ársskírteini á bókasafni Garðabæjar gildir einnig á bókasöfnum Hafnarfjarðar, Kópavogs og Álftaness. Munur er þó á gjaldskrá bókasafnanna á útleigu mynd- og hljómdiska.

Greiða þarf 450 krónur fyrir útleigu á nýjum mynddiski á bókasafni Garðabæjar, sem er það hæsta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Í Hafnarfirði og Kópavogi kostar slíkt hið sama 300 krónur en á Álftanesi 100 krónur.

Mikill munur er á úrvali á diskum. Sem dæmi má einungis finna milli fimm og tíu diska á bókasafni Álftaness, en á bókasafni Hafnarfjarðar má finna stærsta tónlistarsafn Íslands.

Í ljós kemur að árgjald allra bókasafnanna er 1.200 krónur, fyrir utan bókasafn Kópavogsbæjar en þar kostar skírteinið 1.300 krónur.

Í Hafnarfirði nefndi starfsmaður bókasafnsins að sérstaklega væri tekið tillit til fólks með lágar tekjur og að atvinnulausum hafi í gegnum tíðina staðið til boða árskírteini á helmingsverði.

Í öllum bæjarfélögum miða bókasöfnin við að 18 til 67 ára greiði fyrir bókasafnsskírteini en börn, eldri borgarar og öryrkjar fái þau án endurgjalds.

Mikill munur er á stærð og aðbúnaði safnanna. Yfirleitt er hægt að kaupa aðgang að netinu og kostar klukkutíminn yfirleitt um 200 krónur. Sums staðar er sú þjónusta ódýrari eða jafnvel ókeypis og víðast hvar er gjaldfrjálst þráðlaust net.

Hvað varðar aðstöðu fyrir námsmenn stendur bókasafnið í Hafnarfirði vel að vígi, en þar er að finna lesstofu og sérstaka kaffiaðstöðu fyrir námsmenn.

eva@frettabladid.is

### VERÐ Á LEIGU MYND- OG TÓNDISKA Í BÓKASÖFNUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG DAGSEKTIR

| | Útlán | Dagsektir |
|---|---|---|
| Álftanes | 200 kr. | ? |
| Garðabær | 450 kr. | 50 kr. |
| Hafnarfjörður | 300 kr. | 150 kr. |
| Kópavogur | 300 kr. | 50 kr. |
| Mosfellsbær | 200 kr. | 50 kr. |
| Reykjavík | 0 kr. | 200 kr. |
| Seltjarnarnes | 300 kr. | 100 kr. |


GR-L218SSKA
Tvöfaldur ísskápur
379.900
GCP227KGBA
Tvöfaldur ísskápur
356.900
GC379BA
Ísskápur
64.900
ÚRVALS RAFTÆKJAÚRVAL
35.900
FEA0714W
Nardi bökunarofn
79.900
NARDI
Helluborð og ofn
49.900
1LE031SX
Edesa uppþvottavél
29.900
FA162
LG Hljómtækjastæða
26.900
MV23XL
Combi örbylgjuofn
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Life's Good

## Kjarni málsins

> Hlutfall leikskólastarfsmanna sem eru karlkyns.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** BJARNI MÁR MAGNÚSSON CAND.JUR, M.A., LL.M

## *Heillaðist af hafrétti strax á fyrsta ári*

Bjarni Már Magnússon hefur lokið stúdentsprófi, lögfræðiprófi, tveimur mastersgráðum og íhugar doktorspróf á næstunni.

Bjarni lauk stúdentsprófi af félagsfræðibraut frá Menntaskólanum á Akureyri og fór þaðan beint í lögfræði í Háskóla Íslands. „Það var nú í einhverju bríaríi. Ég var hrifinn af öllu mannlegu þegar ég var í félagsfræðinni en þetta varð svo úr.“

Bjarni varði fjórða árinu í lögfræðinni sem skiptinemi í Kaupmannahöfn í Danmörku og útskrifaðist svo sem lögfræðingur í febrúar árið 2005.

Við tóku nokkrir mánuðir á vinnumarkaði og um haustið skráði Bjarni sig í nýtt nám hjá Háskóla Íslands sem var mastersnám í alþjóðasamskiptum. „Ég hafði alltaf verið heillaður af stjórnmálum auk þess sem ég hafði einbeitt mér að þjóðarrétti í lögfræðináminu.“ Bjarni varð síðan fyrstur til að útskrifast úr þessu námi í febrúar 2007.

Bjarni var harðákveðinn í að fara í frekara framhaldsnám í haf- eða þjóðarétti og úr varð að hann fór til Miami í Bandaríkjunum til að læra hafrétt. „Miami-háskóli varð fyrir valinu þar sem hann er ein helsta mistöð hafréttar í Bandaríkjunum auk þess sem ég hlaut styrk til námsins. Árlega fær einn Íslendingur peningastyrk til náms í Miami frá Charles E. Cobb sem er fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.“ Bjarni útskrifaðist frá Miami-háskóla með LL.M gráðu í hafrétti í september 2007.



Spurður um af hverju hafréttur varð fyrir valinu segist Bjarni hafa fengið áhuga á honum strax á fyrsta ári í lögfræði. „Í fagi sem heitir stjórnskipunarréttur var örlítil kynning á þjóðarétti og ég heillaðist strax af hafrétti og fannst hann afar spennandi. Þetta er hápólitískt málefni og miklir hagsmunir að veði fyrir Ísland. Þar fyrir utan höfðu menn bent mér á að það gæti verið skynsamlegt að læra þetta þar sem það eru ekki margir sem hafa lagt hafrétt fyrir sig.“

Þessa dagana er Bjarni að læra fyrir próf í námskeiði til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður og íhugar doktorsnám í hafrétti.

### Málþing á Bifröst

## Hlutverk Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi

Háskólinn á Bifröst stendur fyrir málþingi um hlutverk Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi föstudaginn 19. október. Málþingið hefst klukkan 10.30 og lýkur klukkan 13.00. Þeir sem ekki komast á Bifröst geta fylgst með ráðstefnunni í beinni útsendingu á vef háskólans, www.bifrost.is.



Yfirskrift málþingsins er Hlutverk Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi: Hvað geta stjórnvöld lært af þátttöku Íslands í friðargæslu á síðustu árum?

Fyrirlesarar verða Anna Jóhannsdóttir, forstöðumaður Íslensku friðargæslunnar, Davíð Logi Sigurðsson blaðamaður og Jónas G. Allansson, friðargæsluliði og mannfræðingur. Guðni Th. Jóhannesson, sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík, mun bregðast við erindunum og í lokin mun Jón Ólafsson, forseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst, stjórna umræðum.

### Styrkveitingar

## Þórsteinssjóður styrkir blinda og sjónskerta til háskólanáms




Auglýst hefur verið eftir umsóknum í Þórsteinssjóð og rennur umsóknarfrestur út 5. nóvember. Þetta verður í fyrsta sinn sem styrkur er veittur úr sjóðnum, en nú á að veita námsstyrk til blinds eða sjónskerts stúdents sem stundar nám eða hyggur á nám við Háskóla Íslands skólaárið 2008-2009. Upplýsingar um styrkveitingu og úthlutun er að finna á heimasíðu skólans, hi.is.

Tilgangur Þórsteinssjóðs er í fyrsta lagi að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands. Í öðru lagi er markmið sjóðsins að efla rannsóknir á fræðasviðum sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn, sérstaklega í félags- og hugvísindum.








**HUGSA UM FRÆÐSLUHLUTVERKIÐ** Kennarar, sérstaklega á efri skólastigum, hugsa mikið um fræðsluhlutverkið og að koma nemendum til þroska en minna um að sýna nemendum sínum umhyggju og áhuga. Myndin er tekin í Háskóla Íslands og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

# Sýna á nemendum umhyggju

**Kennarar hugsa gjarnan meira um fræðslustarfið og þroska nemenda en þeim ber líka að sýna nemendum umhyggju og áhuga og miðla þannig þessum gildum í kennslustarfinu, að sögn Ingólfs Á. Jóhannessonar, prófessors á Akureyri.**

> Ég velti fyrir mér hvort kennarar þurfi ekki að læra að sýna umhyggju.
>
> **INGÓLFUR ÁSGEIR JÓHANNESSON**
> PRÓFESSOR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI



Umhyggja kennara fyrir nemendum á að vera kjarni skólastarfsins í öllum skólum á öllum skólastigum. Umhyggjan er samt ekki endilega fyrsta hugtakið sem kemur upp í hugann þegar rætt er um framhaldsskóla eða háskóla þó að hún geri það í tengslum við leikskóla og grunnskóla. Kennarar þurfa að búa sér til áhuga og umhyggju á öllum skólastigum ef slíkt er ekki fyrir hendi.

Þetta kemur fram í erindi Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar, prófessors við Háskólann á Akureyri, sem hann heldur á málþingi Kennaraháskóla Íslands, KHÍ, í dag undir yfirskriftinni Umhyggjan á heima í öllum skólum: hlutverk viðfangsefni og sjálfsmynd kennara á 21 öld.

„Við erum svo mörg, sérstaklega á efri skólastigunum, sem hugsum um fræðsluhlutverkið í kennslustarfinu. Allir kennarar hugsa mikið um að koma nemendum til þroska og margir hugsa um umhyggjuna en ég held það sé ekki endilega það fyrsta sem fólki dettur í hug í framhaldsskóla og háskóla. Ég velti fyrir mér hvort kennarar þurfi ekki að læra að sýna meiri umhyggju,“ segir Ingólfur.

„Engu máli skiptir hvert skólastigið er. Kennurum ber að miðla umhyggju, áhuga og tengslum í gegnum vinnubrögð sín frekar en að kenna staðreyndir um það,“ segir hann. „Við prófum fólk í íslensku og eðlisfræði en höfum ekki þróað aðferðir til að meta til dæmis samskiptahæfni fólks eða áhuga þó að það sé líka hluti af veruleikanum.“

Kennarastarfið er að breytast og margir kennarar upplifa auknar kröfur. Spurningin er hvernig kennarar hugsa um sjálfa sig og starfið sitt. „Ég held að sumum kennurum finnist breytingarnar erfiðar og að einhverju leyti búum við ekki nægilega vel að skólunum. Ég hef tilhneigingu til að taka undir það að kröfur til kennara hafi aukist, kennarar þurfa að sinna fleiri viðfangsefnum,“ segir hann.

Ingólfur ætlar líka að fjalla um ólíkar kröfur til karla og kvenna út frá umhyggjunni og veltir upp spurningunni hvort umhyggjan sé talin kvenmannsverk og aginn karlmannsverk í kennarastarfinu. „Ég vil meina að það sé mjög skaðlegt fyrir skólastarfið og sjálfsmynd kennara að ætla fólki hluta úr starfinu út frá kyni af því að hvort tveggja er mikilvægt svo lengi sem aginn er skikkanlegur og fólki líður vel.“ ghs@frettabladid.is

# Bílskúrsdagar

## Allt í bílskúrinn og geymsluna á góðu verði!



Bílskúrshurðaopnari
- með öllu tilheyrandi

kr. **15.900,-**



Bílskúrs- og þvottahússflísar
30x30 cm, kr. pr. m²:

**990,-**



Vatnsþynnanlegt Epoxy gólflakk 4kg

kr. **5.560,-**



Málning – Gljástig 10
10 lítrar

kr. **3.150,-**



Háþrýstidæla – 140 bör

kr. **5.900,-**



Ruslagrind með poka

kr. **1.990,-**



Verkfærasett – 55 hlutir

kr. **1.245,-**



Hleðsluborvél 18V

kr. **2.690,-**



Kústur og skófla
fyrir bílskúrinn
og planið. Sett kr.

**1.995,-**

**Hilluefni**
Hannaðu þitt eigið geymslurými







**Verkfærakistur**
í öllum stærðum og gerðum.
Verð frá kr. 1.990,-

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

*Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16*

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
8.470 **+0,28%**

**Fjöldi viðskipta:** 402
**Velta:** 5.676 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | +2,52% | **ATLANTIC PETROL.** | -1,69% |
| **ÖSSUR** | +2,38% | **STRAUMUR** | -1,47% |
| **LANDSBANKINN** | +2,29% | **BAKKAVÖR** | -0,89% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,22 +0,63% ... Bakkavör 67,00 -0,89% ... Eimskipafélagið 41,50 +1,47% ... Exista 35,10 -0,85% ... FL Group 26,80 -0,37% ... Glitnir 28,60 -0,69% ... Icelandair 26,30 -0,76% ... Kaupþing 1.167 +0,60% ... Landsbankinn 44,60 +2,29% ... Straumur-Burðarás 20,15 -1,47% ... Össur 107,50 +2,38% ... Teymi 6,48 +0,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...



### Í þagnarbindindi

Jim Renwick, sem átti að vera næstæðsti maður Landsbankans í London eftir yfirtöku á fjármálafyrirtækinu Bridgewell, má ekki tjá sig við fjölmiðla um ástæðu brotthvarfs síns. Hann fullyrðir að flótti hans frá Landsbankanum í London hafi verið óumflýjanlegur án þess að útskýra það nánar. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, hefur einnig haldið því fram að ekki hefði verið hægt að komast hjá því að Renwick færi. Við aðskilnaðinn skrifaði fyrrum forstjóri Bridgewell undir samning sem gerir honum ókleift að tjá sig við fjölmiðla fram á næsta ár. Ljóst er að ekki var lagt upp með að Renwick færi og því eitthvað komið upp í ferlinu sem gerði karlinn hvekktan.

### Kaupa ódýrt

Margir Íslendingar hafa hagnast vel á fasteignabraski undanfarin ár á Íslandi. Þeir hafa líka séð sóknarfæri í fasteignaviðskiptum erlendis. Fasteignafélagið Stoðir hefur verið umsvifamikið í Danmörku. Björgólfur Thor hefur verið í þróun fasteigna í Búlgaríu. Nú eru menn í Askar Capital að koma sterkir inn í fasteignaviðskipti víðar. Umbreyting fasteigna í Hong Kong hefur skilað miklum árangri. Smærri íslenskir fjárfestar tóku þátt í því verkefni og eru að vonum ánægðir með árangurinn. Hæfileikinn að kaupa ódýrt og selja dýrt er nefnilega ekki öllum gefinn.

## Fyrstur banka með leyfi vestra

Kanadísk yfirvöld hafa heimilað Landsbankanum að reka útibú í Kanada og er bankinn þar með fyrstur íslenskra banka með bankaleyfi í Norður-Ameríku.

Landsbankinn hefur um hríð starfrækt umboðsskrifstofu bæði í Halifax og Winnipeg, að því er segir í tilkynningu, en hefur nú heimild til þess að stunda bankastarfsemi, þar á meðal útlán og taka innlán frá fyrirtækjum.

Landsbankinn stofnaði skrifstofu í Halifax í nóvember 2005 og aðra í Winnipeg síðasta vor. Haft er eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni bankastjóra að bankinn telji mikil tækifæri í Kanada, enda sé markaðurinn þar stór og hagkerfið þróað. **- óká**

## Stoðir stækka undir nýju nafni

Ákveðið var á hluthafafundi Stoða í gær að taka upp nýtt nafn og mun félagið eftirleiðis heita Landic Property. Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri félagsins, segir breytinguna lið í samþættingu Stoða við fasteignafélagið Keops, sem keypt var í síðasta mánuði, og danska fasteignafélagið Atlas Ejendomme, sem meðal annars á Magasin du Nord og fleiri fasteignir í Danmörku.

„Ætlun okkar er að byggja félagið frekar upp og fara inn á aðra markaði. Við þurftum því að koma fram undir einu nafni og þetta var niðurstaðan sem hentaði alþjóðlegu fyrirtæki," segir Skarphéðinn og bætir við að ekkert þeirra nafna sem áður voru á félögum Stoða hafi hentað. Landic Property, sem vísar til landrýmis og eigna, starfar í fjórum löndum á Norðurlöndunum en gert er ráð fyrir að félagið nemi fleiri lönd á næstu misserum. „Þegar það verður erum við með nafn sem stendur til að gera að vörumerki í fasteignabransanum," segir Skarphéðinn.

Heildareignir Landic Property, áður Stoða, eru 32,5 milljarðar danskra króna, jafnvirði rúmlega 379 milljarða íslenskra króna. **- jab**



**SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON** „Við þurfum að koma fram undir einu nafni sem hentar alþjóðlegu fyrirtæki," segir forstjóri Landic Property, áður Stoða.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

## Askar selur lúxusíbúðir í Kína

Askar Capital hefur selt lúxusíbúðir í Hong Kong eftir mikið umbreytingaferli frá því í júní í fyrra. Samkvæmt frétt Hong Kong Economic Times er söluhagnaður fasteignanna um 1,3 milljarðar íslenskra króna. Þá er ekki tekið tillit til kostnaðar við að breyta húsunum, sem var nokkur að sögn Karls Péturs Jónssonar, verkefnisstjóra hjá fasteignaráðgjöf Askar. Þetta sé eitt af fyrstu verkefnunum sem fasteignaráðgjöf Askar ljúki og ávöxtunin hafi verið umfram væntingar.

Askar hafði milligöngu um fasteignakaupin fyrir hönd íslenskra fjárfesta í samstarfi við aðila í Hong Kong. Í júní 2006 voru keyptar fasteignir við Horizon Drive, sem er í öðru af tveimur dýrustu hverfum Hong Kong. Samtals voru húsin tæplega þúsund fermetrar. Úbúnar voru tvær lúxusíbúðir í tveimur húsum. Annað húsið er um 437 fermetrar og hitt um 532 fermetrar að stærð. Samanlagt nam kaupverðið um 2,2 milljörðum íslenskra króna miðað við gengisskráningu í gær.

Samkvæmt þessu kostar hver fermetri á þessu svæði í Hong Kong um 2,4 milljónir króna. Til samanburðar kostaði fermetrinn í íbúð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, á Manhattan í New York um 2,3 milljónir króna og var tilefni fréttaskrifa í þarlendum blöðum. Meðalverð á fermetra í Reykjavík í sérbýli hefur verið um 250 þúsund krónur það sem af er þessu ári.

Kaupandinn er heimamaður sem vill flytja inn sem fyrst samkvæmt Hong Kong Economic Times. Gengið verður frá viðskiptunum innan þrjátíu daga. Innréttingar og húsbúnaður fylgja með í kaupunum. Í fréttinni kemur fram að fáar lúxusíbúðir séu á markaðnum og því fýsilegur fjárfestingarkostur. **- bg**



**HONG KONG** Fermetraverðið í Hong Kong jafnast á við það sem gildir í miðborg Lundúna og New York.




# Icebank kaupir Behrens

## Fyrstu útrásarskref Icebank stigin með kaupunum.

Icebank sameinar Behrens fyrirtækjaráðgjöf starfsemi bankans eftir kaup á öllu hlutafé Behrens. Viðskiptin voru gerð opinber í gær, en kaupverð og aðrir skilmálar sagðir trúnaðarmál.

„Stofnendur og stærstu eigendur Behrens eru Aðalsteinn Jóhannsson og Sigurður Smári Gylfason. Við kaupin ganga þeir til liðs við Icebank og mynda kjarnann í fyrirtækjaráðgjöf bankans,“ segir í tilkynningu til Kauphallar. Þar kemur fram að á undanförnum árum hafi Behrens haslað sér völl á sviði ráðgjafar við kaup og sölu á fyrirtækjum hér og í Eystrasaltsríkjunum. „Félagið hefur einnig sinnt verkefnum í öðrum löndum Austur-Evrópu, svo sem Tékklandi, Serbíu og Rúmeníu.



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON** bankastjóri Icebank.

Félagið rekur starfsstöðvar í Reykjavík, í Riga í Lettlandi og Vilnius í Litháen.“ Tólf manns starfa hjá Behrens, þar af sex utan landsteinanna og verða þeir allir starfsmenn Icebank. Starfsstöðvar Behrens í Lettlandi og Litháen verða fyrstu starfsstöðvar bankans á erlendri grund. - óká

# SPRON skráð eftir helgina

SPRON hefur óskað eftir skráningu í Kauphöllina, OMX Nordic Exchange Iceland, næsta þriðjudag. Tímasetningin er í takt við fyrri áætlanir sparisjóðsins, en í haust var rekstrarformi hans breytt í hlutafélag.

Hagnaður SPRON fyrstu átta mánuði ársins nemur 12,2 milljörðum króna samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri, en vegna skráningarinnar birti sjóðurinn í gær helstu niðurstöður þess, auk þess að fara yfir þróunina september og það sem af er þessum mánuði. Þar kemur meðal annars fram að söluhagnaður sjóðsins af eignarhlut hans í Icebank í þessum mánuði hafi numið 3,3 milljörðum króna, en markaðsvirði fjögurra prósenta hlutarins sem haldið var eftir hafi aukist um 0,6 milljarða.



**FRÁ AÐALFUNDI SPRON Í MARS** Erlendur Hjaltason, stjórnarmaður, Hildur Petersen, stjórnarformaður og Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heildareignir SPRON eru eftir fyrstu átta mánuðina sagðar hafa numið 211,8 milljörðum króna. September er sagður hafa einkennst af miklum sveiflum á fjármálamarkaði og sagt að horfur séu á að niðurstöður níu mánaða uppgjörs sjóðsins verði heldur lakari en á miðju ári.

„Við bindum miklar væntingar við skráninguna og teljum að með henni standi fjárfestar í SPRON betur að vígi en áður,“ segir Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri. Hann segir að ákveðið hafi verið að halda áfram með skráninguna þrátt fyrir sveiflur á fjármálamarkaði og á ekki von á að sveiflurnar hafi mikil áhrif á verðmyndun bréfanna. „Okkar afkoma er góð þrátt fyrir sveiflur og horfur góðar,“ segir hann. - óká

# Viðskipti hér auðveld

Ísland er í tíunda sæti yfir lönd þar sem auðveldast er að eiga viðskipti í heiminum. Þetta sýnir ný úttekt Alþjóðabankans sem gefin var út í ritinu Doing Business 2008. Úttektin er unnin árlega en þetta er í annað sinn sem Ísland tekur þátt.



**MELISSA JOHNS,** sérfræðingur Alþjóðabankans.

Ísland hefur bætt sig frá því í fyrra og fer upp um tvö sæti. Singapúr er í fyrsta sætinu, Nýja-Sjáland í því öðru og Bandaríkin í þriðja sæti. Öll Norðurlöndin skora tiltölulega hátt. Ísland er þó ofar þeim öllum, að Danmörku undanskilinni, sem er í fimmta sæti.

Melissa Johns, sérfræðingur Alþjóðabankans, kynnti skýrslu Alþjóðabankans á morgunverðarfundi Útflutningsráðs og Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins í gær. Sagði hún meðal annars þau lönd sem eru ofarlega á lista hafa lagt sig fram við að draga úr allri skriffinnsku, fjarlægt óþarfa hindranir og standa sig vel í verndun eignaréttar fjárfesta. Ísland gæti auðveldlega komist upp í fimmta sæti listans með því að bæta fjárfestavernd. Í því fælist meðal annars að auka gagnsæi í viðskiptum með hlutabréf.

Við gerð skýrslunar voru reglugerðir og áhrif þeirra á viðskiptaumhverfi 178 landa metin. Tíu atriði sem hafa áhrif á starfsumhverfi fyrirtækja eru tekin með í reikninginn, þeirra á meðal hversu auðvelt er að stofan fyrirtæki, hvert ráðningarferli starfsmanna er og hversu virkt dómskerfi viðkomandi landa er. - hhs

# Draumavélin fær nýjan stjóra

Mike Bair, yfirmanni Boeing 787 Dreamliner-verkefnisins, hefur verið skipt fyrir Pat Shanahan, sem áður gegndi aðstoðarforstjórastöðu yfir eldflaugavarnarkerfum hjá bandaríska flugvélaframleiðandanum. Ákvörðunin um breytingarnar kemur í kjölfar tilkynningar um hálfsárs seinkun á framleiðslu Dreamliner-vélarinnar fyrir örfáum dögum síðan.

Mike Bair verður hins vegar aðstoðarforstjóri yfir viðskiptaþróun og markaðssetningu farþega- og fraktvéla og tekur þar við af Mike Cave, sem fær stöðu hjá yfirstjórn Boeing. Tilkynnt var um breytingarnar í gær en þær taka þegar gildi, samkvæmt tilkynningu flugfélagsins. Mike Bair hefur farið fyrir þróun og byggingu Dreamliner-þotunnar allt frá byrjun verkefnisins árið 2004. Þotan er sögð brjóta blað í flugsögunni fyrir nýstárlega hönnun, visthæfni og aðbúnað fyrir bæði áhöfn og farþega. Upphaflega stóð til að afhenda fyrstu vélarnar ANA-flugfélaginu í Japan í maí næstkomandi. - óká




**DRAUMAVÉLIN KYNNT** Mike Bair kynnir Boeing 787 Draumavélina í Seattle í Bandaríkjunum á blaðamannafundi í júlí. Á innfelldu myndinni má sjá arftaka hans yfir Dreamliner-verkefninu, Pat Shanahan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA



Hefur staðist allar mínar
„væntingar
Í Vildarþjónustu Sparisjóðsins færð þú persónulega
þjónustu sem lagar sig að þínum þörfum
Starfsfólk Sparisjóðsins sér til þess að þú fáir ávallt það besta sem í boði er hverju sinni, því það er okkur kappsmál að hámarka ánægju viðskiptavina.
Félagar í Vildarþjónustu fá meðal annars: Lán án ábyrgðarmanna | lægri yfirdráttarvexti og hærri innlánsvexti | frítt debetkort og afslátt af árgjaldi kreditkorta | sérkjör á bílafjármögnun | 50% afslátt af lántökugjöldum til allt að 5 ára | námskeið og ráðgjöf í fjármálum | ýmis sértilboð reglulega
Fíton/SÍA FI022969


SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ungu fólki reynist stöðugt erfiðara að eignast þak yfir höfuðið.

# Óblíður veruleiki ungs fólks

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd sem hefur það hlutverk að skila tillögum að aðgerðum til úrbóta á húsnæðismarkaðnum. Óhætt er að fullyrða að þessari nefnd er vandi á höndum.

Í nýbirtri skýrslu sem Rannsóknarstöð þjóðmála vann fyrir félagsmálaráðuneytið kemur meðal annars fram að ungt fólk á nú afar erfitt með að kaupa fyrstu íbúð sína. Þar kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi hefur verð á fasteignum á Íslandi hækkað ört undanfarin ár. Þetta gerðist í kjölfar þess að bankarnir komu inn á húsnæðislánamarkaðinn, lánshlutfall í íbúðum hækkaði, vextir á lánum lækkuðu og lánstími lengdist. Þessar breytingar hafa að nokkru leyti gengið tilbaka, þ.e. vextir á húsnæðislánum hafa hækkað að nýju og lánshlutfall hækkað. Verð á húsnæði hefur þó ekki gengið tilbaka, jafnvel haldið áfram að hækka, að minnsta kosti sums staðar.

Þetta gerir að verkum að ungt fólk með lítinn sjóð þarf að taka lán sem eru ekki bara há í krónum talið heldur nema þau háu hlutfalli af verði eignarinnar.

*Úrbætur í húsnæðismálum eru í raun forsenda þess að Ísland geti talist velferðarríki.*

Vaxtagjöld heimilanna vegna húsnæðiskaupa hafa aukist gríðarlega undanfarinn áratug. Á sama tíma hafa vaxtabætur hækkað sáralítið. Vaxtabætur sem greiddar voru til heimilanna námu um 26 prósent vaxtagjalda þeirra árið 1994 en einungis 12 prósentum árið 2005, samkvæmt áðurnefndri skýrslu.

Ljóst er að aðgerða er þörf. Úrbætur í húsnæðismálum eru í raun forsenda þess að Ísland geti talist velferðarríki. Sá veruleiki sem blasir við ungu fólki sem ekki á sér bakhjarl er ekki bjartur. Því reynist erfitt að koma sér upp eigin húsnæði vegna skorts á eigin fé en um leið á það litla möguleika á að koma sér upp sjóði meðan það er á leigumarkaði vegna þess hversu há húsaleiga er. Þar að auki á þetta fólk í raun tæplega þann valkost að stefna að því að vera á leigumarkaði til langframa vegna þess hversu lítill og óstöðugur leigumarkaðurinn er hér á landi.

Ljóst er að verð á fasteignum verður ekki lækkað með handafli. Því þurfa bjargir fyrir þann hóp sem stendur höllum fæti á húsnæðismarkaði að koma frá ríki og sveitarfélögum. Sú menning Íslendinga að hið endanlega takmark hljóti að vera eigið húsnæði er vissulega hindrun í veginum. Það væri hins vegar metnaðarfullt markmið að byggja upp húsnæðiskerfi við hliðina á eignamarkaðnum, húsnæðiskerfi sem byggir á búseturétti, í anda þess sem þekkt er frá samtökunum Búseta.

Skýrsla sú sem unnin var af Rannsóknarstofnun um þjóðfélagsmál er gott veganesti fyrir nefnd félagsmálaráðherra. Í henni er að finna glænýjar og gagnlegar upplýsingar sem vonandi mun gagnast nefndinni vel. Nefndin skilar niðurstöðum sínum um næstu mánaðamót. Vonandi er starf hennar gjöfult og gefur ríkisstjórninni ráð til úrbóta í þessum mikilvæga málaflokki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871


# Nám í Danmörku

## Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 18. október kl. 20.30 í Húsi Meistaranna að Skipholti 70 þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- **Byggingaiðnfræði**
- **Byggingafræði**
- **Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði**
- **Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði**
- **Framleiðslutækni**
- **Margmiðlunarhönnun**

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

ErhvervsAkademiet ODENSE TEKNISKE SKOLE


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Alfreð í mat

Alfreð Þorsteinsson gerði sig heimakominn í Alþingishúsinu í hádeginu í gær og fékk sér í svanginn með félögum sínum úr Framsóknarflokknum. Á bloggsíðu Birkis Jóns Jónssonar kemur fram að maturinn hafi verið gómsætur. Sumir telja þó að matarlystin ein hafi ekki dregið Alfreð á Austurvöll, heldur hafi hann líka annað hungur að seðja; eftir að hafa lagt hönd á plóg við að sprengja meirihlutann í borginni vilji Alfreð láta kné fylgja kviði og endurtaka leikinn í landstjórninni. Birkir Jón gerir sér að minnsta kosti far um að nefna hversu vel hafi farið á með Alfreð og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í þinghúsinu í gær.



### Andóf

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á dagskrá ríkisfjölmiðlanna eftir að Páll Magnússon tók þar við stjórnartaumunum, sumar hverjar umdeildar. Þannig hefur ellimálaráð Breiðholtskirkju og hópur eldri borgara boðað að farið verði á fund útvarpsstjóra í dag. Verður Páli afhentur undirskriftalisti þar sem þess er krafist að Orð dagsins fari aftur á dagskrá, en þátturinn var felldur út af vetrardagskrá Rásar 1 á dögunum.



### Ný hægri hönd

Dagur B. Eggertsson hefur ráðið nýjan aðstoðarmann borgarstjóra í stað Jóns Kristins Snæhólm en gagnkvæmt áhugaleysi mun hafa verið á að hann gegndi því starfi áfram. Nýja hjálparhellan er ungur maður af Arnarnesinu, Guðmundur nokkur Steingrímsson, sem hefur getið sér gott orð fyrir greinarskrif í Fréttablaðið og varaþingmennsku fyrir Samfylkinguna. Starfsviðtalið hefur varla verið stíft, Dagur og Guðmundur hafa verið bestu vinir frá því menntaskóla. Borgarstjórinn hefur líka getað sparað sér spurningar á borð við hverra manna nýi aðstoðarmaðurinn er, þar sem hann skrifaði ævisögu föður Guðmundar í þremur bindum um árið.

bergsteinn@frettabladid.is

# Láglaunabasl í skólum



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Aukin fjárframlög til menntamála

Fyrir nokkrum árum birti bandaríska vikuritið NewsWeek frásögn af tveim unglingsstelpum í Grindavík. Þær ætluðu að ganga menntaveginn og koma sér burt úr plássinu og báru því við, að þar væri ekki nógu mikið við að vera, allra sízt strákarnir, því að þeir gætu ekki fest hugann við neitt nema fisk. Þessi vitnisburður stelpnanna rímar vel við nýjar tölur um ólík viðhorf kynjanna til skólagöngu. Í nýrri menntamálaskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í París kemur fram, að fjórir af hverjum fimm ungum Íslendingum ljúka framhaldsskólaprófi: 92 prósent af stelpunum og 68 prósent af strákunum.

Stelpur eru að vísu námfúsari en strákar, það hefur lengi legið fyrir, og þó: kannski er skólakerfið þannig úr garði gert, að það höfði frekar til kvenna en karla. Í Háskóla Íslands eru 64 prósent stúdentanna konur; þær eru í meiri hluta í öllum deildum nema verkfræði. Þetta er meiri slagsíða en í nálægum löndum, ef Danmörk og Noregur eru undan skilin. Í Noregi ljúka 82 prósent karla framhaldsskólaprófi og allar konur. Í Bretlandi ljúka 83 prósent karla framhaldsskólanum á móti 90 prósentum kvenna, minni slagsíða þar. Það er ekkert grín, ef landsbyggðin tæmist að kvenfólki vegna ófremdar í menntamálum. Það þarf að kveikja í körlunum. Þarna birtist vandi landsbyggðarinnar í hnotskurn eða einn angi hans að minnsta kosti: það þarf að efla og bæta menntun úti á landi, svo að fólkið sé frjálst að því að vera þar áfram. Aðdráttarafl landsbyggðarinnar minnkar, ef menntamálin eru í ólagi.

**Auknar fjárveitingar**

Aðvaranir skólamanna og annarra mörg undangengin ár vegna naumra fjárveitinga til menntamála hafa skilað árangri. Fjárveitingar ríkis og byggða til menntamála hér heima námu fimm prósentum af landsframleiðslu 1995 og voru þá um miðbik á OECD-svæðinu og langt fyrir neðan Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð í efstu sætum listans. Við þurftum að gera betur af tveim ástæðum. Við vildum ekki vera eftirbátar annarra, allra sízt í menntamálum. Í annan stað eru Íslendingar yngri þjóð en Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar í þeim skilningi, að hér eru hlutfallslega fleiri á skólaaldri, svo að útgjöld til menntamála þurfa að vera meiri en ella.

Stjórnvöld brugðust vel við þessum áskorunum. Útgjöld ríkis og byggða til menntamála 2004 (nýrri sambærilegar tölur eru ekki til) námu tæpum átta prósentum af landsframleiðslu hér heima líkt og í Noregi og Svíþjóð. Þetta er ívið minna en í Danmörku og meira en í Finnlandi. Opinber útgjöld til menntamála á Íslandi jukust þannig um helming miðað við landsframleiðslu 1995-2004 og eru komin upp fyrir meðallag OECD-landanna. Það er lofsvert. Einkaútgjöld til menntamála eru að vísu meiri í mörgum OECD-löndum en hér, svo að heildarútgjöld til menntunarmála – þ.e. útgjöld almannavaldsins, heimila og fyrirtækja – eru að því skapi meiri þar en hér.

**Einn vinnuveitandi**

Íslenzkir kennarar þiggja lúsarlaun, og það þurfa margar aðrar starfsstéttir að gera. Kennaralaunin eru að jafnaði þriðjungi lægri en í Danmörku samkvæmt skýrslunni frá OECD og helmingi lægri en í Þýzkalandi. Þau eru fjórðungi lægri en þjóðartekjur á mann. Ísland, Ísrael, Noregur og Ungverjaland eru einu OECD-löndin, þar sem kennaralaun eru lægri en þjóðartekjur á mann. Annars staðar eru kennaralaun yfir tekjum á mann, svo sem í Þýzkalandi og Japan, þar sem kennaralaun eru helmingi hærri en þjóðartekjur á mann, og í Danmörku, þar sem þau eru sjöttungi hærri en tekjur á mann. Kennaralaun á OECD-svæðinu í heild eru að jafnaði þriðjungi hærri en þjóðartekjur á mann. Helmingsaukning fjárveitinga til menntamála miðað við landsframleiðslu síðan 1995 hefur því ekki dugað til að hefja kennarastéttina upp úr láglaunabaslinu.

Svo er annað. Grunnlaun kennara á Íslandi hækka minna með auknum starfsaldri en tíðkast á OECD-svæðinu. Grunnlaun kennara í efsta launaflokki eftir 15 ára starfsaldur eru á Íslandi þriðjungi hærri en byrjunarlaun, en 70 prósentum hærri á OECD-svæðinu að meðaltali. Þessi munur virðist stafa sumpart af því, að fjölbreytnin í skólakerfinu er minni hér en víða annars staðar. Langflestir íslenzkir kennarar hafa einn og sama vinnuveitanda, almannavaldið. Hvernig nýtir vinnuveitandi sér óskoraða einkeypisaðstöðu? Hann þrýstir launum eins langt niður og hann getur. Ef einkaframtak fengi meira svigrúm í menntamálum og skólaflóran væri fjölbreyttari, myndi ríkið missa einkeypisaðstöðuna, og kennaralaun myndu trúlega hækka meira með aukinni starfsreynslu. Meiri fjölbreytni í skólakerfinu væri kennurum í hag. Og strákunum í Grindavík.

# Trúin, menningin og kirkjan

**UMRÆÐAN**

Veraldlegar kirkjuathafnir



**JÓHANN BJÖRNSSON**

Eftir að Siðmennt stóð fyrir veraldlegri athöfn fyrir brúðhjón í Fríkirkjunni í Reykjavík hefur áhugi á veraldlegum athöfnum aukist.

Margir hafa lýst ánægju sinni með framtak Siðmenntar sem mun framvegis bjóða upp á aðrar veraldegar athafnir en fermingar, en það hefur félagið gert lengi. Siðmennt hefur þegar staðið einu sinni að athöfn fyrir brúðhjón og má geta þess að önnur sambærileg athöfn hefur þegar verið ákveðin. Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð hafa ekki allir verið sáttir og má þar nefna sóknarprestinn Gunnar Jóhannesson. Telur hann rangt að athafnir og uppákomur sem ekki teljast trúarlegar eigi sér stað í kirkju. Ræðir hann sérstaklega umrædda athöfn sem Siðmennt hélt í Fríkirkjunni.

Með afstöðu sinni boðar Gunnar stefnubreytingu varðandi nýtingu kirkjuhúsnæðis. Sumir prestar hafa verið reiðubúnir að gifta fólk veraldlegri giftingu ef það kýs svo. Formaður Siðmenntar giftist t.d. veraldlega í Dómkirkjunni í Reykjavík fyrir löngu síðan af þáverandi presti kirkjunnar, sem varð við óskum um veraldlega athöfn. Gunnar fær mann til að velta því fyrir sér hvort Þjóðkirkjan sé að loka dyrum sínum fyrir öllum þeim menningarviðburðum sem ekki teljast beinlínis trúarlegir. Sjálfur hef ég margoft mætt á atburði í kirkjum sem hafa ekkert með trú sem slíka að gera. Í kirkjum hef ég séð leikrit, farið á tónleika og tvisvar sinnum hef ég haldið heimspekifyrirlestra, annar var meira að segja um efahyggju. Enginn hefur haft út á það að setja. Þvert á móti hafa slíkar uppákomur talist jákvætt innlegg í menningarlíf landsmanna. En þegar fólk sem hefur gift sig vill opinbera veraldlegt hjónaband sitt fyrir vinum sínum í kirkju vegna aðstöðunnar sem þar er fyrir hendi þá boðar Gunnar Jóhannesson, fyrir hönd kirkjunnar stefnubreytingu. Nú á að úthýsa öllum viðburðum úr kirkjunum sem ekki lofsyngja guð. Það eru stóru fréttirnar sem boðaðar eru.

Siðmennt mun hins vegar halda áfram að bjóða upp á veraldlegar athafnir fyrir fólk sem vill halda upp á stóru stundirnar í lífi sínu. Í nágrannalöndunum hafa slíkar athafnir tíðkast í áratugi.

*Höfundur er stjórnarmaður í Siðmennt, félagi siðrænna húmanista á Íslandi.*





Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Einkavæðing og samkeppni

**UMRÆÐAN**
Orkumál

Nú hriktir í íslensku samfélagi vegna uppnáms í orkugeiranum. Sumir spyrja: Hvar er lýðræðið? Daglega er rætt um framtíð orkufyrirtækjanna og um yfirráð yfir orkuauðlindum Íslands. Einnig er rætt um siðleysi og ólýðræðislegar ákvarðanir og að einkaaðilar vilji ná yfirhöndinni yfir eignarhaldi á íslenskum orkufyrirtækjum og á orkuauðlindinni.

Fjölmiðlar þurfa að leggja meiri áherslu á umfjöllun um aðalatriðin í orkumálunum. Leita mætti til einstaklinga sem þekkja til nýtingar orkuauðlindanna og hafa þekkingu og reynslu á þessum málum og innsýn í framtíðina.

Að mínu mati er fréttaflutningurinn stundum ansi skekktur og ýmislegt er sagt sem er beinlínis misvísandi. Kanna þarf viðhorf almennings í landinu til orkumálanna með skoðanakönnunum. Slíkt ber að gera í lýðræðisþjóðfélagi okkar. Almenningur myndar sér vafalaust skoðanir á málefnum eftir því hvernig þau eru kynnt í fjölmiðlum.

### Afleiðingar einkavæðingar

Orkufyrirtæki sem hafa verið einkavædd geta gengið kaupum og sölum. Fjárfestingarfélög hafa öðru fremur áhuga á því að ávaxta sitt fé. Til dæmis að kaupa orkufyrirtæki ef verðið er hagstætt og selja það síðar ef verulega hærra verð fæst. Hvað er eðlilegra í augum eigenda fyrirtækis sem vilja arð en að miða verð á heitu vatni hjá hitaveitum við verð á öðrum orkugjafa, til dæmis á olíu. Það datt sumum í hug á sínum tíma þegar umræða var í gangi um sölu á heitu vatni frá orkuverinu í Svartsengi til Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Í Svíþjóð hafa orkufyrirtæki verið einkavædd. Verð á rafmagni til neytenda hefur hækkað í kjölfarið. Mér er sagt að verðið sé miðað við verð á raforku sem framleidd er með kolabrennslu í Þýskalandi.


STEFÁN ARNÓRSSON

Neysluvatn og jarðhitavatn eru staðarverndaðar auðlindir. Hvorugt verður flutt mjög langar vegalengdir. Á Íslandi getur enginn orkugjafi keppt við jarðhitavatn fyrir upphitun húsa. Samkeppni verður því ekki við komið. Einkaaðili sem ræður yfir slíkri auðlind hefur einokunaraðstöðu (einokun þýðir að einn getur kúgað annan). Þegar um er að ræða þjónustufyrirtæki í lýðræðisþjóðfélagi eins og vatnsveitu og hitaveitu er einokunaraðstaða ekki fyrir hendi. Hún er aðeins fyrir hendi hjá einkaaðila í þessu sambandi. Opinberu þjónustufyrirtæki er veitt aðhald af kjósendum og opinberri umræðu um hið opinbera fyrirtæki. Nákvæmlega þetta á sér nú stað um hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur. Samkeppni er ekki eina leiðin til aðhalds. Af öllu þessu leiðir að hvorki má einkavæða vatnsveitur né hitaveitur sem þjóna sveitarfélögum eða þær auðlindir sem þær byggja á.

### Vatnsaflsauðlindin og samkeppni

Ríkir eða getur ríkt samkeppni þar í okkar litla þjóðfélagi? Nei! Vatnsaflsvirkjanir eru ódýrar í rekstri. Verð á raforku frá þessum orkuverum liggur langmest í kostnaði við byggingu þeirra og fjármögnun. Ekki er mögulegt að bæta rekstrarafkomuna nema með því að greiða upp eldri lán og taka önnur hagstæðari. Sá hefur besta samkeppnisaðstöðuna sem getur fengið hagstæðustu lánin. Þetta er ekki nýr sannleikur.

Jarðvarmaorkuver eru hagkvæmari en jarðgufuvirkjanir. Í þeim fyrrnefndu er framleitt bæði heitt vatn til upphitunar og raforka, sbr. orkuverin í Svartsengi og á Nesjavöllum, og þá er auðlindin líka best nýtt og á sem umhverfisvænastan hátt. Jarðgufuvirkjanir eins og þær í Kröflu, á Hellisheiði og Reykjanesi framleiða eingöngu raforku, nýta varmaorkuna mun verr og eru ekki eins vistvænar. Ekki er raunhæft að láta tvo aðila reka sama orkufyrirtækið þar sem annar selur heitt vatn en hinn raforku. Sá sem nýtir heita vatnið verður að eiga allt saman. Ekki dugar að hafa orkuver í eigu aðila sem býr við einhverskonar samkeppni á raforkumarkaði en með einokunaraðstöðu á hitaveitumarkaði. Hvaða áhrif hefur það á samkeppnisstöðu hans?

Jóhannes Zoëga, fyrrverandi hitaveitustjóri Hitaveitu Reykjavíkur, leit svo á starfsskyldur sínar að honum sem hitaveitustjóra bæri að hugsa langt fram í tímann og tryggja íbúum og fyrirtækjum borgarinnar, og síðar höfuðborgarsvæðinu öllu, heitt vatn til húshitunar um ókomna framtíð og á eins hagstæðu verði og mögulegt væri. Hann vildi varðveita Hengilssvæðið sem framtíðarjarðhitasvæði fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Síðasta verk hans í þessu lífi var að skrifa um þessi mál. Hugsjónir Jóhannesar og viðhorf eru til fyrirmyndar og eftirbreytni, sjálfstæðismönnum líka.

*Höfundur er prófessor í jarðeðlisfræði og hefur starfað að jarðhitarannsóknum og -nýtingu í 40 ár.*

# *Fyrirmyndar ríkisprestar*

**UMRÆÐAN**
Trúmál

Tveir prestar þjóðkirkjunnar og fyrrum ákærendur mínir, sr. Guðmundur Karl Brynjarsson og sr. Gunnar Jóhannesson, hafa agnúast yfir því að ég hleypi venjulegu fólki inn í Guðs helgidóm við Tjörnina í Reykjavík. Sr. Gunnar gefur það sterkt í skyn að helgidómurinn hafi vanhelgast við það að mannúðarfullir húmanistar hafi komið þar inn. Sr. Guðmundur Karl vill líka halda samkynhneigðum fyrir utan dyr, a. m.k. utan við hjónabandið svo að þeir vanhelgi það nú ekki líka með þátttöku sinni. „Kristur kom til að kalla syndara“ skrifar sr. Guðmundur Karl en hann vill bara ekki svona syndara í kirkju.

Sem ríkisstarfsmenn þiggja þjóðkirkjuprestarnir laun sín úr vösum þeirra mörgu sem þeir úthýsa. Þjóðkirkjuprestar fá laun sín frá öllum þeim einstaklingum sem búa á svæðinu, óháð trúfélagsskráningu. Samkynhneigðir og siðrænir húmanistar sem hafa verið útilokaðir af þjóðkirkjuprestum eru sem sagt ekki of syndugir til að greiða þessum sömu prestum laun. Meira en fimmtíu og fimm þúsund Íslendingar kjósa að standa utan þjóðkirkjunnar – öll erum við látin greiða þessum þjóðkirkjuprestum og biskupum laun með árlegum sköttum okkar. Þetta fyrirkomulag er réttlætt með því að segja að þjóðkirkjuprestar og biskupar séu góðfúslega fyrir hönd okkar allra hinna að taka út sögulegan milljarðaarf forfeðra okkar og formæðra. Aldrei hefur okkar samþykkis verið leitað. Hvað þá okkar forfeðra eða formæðra.


HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON

Máli sínu til stuðnings bendir sr. Guðmundur Karl á dæmisöguna um faríseann og tollheimtumanninn sem fóru upp í helgidóminn að biðjast fyrir. Faríseinn þakkaði Guði fyrir að vera ekki eins og aðrir menn, ræningjar, ranglátir eða þá eins og þessi tollheimtumaður. Faríseinn var stoltur af því hvernig honum fannst hans eigin sjálfsupphafning vera samhljóma helgi musterisins. Honum fannst tollheimtumaðurinn vanhelga musterið. Tollheimtumaðurinn hafði ekkert fram að færa nema mennsku sína og auðmýkt.

Þjóðkirkjuprestarnir tveir þekkja þessa 2.000 ára sögu og vita hvernig hún endar. Þeir pant vera tollheimtumaðurinn því hann kemur svo flott út í lokin. Hinn ekki. Hvílíkir fyrirmyndar ríkiskirkjuprestar.

Sr. Guðmundur Karl spyr í fyrirsögn „Er Kristur guðlaus, siðrænn húmanisti?“ Svarið er já. Krist er m.a. að finna í húmanistanum þegar hann gengur fram í mannúð, kærleika og réttlæti. En Kristur er víðsfjarri og dapur þegar kirkjunnar menn vanhelga musterið með sjálfsupphafningu og vandlætingu. Þegar þeir reisa múra aðgreiningar og fordóma í nafni eigin hagsmuna, einmitt þar sem Kristur vill skapa friðareiningu.

*Höfundur er prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík.*












**Húsgagna-Lagersala**

Leðursófasett
hornsófasett
sófasett með innbyggðum skemli
borðstofuborð og stólar
skenkar
sófaborð
eldhúsborð
rúm í ýmsum stærðum og gerðum

***Verðdæmi:***
**Leðursófasett** áður kr. 239,000
nú **79,000**
**Borðstofustóll** áður 17,000
nú **5,000**

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



Sigrún Andersen í gallabuxum frá Oasis og toppi frá Kate Moss-haustlínunni sem hún er mjög hrifin af þessa daganna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stelst stundum í diskó

***Sigrún Andersen er með fjölbreyttan stíl og kaupir sér oftast eitthvað nýtt í hverri viku.***

„Ég fylgi engum einum stíl og hef mjög gaman af því að leika mér með tískuna," segir Sigrún Andersen, framkvæmdastjóri Arcadia, sem er meðal annars með verslanir og merki eins og Top Shop, Oasis, Eva, Dorothy Perkins, Wallis, Coast og Jane Norman á sínum snærum.

„Fatavalið fer oftast eftir verkefnum dagsins. Einn daginn er ég í þægilegum gallabuxum og bol á skrifstofunni. Þann næsta í pilsi og blússu ef ég er að fara á fund eða í buxnadragt," segir Sigrún, sem er sjálf menntaður fatahönnuður.

„Ég vann við hönnun á sínum tíma en fann fljótlega að viðskiptahlið tískunnar átti best við mig." Um þessar mundir er Sigrún mikið í fatnaði frá Kate Moss þar sem bæði hversdagsföt og glamrokk er allsráðandi. „Leðurjakkinn minn frá Kate Moss er í miklu uppáhaldi þessa dagana. Hlýjar og kósí prjónapeysur eru annars mjög heitar núna ásamt diskófatnaði," segir Sigrún, sem sjálf elskar diskótímabilið.

„Allir sem fíluðu diskótímabilið geta notað tækifærið og endurupplifað þennan glamúr. Ég elska silfur og gull en ég blanda þessu meira við þannig að ég er kannski ekki í diskógallanum frá toppi til táar. Ég svona rétt stelst aðeins í diskóið, jafnvel án þess að allir taki eftir því," segir Sigrún hlæjandi.

*rh@frettabladid.is*



**Blóm** og stór litrík munstur verða allsráðandi í vor- og sumartískunni á næsta ári. Örlítið í ætt við Hawaii og önnur heitari lönd.





NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.



Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR



EYE-CARE
Vision Eye Care
- Dauðhreinsaðir augnklútar sem þrífa viðkvæm augnsvæði.
- Innihalda kamillu og glýserín sem hafa róandi og rakagefandi áhrif.
- Einstaklega góðir fyrir linsunotendur.
- Vernda pH gildi augnanna.
- Klútarnir eru augnlæknisfræðilega- og ofnæmisprófaðir og innihalda ekki ertandi efni.


Fæst í apótekum um land allt



NÝTT
ENSKI BOLTINN
ER FARINN AÐ RÚLLA!

› MYNDBROT ÚR LEIKJUM › FRÉTTIR › STAÐAN
› LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA
www.visir.is/enski
Í SAMSTARFI VIÐ
SÝN2
VÍSIR.IS




Þykkur prjónakjóll með rúllukraga á 4.990 kr. og fallegt grátt leðurbelti á 1.990 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Nett og fallegt silfrað samkvæmisveski á 1.990 kr. í Vero Moda.



Svartur bómullarbolur með pallíettumynstri. Flottur á djammið og við gallabuxur. 5.490 kr.

# Hlýir og djúpir hausttónar

***Hausttískan er alltaf hlý og notaleg og ágætis tilbreyting frá bjartri og léttri sumartískunni.***

Með haustinu koma jarðlitir eins og grár, brúnn og grænn og djúpir tónar svo sem rauður og fjólublár. Svarti liturinn er síðan klassískur. Flíkurnar verða margar þykkari og efnismeiri en gaman getur verið að blanda saman nokkrum lögum af þynnri fatnaði. Fylgihlutirnir eru líka fallegir og gaman er að lífga aðeins upp á hlédræga jarðlitina með gulli, silfri og mynstruðum klútum. Um þessar mundir njóta prjónakjólar ýmiss konar vaxandi vinsælda og skreyta má þá með fallegum beltum. Buxur með háu mitti, eins konar bolerobuxur, sjást víða og þá bæði úr gallaefni og fínni efnum. Vestin eru áfram vinsæl og fylgihlutir og gammosíur með silfur-, gull- og málmáferð koma sterkt inn. Fatnaður og fylgihlutir fást flest í Vero Moda. *- hs*



Jeans gráar gallabuxur með háu mitti og bandi á 4.990 kr.



Gullhálsfesti með úri. Fæst einnig silfurlituð á 4.990 kr.



Fjólublá flauelshúfa á 990 kr.


50-70% AFSLÁTTUR
LAGERSALA
Í FULLUM GANGI · NÝTT KORTATÍMABIL


OPIÐ
Virka daga kl. 12 – 18
Laugardaga kl. 12 – 16
SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík
TICKET TO HEAVEN · skunkfunk · nc:) · MUSTANG JEANS · speedo · PUMA



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Arles-ískur sérfræðingur forma og lita

Starfsferill virtra hönnuða sem muna tímana tvenna er sviptingum háður og sumir eiga sér mörg líf. Þetta átti til dæmis við um Gabrielle Chanel, Yves Saint-Laurent og Valentino svo nokkrir séu nefndir. Margir eru kallaðir en fáir útvaldir, enn færri lifa af í þessum harða heimi áratugum saman. Christian Lacroix fagnaði 20 ára starfsafmæli sínu í júlí með hátískusýningu sinni og á tískuvikunni í byrjun október sýndi hann fatnað tilbúinn til notkunar og hlaut lof tískublaðamanna fyrir. Hann ætlaði hins vegar aldrei að vera lengi í tískuheiminum, hugur hans stefndi á leikhús og listir sem reyndar sést vel ef að er gáð bæði hvað varðar litaval og stíl í hönnun Lacroix. Hann byrjaði feril sinn hjá Hermès 1978, starfaði hjá Guy Paulin og að námi loknu hjá Jean Patou sem var hér vinsæll hönnuður á 8. áratugnum.

Það hefur hins vegar ekki alltaf blásið byrlega fyrir Lacroix. Frá því að tískuhús hans opnaði árið 1987 var hann í samstarfi við Bernard Arnault, sem nú er ríkasti maður Frakklands og eigandi LVMH, stærstu lúxussamsteypu í heimi. En Lacroix skilaði aldrei beinhörðum hagnaði og því var tískuhús hans selt 2005 eftir 18 ára samstarf Lacroix og Arnault, í hendur Bandaríkjamanna. Tískuhús Lacroix er þó það eina sem Arnault stofnaði sjálfur en að sögn Lacroix skildi hann aldrei frelsisþörf hönnuðarins. Eftir fyrstu tískusýningu Lacroix spurði Arnault: „Hvar er tímalausi hlutinn?“ nokkuð sem Lacroix átti erfitt með að skilja en hann hefur alla tíð notað suðrænar hugmyndir sínar með hjörtum, sólum, krossum og sterkum litum í ætt við sígaunastúlkuna Carmen frá Arles, fæðingarborg Lacroix, og segir það vera sinn grunn. Seinna sagði viðskiptajöfurinn: „Pressan elskar þig og hönnun þín er frábær en konur vilja ekki ganga í henni dags daglega.“

Það er líkt og frelsi Christians Lacroix hafi gefið honum byr undir báða vængi. Hann hefur ekki aðeins sent frá sér hverja tískulínuna á fætur annarri sem hefur verið lofuð af tískurýnum heldur hefur hann sömuleiðis hannað nýjan búning Air France, innréttingar nýju hraðlestarinnar TGV-Est, hótel í París og tísku- og innanhúslínu hjá pöntunarlista La Redoute sem hann segist vera mjög ánægður með að vera hluti af.



Fyrir næsta sumar veðjar Lacroix á sterka liti. Kjólarnir eru úr máluðu silki, eins og málverk með slettum í bláu, fúksía, rauðu og svörtu.

Fyrirsæturnar eru með litríka framúrstefnulega hatta. Allt þetta undir taktföstu „Earth Intruders“ Bjarkar.

*bergb75@free.fr*

## Safarík blanda

L'EAU DU TEMPS HEITIR NÝR ILMUR FRÁ NINA RICCI

Tískuhúsið Nina Ricci hefur sent frá sér nýja útgáfu af hinu fræga ilmvatni L'air du Temps sem kallast L'eau du Temps og verður aðeins á markaði í takmarkaðan tíma. Jean Guichard og Aurelien Guichard hjá Givaudan sköpuðu þessa nýju útgáfu, sem er safarík blanda af sítrusávöxtum og kryddi.



Ilmvatnið inniheldur mandarínur, appelsínur, aðalbláber, piparkorn og kóríander. Einnig er þar samsetning á gardeníublóminu ásamt nelliku og jasmínu. L'Eau du Temps er selt í 100 millilítra úðaglasi.













Fallegt og nytsamlegt hálsmen úr Make Up Store. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ilmandi skart

***Þetta fallega hálsmen er nýjung í Make Up Store í Kringlunni og leynir heldur betur á sér.***

Hálsmenið er ný hönnun frá framleiðendum Make Up Store og gegnir ekki eingöngu hlutverki glingurs. Inni í meninu er lítill púði sem hægt er að úða uppáhalds ilmvatninu sínu í og anga því af góðri lykt án þess að úða á sjálfan sig. Þrír púðar fylgja meninu þannig að hægt er að skipta um ilm í hálsmeninu eftir tilefni eða eigin duttlungum hverju sinni.

*- sig*




STELPUKVÖLD Í KVÖLD
www.vefta.is
Vefta Tískufót
Hólagarði • sími 557 2010



Hvað er að frétta?



Fréttir af fólki_
www.visir.is
vísir
Fyrstur með fréttirnar!


# Nicky Hilton kynnir Chick





Nicky Hilton var mjög hrifin af þessu eplamynstri og notaði það töluvert í flíkurnar sínar.



Nicky Hilton var ánægð með sýninguna á fatalínu sinni Chick.



Fallegur og sumarlegur jakki.

*Tískulínan Chick eftir Nicky Hilton var sýnd á Mercedes Benz tískuvikunni í Kaliforníu.*

Nicky Hilton hefur hingað til verið best þekkt sem litla systir samkvæmisljónsins Paris Hilton. Líklega hefur hún oft fallið í skuggan af stóru systur en nýverið stóð hún ein í sviðsljósinu á tískusýningu fatalínu sinnar Chick á Mercedes Benz tískuvikunni í Kaliforníu.

Léttir, ljósir sumarkjólar voru einkennandi fyrir fötin sem voru flest í hvít í grunninn þó rautt hafi lætt sér inn víða sérstaklega í formi skemmtilegs eplamynsturs sem sjá mátti víða í kjólum Hilton.

*solveig@frettabladid.is*

Stuttir og léttir sumarkjólar voru áberandi.



Áslaug vinnur við veisluþjónustu og ber fram lakkrísreimar með stæl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hentar ekki fyrir sitjandi borðhald

***Áslaug Snorradóttir ljósmyndari er þekkt fyrir vandaðan og sérstakan stíl bæði í klæðaburði og skarti.***

„Þetta er svona kokkteilarmband. Það er fínt að standa með það og halda á drykk en hentar ekki við sitjandi borðhald," segir Áslaug kankvís þegar hún er beðin um að sýna sinn eftirlætis skartgrip.

Armbandið segir Áslaug bera nafnið Vita Wrap og vera hannað af Huldu Ágústsdóttur listakonu. „Ég nota mikið skart eftir Huldu," segir hún. „Ég er svo lítið fyrir demanta og perlur og ég hef til dæmisaldreigengiðmeðgiftingarhring því mér finnst hann of lítill. Hjá Huldu fæ ég stóra skartgripi. Hún gerir reyndar tvær línur, bæði minni og stærri, og ég sæki í stærri deildina. Nota bara einn í einu. Svo eru þeir skúlptúrar í leiðinni. Ég hengi þá upp á veggi heima og skreyti svo sjálfa mig með þeim þess á milli." *- gun*



Armbandið Vita Wrap eftir Huldu Ágústsdóttur hentar vel í kokkteilboðum.

# Litríkt haust frá Chanel

***Rómantísk og dularfull að vanda.***

Það er óneitanlega alltaf stemning sem fylgir vörumerkinu Chanel, hvort sem um er að ræða snyrtivörur eða fatnað. Þetta á einnig við um nýjungar haustsins. Meðal þeirra má nefna skemmtilega varalitaöskju, sem inniheldur fjóra varaliti í misbleikum tónum, en litirnir eru formaðir eins og eyrnalokkar sem Coco Chanel hélt mikið upp á. Augnskuggatvennur haustsins kallast Irréelle duo og koma í mörgum mismunandi litum svo að hver kona fái eitthvað fyrir sinn smekk, en naglalakkið nýja er blóðrautt í takt við tískustrauma haustsins og kallast Lotus Rouge. *- mhg*



Augnskuggatvenna frá Chanel sem kemur í mörgum mismunandi litum.





Djúsí varalitablóm í fjórum fallegum litum.

Eldrauðar neglur eru það sem koma skal í haust.

**Átaksnámskeið** geta gefið góða raun. Átaksnámskeið fyrir konur hefst til dæmis í Sporthúsinu þriðjudaginn 23. október. Námskeiðið stendur í sex vikur og er kennt á morgnana þrisvar í viku.

# Nikótín lífgjöf reykingafólks

Nikótín ætti að vera fáanlegt í vörum sem valda ekki heilsutjóni, til að hjálpa reykingamönnum sem geta með engu móti hætt að reykja.

Þetta segja læknar við Konunglega læknaháskólann á Englandi (Royal College of Physicians) sem skora á bresk heilbrigðisyfirvöld að gefa leyfi fyrir framleiðslu gervisígarettna sem sjá reykingamönnum fyrir nikótínskammtinum. Lyfjalög í Bretlandi hindra þróun og markaðssetningu þess konar vörutegunda á þeim forsendum að nikótín sé ávanabindandi. Nikótíntyggjó og önnur hjálparmeðul innihalda mun minna nikótín en er í sígarettu og duga skammt til að venja fólk af óslökkvandi löngun.

„Reykingamenn geta ekki hætt vegna þess að þeir eru ofurseldir nikótínfíkninni, en það er ekki nikótínið í sígarettunum sem drepur heldur þau hundruð eiturefna sem fylgja með í reyknum," segir prófessor John Britton, stjórnarformaður RCP. „Það besta sem reykingamenn gera fyrir heilsu sína er að steinhætta reykingum. Hins vegar eru milljónir reykingamanna ófærar um og ólíklegar til að drepa endanlega í sígarettunni og nikótínvörur gætu einmitt komið þeim að gagni, án þess að verða þeim að fjörtjóni."

Breska heilbrigðisráðuneytið hefur málið til skoðunar og segir forgangsverkefni að minnka reykingar landsmanna, en læknar við RCP fullyrða að saklausar nikótínvörur, eina og gervisígarettur, gætu afstýrt milljónum dauðsfalla.

Fjórðungur fullorðinna Breta flokkast undir að vera stórreykingafólk. Árlega tekst tæplega fimm prósentum af þeim reykingamönnum, sem þrá ekkert frekar en að losna við fíkina, hætta að reykja.

*- þlg*



Nikótínvörur geta hjálpað mörgum að drepa í síðustu sígarettunni.





*Stinnari á 4 vikum...*
*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
eða 6.660 á mán. í 3 mán.









## Bleika slaufan
**OKTÓBER ER TILEINKAÐUR KONUM MEÐ BRJÓSTAKRABBAMEIN**



# Geislameðferð brjóstakrabbameina

Geislameðferð er í mörgum tilfellum hluti af þeirri meðferð sem konur fá við nýgreint brjóstakrabbamein. Yfirleitt er meðferðunum raðað þannig upp að byrjað er á skurðaðgerð. Síðan eru krabbameinslyf gefin ef þörf er á því og í framhaldinu geislameðferð að gefnum ákveðnum forsendum. Að lokum eru konurnar settar á móthormónameðferð ef krabbameinið reynist vera hormónanæmt. Um það bil 1% af brjóstakrabbameinum greinast hjá karlmönnum og það sem hér er sett fram á jafnt við þá eins og konurnar.

Þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi áður en hafin er geislameðferð tengist annars vegar umfangi skurðaðgerðarinnar og útbreiðslu sjúkdómsins. Þegar gerður er fleygskurður þar sem æxlið sjálft er fjarlægt og nánasta umhverfi þess en brjóstið að öðru leyti látið halda sér er í framhaldinu gefin geislameðferð á þann brjóstvef sem eftir er. Þá er gert ráð fyrir að geislameðferðin nái að eyða hugsanlegum krabbameinsfrumum sem gætu hafa orðið eftir við skurðaðgerðina. Það hefur sýnt sig að fleygskurður þar sem geislameðferð er gefin í framhaldi er jafngóð meðferð eins og ef allt brjóstið er fjarlægt. Stundum þarf að fjarlægja allt brjóstið og er þá talið nauðsynlegt að gefa geislameðferð í framhaldinu ef æxlið er mjög stórt eða ef margir eitlar úr holhöndinni reynast vera með krabbameinsfrumur. Þá er geislameðferð gefin á brjóstkassann þar sem brjóstið var og á eitlastöðvar í holhöndinni. Geislameðferð er því regla ef gerður er fleygskurður en í undantekningartilfellum er geislameðferð gefin ef brjóstið er fjarlægt. Oftast þurfa konurnar að koma í 25 skipti til að fá geislameðferð þar sem meðferðin er gefin alla virka daga þ.e. fimm sinnum í viku. Meðferðin tekur því 5 vikur.



Áður en geislameðferðin byrjar fer fram undirbúningur. Í honum felst m.a. sneiðmyndataka þar sem sneiðmyndir eru teknar af brjóstkassanum. Það er gert til að hægt sé að útbúa þrívíddarmynd af brjóstkassa konunnar í sérstöku tölvuundirbúningskerfi. Með þessu móti er það gert auðveldara að sjá hver afstaða brjósts og brjóstkassa er til legu lungna og hjarta. Hægt er að herma eftir geislameðferðinni í tölvukerfinu og því betur hægt að meta hvað mikið af geisluninni fer inn í nærliggjandi líffæri og þá hvernig best er að haga meðferðinni þannig að óæskileg geislun verði sem minnst. Leitast er við að sem minnst fari í nærliggjandi lunga og helst ekkert í hjarta. Þessi tækni hefur gert það mögulegt að draga mjög úr aukaverkunum í þessum líffærum. Það hefur einnig sýnt sig að geislameðferð dregur ekki eingöngu úr líkunum á endurkomu brjóstakrabbameins heldur hefur einnig aukið lífslíkur kvennanna. Aftur á móti veldur geislameðferð aukaverkunum meðan á meðferðinni stendur og í einhvern tíma þar á eftir. Aðallega er um að ræða húðbruna sem stundum er mjög vægur en einstaka sinnum kemur fram húðflögnun eins og um sólbruna er að ræða. Sýkingar eru sjaldgæfar. Nokkuð algeng er þreyta og orkuleysi sem getur staðið yfir í nokkurn tíma eftir lok meðferðarinnar.

Þegar á heildina er litið er ljóst að geislameðferð er mikilvægur hluti af meðferð við nýgreindu brjóstakrabbameini að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og að aukaverkanir eru oftast vel þolanlegar. Það verður samt alltaf að hafa í huga að ekki eru tveir einstaklingar eins. Því er vel fylgst með konunum í geislameðferðinni bæði af hjúkrunarfræðingum og geislafræðingum deildarinnar ásamt læknum. Að meðferð og undirbúningi geislameðferðarinnar koma einnig starfsfólk geislaeðlisfræðideildar, það er geislaeðlisfræðingar, hjúkrunarfræðingar og geislafræðingar. Það er eingöngu hægt að undirbúa og gefa geislameðferð á einum stað á landinu það er á Landspítalanum við Hringbraut í svokallaðri K-byggingu.

Geislameðferð er einnig gefin ef um ólæknandi brjóstakrabbamein er að ræða. Eðli meðferðarinnar breytist frá því að vera læknandi yfir í að vera meðferð þar sem markmiðið er að draga úr einkennum. Ekki þarf að gefa eins mörg skipti eins og við læknandi meðferð til að draga úr einkennum. Stundum nægir að gefa eitt skipti geislameðferð og allt upp í tíu skipti. Dæmi um slíka meðferð er geislameðferð á bein vegna verkja frá beinameinvörpum. Þar er tilgangurinn að draga úr verkjunum þannig að hægt sé að takmarka verkjalyfjameðferð.

Geislameðferð hefur því fjölbreyttu hlutverki að gegna við meðferð brjóstakrabbameina. Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að tvinna saman mismunandi meðferðarleiðir ekki bara í brjóstakrabbameinum heldur einnig við mörg önnur krabbamein. Hlutverk geislameðferðar við meðhöndlun krabbameina heldur því áfram að vera mikilvægt og mikilvægi hennar jafnvel aukist með tækniframförum innan þessarar meðferðarleiðar.

*Jakob Jóhannsson*
*krabbameinslæknir*


COMFORT SNYRTISTOFA

***Tilboð í Dekur!***
**20%** afsláttur
af comfort zone
sérmeðferðum fyrir andlit
(gildir út 17.nóv)

Upplýsingar á www.comfortsnyrtistofa.is eða í síma 578-7077 Comfort snyrtistofa Álfheimar 6, 104 RVK.

Hvað er að frétta?
Við tæklum sportið_




www.visir.is



**Geymslan** getur boðið upp á gersemar. Sérstaklega hjá ömmu og afa og gömlum frænkum sem hafa aldrei tímt að henda fallegum tekkhúsgögnum eða palisanderborðum sem eru falleg inn á nútímaheimili.


**Fix töframassinn**

**Hreinsar, fægir og verndar samtímis.**



**Án skaðlegra efna • Fitu- og kýsilleysandi**
**Húðvænt • Náttúrulegt • Mjög drjúgt**



**Ótrúlegur árangur**

Svampur fylgir með

**Hentar vel til þrifa á blöndunartækjum, vöskum, ryðfríu stáli, áli, kopar, messing, gleri, plasti, lökkuðum flötum, kristal, keramiki, postulíni ofl. ofl.**

Húsasmiðjan - Byko - Fjarðarkaup - Tengi - Melabúðin - Verkfæralagerinn - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Pottar og prik Akureyri - Rafsjá Sauðárkróki - Áfangar Keflavík - Skipavík Stykkishólmi - Nesbakki Neskaupsstað - Vélaleiga Húsavíkur - Verslanir Rönning - Litabúðin Ólafsvík - Tengi - Byggt og búið. **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**


# Ryksugan alltaf á fullu

***Ryksugan er eitt af þeim heimilistækjum sem eru ómissandi nú til dags. Þær fást í ýmsum stærðum og gerðum og í mörgum verðflokkum.***

Margir muna eftir ofurryksugum eins og Rainbow og er hún til dæmis þeim hæfileika gædd að hreinsa andrúmsloftið og gefa góðan ilm. Nú eru komnar þráðlausar ryksugur með gervigreind sem geta skannað stærð herbergis og lagað þrifin að því. Hér gefur að líta nokkrar sniðugar ryksugur sem hafa hver og ein sérstaka krafta.

**Sebo**

Sebo-ryksugur eru heimilis- og iðnaðarryksugur sem framleiddar eru í Þýskalandi. Þær koma í mörgum litum fyrir teppi og hörð gólfefni og eru með teppabankara og burstakefli. Ryksugurnar eru sérstaklega hentugar fyrir gæludýraeigendur.

Til eru margar gerðir af Sebo-ryksugum. Þær eru bæði til hefðbundnar með sogbarka og einnig upppréttar. Þær fást fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir og eru mjög kraftmiklar, frá 1.800 upp í 2.100 wött. Hægt er að fá HEPA-síur fyrir ofnæmissjúka í flestar gerðir Sebo-ryksuga.

Sebo-ryksugurnar fást hjá Marpól ehf. og hægt er að prófa þær í Laufbrekku 24 (Dalbrekkumegin) í Kópavogi. Umboðsaðilar Sebo eru með viðhalds- og varahlutaþjónustu, útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu og sýnikennslu. Ryksugurnar kosta frá 24.900 kr. upp í 39.840 kr. Nánari upplýsingar má finna á www.marpol.is.

**Roomba**

Roomba-ryksugan er með gervigreind og hreinsar upp ryk, sand, ló og dýrahár. Hún hreinsar í raun allt það svæði sem hún fer yfir og hægt er að stilla hana þannig að hún þrífi þó svo að maður sé ekki heima. Ryksugan hreinsar teppi, mottur, parkett, flísar, marmara og linoleum-dúka. Hún er þráðlaus og virkar eins og sjálfvirkt vélmenni. Ryksugan er hönnuð þannig að hún kemst auðveldlega undir húsgögn. Hún skynjar fallhæð og fer ekki fram af stigum eða tröppum. Ef einhver fyrirstaða verður á vegi ryksugunnar þrífur hún í kringum hana. Hægt er að afmarka það svæði sem ryksugan þrífur með tveimur litlum tækjum sem senda innrauða geisla frá sér og þá fer ryksugan ekki framhjá þeim.

Fullhlaðin Roomba þrífur í allt að 120 mínútur og er ekki nema þrjá klukkutíma að hlaðast að nýju þannig að hægt er að láta hana þrífa allt að þrisvar sinnum á dag. Ryksugunni fylgir heimastöð þar sem rafhlaðan hleður sig. Í hvert skipti sem ryksugan þarf á hleðslu að halda fer hún sjálf á heimastöð sína í hleðslu. Ekki þarf að skipta um ryksugupoka þar sem rykið safnast fyrir í einni skúffu sem auðvelt er að tæma.

Skúringavélmennið Scooba er væntanlegt og skúrar það gólfið í allt að 45 mínútur. Því er ljóst að ýmsar framfarir hafa orðið í gólfhreinsunarmálum.

iRobot Roomba fæst meðal annars hjá eftirtöldum aðilum: www.irobot.is, Grímfelli, Byko, Max, Ormsson-verslununum, Byggt og búið og Ljósgjafanum Akureyri. Nýja línan er á 49.900 kr.

**Electrolux**

Electrolux ZB271 handryksugan er ein sú glæsilegasta sinnar tegundar. Hún er með rafdrifnum stúti og 0,5 lítra sogafli. Tvær stillingar eru á sogaflinu. Ryksugunni fylgir langt og þægilegt skaft sem auðvelt er að taka af og er því hægt að nota hana á gólf líka án þess að þurfa að bogra við það. Ryksugan hefur átta eininga NiMH-rafhlöðu sem nær fullri hleðslu á 16 tímum og tvær síur sem má þvo. Ryksugan fæst í Elko og kostar 14.995 kr.

*hrefna@frettabladid.is*




Electrolux ZB271 handryksugan er með skafti svo ekki þurfi að bogra við þrifin.

Sebo-ryksugur koma í mörgum litum og eru sérstaklega hentugar fyrir gæludýraeigendur.

Roomba-ryksugur eru með gervigreind svo að hægt sé að stilla þær þannig að þær þrífi þótt enginn sé heima.


White-Westinghouse



**ÞVOTTAVÉL**

- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS





**SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR**

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.





**Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.**

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

**G. PÁLSSON EHF.**
Símar 462 – 2272 og 896 - 0423


## Engir hringir

LEIÐINLEGT ER ÞEGAR HRINGIR MYNDAST Á FALLEGUM HÚSGÖGNUM VEGNA ÞESS AÐ BLAUTT GLAS HEFUR SETIÐ Á VIÐNUM AÐEINS OF LENGI.

Auðvelt er að forðast þetta með því að hafa glasamottur til taks. Sniðugt er að hafa glasamotturnar áberandi og skemmtilegar svo fólk taki eftir þeim og noti þær frekar. Þessar Remix glasamottur vekja strax athygli þar sem á þeim eru líflegar drekamyndir í björtum litum og eru þær hugvitsamlega hannaðar þar sem þær raðast á standinn sem fyllir upp í hringinn. Lawrence Chu og Stuart Li hönnuðu motturnar sem endurspegla kínverska arfleifð þeirra í drekamynstrinu.

*-hs*



O&K Þjónusta

**Þjónustuaðili:**

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# vinnuvélar

FIMMTUDAGUR 18. OKTÓBER 2007



## Stigi á hjólum

**Á flugvöllum má finna ýmis tæki og tól sem eru ólík því sem gengur og gerist annars staðar.** BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Öflug
## í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Kristján Einarsson telur að aukin meðvitund sé meðal atvinnurekenda um mikilvægi öryggisbúnaðar og persónuhlífa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt fyrir öryggið

Aukin meðvitund er orðin meðal atvinnurekenda um mikilvægi öryggisbúnaðar og persónuhlífa.

„Öryggisfatnaðurinn er að verða stór hluti af viðskiptunum. Menn eru farnir að fylgja þeim kröfum og reglum sem eru um notkun á öryggis- og sýnileikafatnaði. Það er náttúrlega misjafnt eftir starfsstéttum hversu langt er gengið en mörg fyrirtæki eru farin að taka alfatnað á starfsfólkið,“ segir Kristján Einarsson, sölustjóri fyrirtækjasviðs Dynjanda, sem verslar með vinnu- og frístundafatnað auk öryggisfatnaðs. „Það má eiginlega segja að við séum með öryggið frá A til Ö,“ útskýrir Kristján en öryggisfatnaðurinn er aðalsmerki fyrirtækisins.

Nú er það skylda fyrirtækja að útvega réttu persónuhlífarnar fyrir sitt starfsfólk og þar af leiðandi hafa þau viðskipti aukist.

„Það liggur við að það sé orðið algilt að fyrirtæki fati starfsfólk sitt upp frá toppi til táar. Jafnvel þó að ekki sé þörf á sýnileikafatnaði eru menn að útvega sínu starfsfólki venjulegan fatnað líka. Ástæðan er bæði sú að fyrirtækin séu snyrtileg út á við og starfsfólkið snyrtilegt og þetta er auglýsing þar sem fyrirtæki láta oft merkja fatnaðinn,“ segir Kristján og bætir við að menn séu auk þess orðnir mun meðvitaðri um öryggismálin.

Dynjandi er í samstarfi við Vinnueftirlitið og fylgist náið með þeim breytingum og reglum sem gilda.

Helstu nýjungarnar í öryggisfatnaði eru svokallaðar heilsársflíkur. „Mörg fyrirtæki eru farin að klæða starfsfólkið í flíkur sem halda bæði veðri og vindum. Hjá okkur er nýtt efni sem kallast Pro Tech og hefur verið geysilega vinsælt. Þetta eru flíkur sem auðvelda fyrirtækjum kaupin þar sem þau þurfa yfirleitt að kaupa færri flíkur. Til dæmis er hægt að kaupa léttan og þunnan, ófóðraðan jakka sem heldur bæði veðri og vindum og starfsmenn geta þá ýmist verið í flíspeysu eða skyrtu innan undir. Fyrirtæki eru mikið til hætt að kaupa þetta ódýra rusl og reyna frekar að fjárfesta í gæðum,“ segir Kristján, sem telur að þetta haldist í hendur við að nú er góð tíð hjá fyrirtækjum og þau hafa efni á þessu. Kristján segir að fyrir nokkrum árum hafi þetta verið blöskrað verðið. Auk þess hafi aðbúnaður verkafólks verið töluvert í umræðunni.

„Stéttarfélögin eru meðvituð um að þessir hlutir séu í lagi og eins hefur Vinnueftirlitið staðið sig vel í kynningu á þessu. Þeir kynna vel fyrir sínu fólki hverjar eru skyldur atvinnurekenda og menn eru almennt orðnir meðvitaðri um þessa hluti,“ segir Kristján en Dynjandi er með áratuga reynslu og sérþekkingu á viðurkenndum öryggisbúnaði í íslensku atvinnulífi.

*hrefna@frettabladid.is*

# Líkastur flotkví í laginu

**Sigurvin Leifsson, bílstjóri hjá húseiningafyrirtækinu Smellinn á Akranesi, er með dálítið smellinn vagn aftan í bílnum fyrir ósamsett hús.**

„Þessi vagn er sérhannaður úti í Þýskalandi til að flytja þær húseiningar sem Smellinn framleiðir,“ segir Sigurvin. Hann er á leiðinni frá Akranesi til Grindavíkur með farm og er að dæla olíu á bifreiðina í Mosfellsbænum þegar í hann næst. Vagninn er 15-20 cm frá götunni og líkastur flotkví í laginu. Einingarnar standa uppi á rönd á palli eða fleti, eins og það er kallað.

Sigurvin segir engan lyftara eða krana þurfa við fermingu bílsins eða affermingu. „Vagninn er á glussatjökkum. Við slökum honum bara niður, opnum hliðið að aftan og bökkum undir fletið, sem áður er búið að festa einingarnar á inni í verksmiðjunni. Lyftum svo vagninum upp aftur. Glussatjakkar eru þrír hvoru megin á hliðum vagnsins. Þeir eru dregnir aftur og fram og lyft upp eftir því sem dyra- og hurðagöt á einingunum gefa tilefni til. Tjakkarnir halda einingunum föstum eins og þvingur þannig að hægt er að keyra með þær á fullri ferð. Fletið er svo bara skilið eftir á byggingarsvæði því maður er ekki háður neinum krana. Síðar safnar maður saman fletunum og tekur þau í einn bunka, sex til sjö saman, og fer með þau upp á Skaga. Þau eru svipuð og gámafleti nema miklu mjórri og styttri, aðeins 1,50 á breidd og 9 metra löng.“

Vagninn kom frá Þýskalandi fullbúinn að sögn Sigurvins. „Við fórum út til að skoða gripinn þegar hann var á byggingarstigi og létum bæta við þriðja tjakknum hvoru megin sem heldur einingunum skorðuðum. Elsti vagninn okkar er ekki með svoleiðis búnað heldur þarf að binda allt í honum með strekkjurum.“

Sigurvin er í lokin spurður hvort húsaeiningarnar taki ekki veður á sig í vindstrengjum undir Hafnarfjallinu en gerir ekkert úr því. Vagninn sé svo lágur að þyngdarpunkturinn verði ekki hættulega hár. „Það eina sem þarf að varast er brýrnar og auðvitað kemst ég ekki alltaf í göngin ef farmurinn er hár. Þá fer ég bara Hvalfjörðinn.“ *gun@frettabladid.is*



Sigurvin ofan í vagninum góða. Húseiningarnar eru skorðaðar uppi á rönd á fletinu og haggast ekki í keyrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Vagninn er lágur og hægt að slaka honum alveg niður á jörð þegar verið er að ferma hann og afferma.




Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN




Allur réttur áskilinn. Einungis til kynningar.

# Leitaðu til sérfræðinga© þegar útsýn skiptir verulegu máli.



Jarðýtan D51EX/PX-22 er þannig hönnuð að útsýn yfir ýtublaðið er einstakt og eykur öryggi verulega. Innbyggð veltivörn í grind stjórnhússins og hallandi vélarhlífin tryggir betri útsýn, m.a. til að beita ýtublaðinu með meiri nákvæmni: Tækjastjórinn sér miklu betur til verka; öryggið eykst og afköstin um leið.

D51EX/PX-22-jarðýtan er jafn öflug og hún er þægileg. Hún er aflmest í sínum stærðarflokki enda búin nýju ECOT-3 dísilvélinni frá Komatsu - hreinbrunavél sem stenst alla nýjustu og ströngustu staðla um útblástur. Auk þess er vélin einstaklega sparneytin. Lágt liggjandi þyngdarmiðja og breiður undirvagn skapa stöðugleika og halla/brattaþol í sérflokki. Glussadrifið byggir á nýjustu tækni með mjúkt, hiklaust átak og snúningssnerpu sem þýðir hámarksafköst og lipurð.

Þá er nýja ýtan búin hinu byltingarkennda Komtrax-fjarskiptakerfi okkar sem sýnir á tölvuskjá á skrifstofu eiganda hvar hún er stödd, hvað verk hún er að vinna, hvert ástand hennar er o.fl.

Það gerist ekki betra hjá ýtum!

KOMATSU

KRAFTVÉLAR

Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar.is

# Sérstök tæki í toppstandi

**Á flugvöllum má finna ýmis tæki og tól sem eru fremur ólík því sem gengur og gerist annars staðar. Þau eru sérhönnuð fyrir ákveðnar aðstæður og bera þess merki.**

Jónas Sveinsson, flugvallarstarfsmaður á Akureyrarflugvelli, sagði okkur frá þremur sérstæðum bílum sem notaðir eru á flugvellinum fyrir norðan. Fyrst ber að nefna afísingarbílinn, sem er mikilvægt öryggistæki.

„Afísingarbíllinn er notaður til að hreinsa bæði ís og snjó af flugvélum á jörðu niðri þar sem snjór og ís getur dregið mikið úr flughæfni vélarinnar. Á bílnum er blanda af afísingarvökva og vatni, 25 prósent vatn og 75 prósent afísingarvökvi, og hann virkar þannig að maður fer upp í bómu á bílnum og annar keyrir bílinn að vélinni. Síðan lyftir maður sér upp að þeim svæðum sem þarf að afísa og þar eru vökvasprautur eða byssur sem sprauta yfir vélina og hreinsa allt af henni sem getur haft áhrif á flughæfnina. Helstu svæðin eru vængir og stél og svo búkurinn ef á því þarf að halda,“ útskýrir Jónas og segir að augljóslega sé helst þörf á bílnum að vetrarlagi.

„Bandabíllinn er einfaldlega hjálpartæki til þess að ná farangri út úr þotum þegar hólfin eru í töluverðri hæð. Þetta er í rauninni bara færiband á hjólum,“ segir Jónas og segir okkur því næst frá stigabílnum: „Stigabíllinn er í raun bara stigi á hjólum sem er notaður á þotur. Hann er þá keyrður upp að vélunum og síðan koma fætur út og halda bílnum stöðugum og hæðarstilling er á stiganum,“




Jónas Sveinsson flugvallarstarfsmaður er ánægður í starfi sínu á Akureyrarflugvelli og líkar vel að stýra tækjunum þar.



Stigabíllinn er nytsamlegur þegar gengið er frá borði úr þotunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Til að mega vinna á tæki sem þessi þarf að hafa vinnuvélaréttindi og bílpróf.

„Maður tekur bóklega námið í vinnuvélaréttindum og síðan verklegt próf á hvert tæki fyrir sig,“ segir Jónas, sem hefur unnið á Akureyrarflugvelli í þrjú og hálft ár og líkar mjög vel.

Tækin eru helst notuð á þoturnar, sem eru í töluverðri hæð frá jörðu og því nauðsynlegt að hafa góð tæki til að auðvelda alla vinnu í kringum þær. Þoturnar koma helst á Akureyrarflugvöll á haustin og vorin og síðastliðin tvö ár hefur Iceland Express verið þar með áætlunarflug á sumrin. Þar sem tækin eru ekki í stöðugri notkun er mikilvægt að fylgjast vel með þeim og sjá til þess að þau virki þegar á hólminn er komið.

„Tækjunum er mjög vel við haldið og þess er gætt að þau séu alltaf í toppstandi Þessi tæki eru náttúrlega ekki notuð daglega og því mikilvægt að vel sé fylgst með þeim. Þess vegna hafa þau líka enst lengi,“ segir Jónas, ánægður með vinnustaðinn.

*hrefna@frettabladid.is*


CITROËN

**Berlingo Van 1,4 75 hö. 6 dyra 5 gíra***
Verð með vsk. 1.649.000 kr.
Verð án vsk. 1.324.477 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 25.880 kr.



**Sjáðu Citroën Berlingo í dag**

**Fullkomnari fullkomnun**

Enn á ný hefur Citroën tekist að bæta fullkomnun. Nú er Citroën Berlingo, sendibíllinn vinsæli, kominn með frábærri nýrri dísilvél. Citroën Berlingo er hagstæður í rekstri. Nýja 1,6 lítra, 92 hestafla dísilvélin er bæði kraftmeiri og sparneytnari. Hún er vistmildari en áður enda leggur Citroën mikið að mörkum til þess að bæta umhverfið. Hin öfluga stálhlífðarpanna undir vélinni ver hana vel og getur dregið úr viðhaldi.

**Við erum sjálfselsk hjá Citroën**

Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefa okkur þann drifkraft sem fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

**Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg. Kynntu þér nýjungar í Berlingo.**

Citroën Berlingo

**Dæmi um staðalbúnað í Citroën:**
- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi



**Berlingo Van 1,6 HDi 92 hö. 6 dyra 5 gíra***
Verð með vsk. 1.849.000 kr.
Verð án vsk. 1.485.117 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.609 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 29.125 kr.

Ný dísilvél. 1,6 HDi, 92 hestafla
Kaftmeiri
Sparneytnari

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP ALMANNATENGSL


# Vinnuvélanámskeið sem veita réttindi

Vinnuvélanámskeið Nýja ökuskólans gefur rétt til prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla. Það er nauðsynlegt til þess að geta gengist undir verklegt próf á vinnuvélar. Upplýsingar um námið og þætti sem tengjast því má finna á heimasíðu skólans, það er www.meiraprof.is.

Þar kemur fram að aðeins sautján ára og eldri geti tekið þátt í námskeiðinu. Almenn ökuréttindi eru forsenda þess að geta verið með vinnuvélar í umferð utan lokaðra vinnusvæða.

Farið verður yfir þætti eins og vinnuvélastjórnun, öryggismál, búnað og vinnutækni, vinnubrögð með vinnuvélum, vélfræði vinnuvélastjórans, vinnuskýrslur og margt fleira.

Kennt er frá klukkan 17 til 22.15 á föstudögum, en 9 til 17 á laugardögum og sunnudögum. Bóklegi hlutinn er átján stundir og með ofanskráðu fyrirkomulagi er námskeiðinu lokið á níu námskeiðsdögum, sem teknir eru á þremur helgum.

Nemendur ráða síðan hvort þeir kaupa verklegar æfingar á vinnuvélar hjá Nýja ökuskólanum eða ekki. Skólinn getur leigt nemendum vinnuvélar og kennara með þarfir hvers og eins í huga.

Próftaka í verklegum prófum á vinnuvélar fer fram víða á landinu. Eftirlitsmenn frá Vinnueftirliti ríkisins annast framkvæmd prófsins. Réttindaflokkarnir eru nokkrir og hver þeirra kostar kr. 2.365 krónur og skírteinið sjálft kostar kr. 3.220 krónur.

Próf á lyftara, gröfu og hjólaskóflu kostar þá að meðtöldu skírteininu 10.315 krónur svo dæmi sé tekið. Upphæðin greiðist hjá Vinnueftirliti ríkisins við afhendingu skírteinisins.

Tekið skal fram að rétturinn til próftöku fyrnist ekki og hægt er að draga próftöku eins lengi og þörf er á. Eins er hægt að bæta í skírteinið síðar meir eftir þörfum.

Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag námskeiða og skólann almennt má finna á síðunni www.meiraprof.is.



Vinnuvélanámskeið Nýja ökuskólans veita starfsréttindi.


AFLVÉLAR
SCHMIDT
Traust tæki
Vönduð þjónusta
Flugvallatæki
Fullkominn stjórnbúnaður
Salt- og sanddreifarar í stærðum 0,6 - 9,0 rúmmetra
Snjóblásarar
Salt- og sanddreifarar fyrir dráttarvélar
Beilhack tennur
Kastplógar með skekkingu hægri/vinstri
Snjótennur og plógar í öllum stærðum
Fjölplógar
Undirtennur
Slitblöð úr stáli og carbide
Burstar og strá í alla sópa
Vegheflar, dælubílar malbikstæki, götu-sópar, smásópar
AFLVÉLAR ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000 Fax: 480-0001. www.aflvelar.is

# Smáir en knáir kranar

**Smákranar frá smakranar.is komast þar sem aðrar vinnuvélar komast ekki. Þeir eru aðeins sextíu sentímetrar á breidd og er því hæglega hægt að smeygja þeim inn um venjulegar dyr.**

Erlingur Snær Erlingsson er eigandi fyrirtækisins Smákranar.is en hann stofnaði það í maí 2004. „Faðir minn sem rekur bílkranafyrirtæki var áskrifandi að fagtímariti og þar rak ég augun í litla grein um japönsku UNIC-smákranana þegar fyrirtækið sem hefur söluréttindi þeirra í Evrópu var að hefja starfsemi,“ segir Erlingur sem gerði sér strax grein fyrir möguleikum kranans. „Á meðan allir eru að kaupa stærri og stærri tæki, af hverju ekki að sérhæfa sig með því að fara hinn veginn,“ spyr Erlingur sem hélt utan ásamt eiginkonu sinni og föður til að skoða tækin og úr varð að hann festi kaup á fyrsta smákrananum.

Smákranar eru eins og nafnið gefur til kynna ekki stórir. „Þeir sem við erum með eru aðeins sextíu cm á breidd sem er mikill kostur þegar koma þarf þeim inn í hús,“ segir Erlingur. Venjulegar hurðir eru um 85 cm að breidd og því hæglega hægt að koma krananum þar í gegn. „Það hefur einnig komið á daginn að það eru mjög fjölbreytt verkefni sem þarf að inna af hendi innanhúss þar sem kraninn kemur að góðum notum,“ segir Erlingur.



Hægt er að hífa kranana upp á þak til að sinna verkefnum þar.

Þó að kraninn sé smár er hann þó langt í frá léttavara og er fluttur á milli í kerru auk þess sem hann rennur áfram á belti líkt og smágrafa. „Svo er líka hægt að hífa hann upp á þök eins og hefur verið gert nokkrum sinnum,“ segir Erlingur.

Kraninn hentar í mörg ólík verkefni. Til dæmis er hægt að hífa upp hluti með honum allt frá níutíu kílóum og upp í tvö til þrjú tonn, hvort það sem er gler, stálbitar eða jafnvel listaverk. Fyrirtæki Erlings tók í sumar þátt í stóru verkefni fyrir Kaupþing sem hefur undanfarið ár látið reisa viðbygginguna við höfuðstöðvar sínar. „Þar inni eru tugir tonna af gleri og við sáum um að hífa það allt upp. Þar er einnig eitt stærsta gler á Íslandi. Glerið er listaverk sem er eins og foss með glerdröngum. Verkið er 3 sinnum 6 metrar og vegur nærri tvö tonn. „Það var mikið nákvæmnisverk að koma því fyrir en vélsmiðja Orra sá um festingar fyrir glerið,“ segir Erlingur en uppsetningin tókst giftusamlega. „Ég get bara ekki ímyndað mér að það hefði verið hægt að setja þetta upp öðruvísi en með smákrana,“ segir hann með áherslu.

Erlingur segir umsvif fyrirtækisins hafa aukist hægt og sígandi en menn séu meir og meir að gera sér grein fyrir notagildi smákranans. Fyrirtækið á tvo smákrana en einn bætist við strax í næstu viku og er hann stærri og verklegri. Kostnaðurinn er nokkur en minni gerðin kostar um 6,5 milljónir og sú stærri um 10 milljónir.




Erlingur Snær Erlingsson við einn af krönunum sem koma sér vel þegar hífa þarf þunga hluti innanhúss sem utan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



1.300 kg þungum kassa með gleri lyft á sinn stað í nýbyggingu Kaupþings hf. í Borgartúni. Glerin voru allt að 11 fermetrar að stærð og þau þyngstu um 650 kg.



Báðir smákranarnir ofan á þaki nýbyggingar í Höfðatorgsreit sem Eykt hf. er að byggja. Þeir voru notaðir til að setja granítklæðningu á suðurhlið hússins.

Á kranann þarf lægri vinnuvélaréttindi en Erlingur tekur fram að líkt og með allt annað þurfi að læra inn á tækið og hvað það getur gert. „Ég hef unnið mikið með glerísetningarmönnum sem hrósa tækinu fyrir mikla nákvæmni,“ segir Erlingur en með krananum er hægt að lyfta gleri með mikilli nákvæmni um tvo til þrjá millimetra.

*solveig@frettabladid.is*






Hátækni í járnalögnum eykur byggingarhraða svo af hlýst sparnaður.

## Meiri hraði og sparnaður

MEST notast við nýjustu tækni í beygjuvinnu fyrir járnabindingar með tölvustýrðri MEP-vél sem beygir, klippir og forvinnur járnið.

Vélinni ræður við allt frá einföldum járnabeygingum til flókinna verkefna á borð við stigastækkandi lykkjur.

Með aukinni forvinnu á steypustyrktarjárni styttist byggingartíminn til muna. Þannig hlýst verulegur sparnaður. *-rve*


HEILDARLAUSNIR JCB FYRIR VERKTAKA
- TIL FORYSTU Í ÖLL VERK!
Hjólaskóflur
Skotbómulyftarar
GÆÐAVÉLAR Í STÓR OG SMÁ VERK
Fjölmargar stærðir og gerðir
- Beltagröfur
- Traktorsgröfur
- Hjólaskóflur
- Skotbómulyftarar
- Mini gröfur
- Valtarar
- Jarðvegsþjöppur
Traktorsgröfur
Stórar Beltagröfur
Beltagröfur
JCB VIBROMAX
Mini - vélar
Jarðvegsþjöppur
BREIÐ LÍNA IVECO ATVINNUBÍLA
- ÁVALLT Í FREMSTU RÖÐ!
EUROCARGO
Einn vinsælasti millistærðar vörubíllinn í Evrópu
DAILY PROFESSIONAL DNA
Vinnuflokkabílar - Pallbílar - Sendibílar - Gindarbílar
Ný hönnun
Meira rými
Aukin gæði
Meira afl
Aukin afköst
Aukin þjónusta
Rekstraröryggi
STRALIS
Býður þér frábært vinnuumhverfi og hagkvæman rekstur
VÉLAVER HF
TRAKKER
Trukkurinn fyrir verktakana
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

# Hörpur og brjótar eru hágæðatæki

**Kraftvélar við Dalveg hafa tekið í notkun nýtt og hentugt húsnæði fyrir námu- og jarðgangatæki frá sænska fyrirtækinu Sandvik.**

„Það er mikið steypt í dag og þeir sem kaupa sand og möl gera kröfur um hágæðatæki til að brjóta og harpa efnið, hreinsa það og flokka. Því er nauðsynlegt að huga vel að þeirri tegund tækja og bjóða bara það besta. Það gerum við í Sandvíkurdeildinni okkar sem við erum nú að efla með auknu rými,“ segir Ólafur Ársælsson, sölustjóri námu- og jarðgangatækja hjá Kraftvélum. Um leið sýnir hann rúmgott og hentugt húsnæði sem Kraftvélar hafa nýlega tekið í notkun undir malarhörpur, brjóta, jarðbora og fleyga sem koma frá sænska fyrirtækinu Sandvik. „Þessi deild er bjartasta vonin eins og er,“ segir hann glaðlega.



Harpa af gerðinni Fintec 542 að vinna fyrir Ístak í Tungumelsnámum.

Brjótarnir eru vandasöm smíði að sögn Ólafs og þá sérstaklega hersla á því stáli sem brýtur það grjót sem notað er í byggingar og vegaframkvæmdir. „Brjótarnir eru aðallega framleiddir í þremur gerðum. Kjálkabrjótar eru grófastir og notaðir sem forbrjótar. Síðan koma keilubrjótar sem taka við malarefninu úr kjálkabrjótnum og smækka það. Að síðustu eru innbyrðisbrjótar. Þeim má líkja við sterka tunnu sem þeytir efninu þannig að steinarnir rekast hver á annan, brotna og breyta um lögun,“ lýsir Ólafur.

Ólafur hefur verið í vélabransanum í fjörutíu ár. Hann byrjaði hjá Heklu og var þar til 1980 er hann fór í Bílaborg, þar sem hann hóf að koma Komatsu-vinnuvélunum á markað. Síðan stofnaði hann fyrirtækið Merkúr með öðrum og rak það í 15-16 ár. Svo kom hann aftur í Komatsu-bransann sem Kraftvélar höfðu tekið að sér. Nú eru námu- og jarðgangatækin hans ær og kýr. Hann lýkur lofsorði á sænska fyrirtækið Sandvik, sem stofnað var 1862, og þær vélar sem það hefur upp á að bjóða. „Margir sem komnir eru yfir miðjan aldur muna eftir Sandvik-trésögunum og hömrunum sem þóttu bera af í gæðum og endingu. Nafnið Sandvik hljómar kunnuglega í eyrum þeirra,“ segir hann brosandi og bætir við að Sandvik hafi alls ekki dottið í dróma eða slen heldur ríki þar mikil gróska. „Sandvik-samsteypan hefur um 42.000 manns í vinnu og hefur komið sér upp umboðsmönnum í 130 löndum,“ lýsir hann.



Ólafur hjá Kraftvélum við klapparborinn netta, Commando 120. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur segir malarhörpurnar og grjótbrjótana frá Sandvik til í mörgum stærðum og útfærslum og til að auka breiddina hafi fyrirtækið nýlega keypt Fintec- og Extec-verksmiðjurnar, sem báðar séu rómaðar fyrir vandaða framleiðslu á hörpum og brjótum. „Sandvik á líka Tamrock- og Rammer-verksmiðjurnar í Finnlandi sem framleiða jarðbora og vökvafleyga. Borarnir sem eru notaðir í Héðinsfjarðargöngunum eru Tamrock-borar og Arnarfell er líka með þá á virkjanasvæðinu fyrir austan. Þetta eru snilldargræjur,“ segir Ólafur, sem lýsir næst litlum klapparbor sem hann segir byltingarkenndan hvað varðar notagildi. Sá heitir Commando 120 RF. „Með bornum má komast á hina ólíklegustu staði þar sem plássið er lítið. Verktakar á Íslandi nota vökvafleygana alltof mikið. Með því að bora og sprengja meira væri hægt að spara bæði tíma og peninga.“

gun@frettabladid.is






## • NOTAÐAR DRÁTTARVÉLAR FRÁ DANMÖRKU

Fyrstu dráttarvélarnar sem Jötunn Vélar flytja inn notaðar frá dótturfyrirtæki sínu Total Maskiner í Danmörku komu til Selfoss í vikunni. Um er að ræða vel með farnar Case MX 200 vélar árgerð 2000 sem Total Maskiner tók uppí nýjar Fendt dráttarvélar í sumar. Casarnir eru þegar seldir og munu verða afhentir nýjum eiganda á næstu dögum.



Á næstunni er von á fleiri stórum notuðum dráttarvélum til landsins frá Danmörku.









Fyrsta skóflustungan
tekin á stórsýningu
í Eyjafirði
Sýningin verður á nýbyggingarsvæði Vélavers að Lækjarvöllum 1 í Hörgárbyggð föstudaginn 19. október kl.13.00-17.00
Fyrsta skóflustungan að nýrri þjónustumiðstöð Vélavers á norðurlandi verður tekin kl.14.00
Hörgárbraut
Blómsturvallavegur
Lækjarvellir 1
Lónsá
Dvergasteinn
Akureyri
Húsasmiðjan
Nýjar New Holland dráttarvélar á hausttilboðsverði
Nýr Iveco Stralis dráttarbíll
Nýr Iveco Daily grindarbíll
JCB 4cx traktorsgrafa
JCB midi beltagröfur
JCB skotbómulyftari
Junkkari sturtuvagn
Fjórhjól
Weidemann mini mokstursvél
IFOR williams hestakerra
Still lyftari
VÉLAVER HF
www.velaver.is

HVAÐ ER?

# Hlaupaköttur



Ýmis orð og hugtök eru vinnuvélanotendum töm en óinnvígðum torræð. Eitt þeirra er hið fjörlega orð hlaupaköttur. Hér kemur útskýring á því fyrirbæri, tekin upp úr reglum um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar frá félagsmálaráðuneytinu dagsett 10. september 1999. Eins og fram kemur hleypur þessi köttur ekki frjáls um víðan völl. Þar stendur:

„Hlaupaköttur er lyftibúnaður á braut sem getur lyft byrði, slakað henni og flutt hana fram og til baka.“

Í reglunum stendur líka að hlaupaköttur með 1.000 kg lyftigetu eða meira skuli vera með yfirátaksvörn. Hvað þýðir það?

„Yfirátaksvörn er öryggisbúnaður sem annaðhvort tekur völd af stjórnanda krana þannig að hann getur ekki framkvæmt neinar aðgerðir sem auka átak á kranann eða gefur honum ljós- eða hljóðmerki um að ekki megi auka átak á hann.“ Þá vitum við það. *-gun*


Arrowhead Brotfleygar



VÉLFANG VERKIN TALA

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2007

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is


BESTI OG VERSTI VEGARKAFLINN



Hlynur Aðalsteinsson og Þorvaldur Þórisson. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Hringtorgin verst

Bílstjórar flutningabifreiða verja drjúgum hluta lífs síns á þjóðvegum landsins. Nokkrir þeirra voru spurðir hver væri besti og versti vegarkaflinn á þeirra föstu leið. Hlynur Aðalsteinsson og Þorvaldur Þórisson, Reykjavík - Akureyri.

„Versti vegarkaflinn er frá Reykjavík upp í Kollafjörð. Allur í hringtorgum,“ segir Þorvaldur. „Besti kaflinn núna er Norðurárdalur í Skagafirði. Nýi vegurinn þar er mesta samgöngubót fyrir okkur í mörg, mörg ár.“

Hlynur tekur undir það. „Svo er Norðurárdalurinn í Borgarfirði líka að lagast. Þar er verið að taka út nokkra hlykki,“ segir hann og bætir við. „Hlykkir eru aldrei góðir fyrir stóra bíla. Ég er innilega sammála Þorvaldi um versta kaflann. Hringtorgin eru hlykkir og þau eru svo þröng. Gatnamótin út úr bænum eru stórhættuleg. Það er búið að þrengja þau svo að þegar við erum með stóru vagnana náum við ekki orðið beygjunum öðruvísi en að skera akreinina við hliðina og það er ekki gott.“






Hágæða vörur á góðu verði
auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka
NÝTT
NÝTT
VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA
aldrei að skafa
Webasto olíumiðstöðvar
Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!
Webasto
Feel the drive
Parlok vörubílabretti úr polyethylen
PARLOK
SV vörubílademparar
viðhaldsfríir - mjög sterkir
SV
Ryðfríír kassar
margar gerðir
frábært verð
Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum
NÝTT
NÝTT
Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar BAWER ryðfríir kassar fyrir vörubíla
Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330




NOTUÐ TÆKI
Vegna mikillar sölu á IVECO atvinnubifreiðum undanfarið
bjóðum við notaðar bifreiðar á góðum kjörum
Ford Transit
Árgerð 1999 - Ekinn 187000 km
Fastur pallur
Mercedes Bens Sprinter 312D
Árgerð 1997
IVECO Daily 35S18D
Árgerð 2007 - Ekinn 6000 km
7 manna vinnuflokkabíll með föstum palli
Renault Master sendibifreið
Árgerð 2001 - Ekinn 136000 km.
Lyfta og hliðarhurð báðum megin
VW LT-35
Árgerð 2004 - Ekinn 120000 km
VW LT-46
Árgerð 2003 - Ekinn 120000 km
Kassi og lyfta
IVECO Eurocargo ML120E24FP
Árgerð 2001 - Ekinn 146000 km
Kassi og lyfta
IVECO Eurocargo ML120E23FP
Árgerð 1997 - Ekinn 254000 km
Kassi á gámagrind og lyfta
Volvo FM 7
Árgerð 2001 - Ekinn 195000
Vörukassi, 2ja tonna lyfta og bakkmyndavél
Mercedes Benz Atego
Árgerð 2001 - Ekinn 293000 km
Kassi og 1,5 tonna lyfta
VÉLAVER HF
www.velaver.is
Krókhálsi 16, Reykjavík • Gleráreyrar 2, Akureyri • sími 588 2600

NIPPARTS

N1



VARAHLUTIR

Við bjóðum landsins mesta úrval af viðurkenndum varahlutum.
Þriggja ára ábyrgð er á öllum bílavarahlutum frá N1.

Fíton/SÍA

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS




Upphafið að Caterpillar var gufuknúnar landbúnaðavélar.

# Umhverfið er orðið aðalmarkmiðið í dag

**Gufuknúnar vinnuvélar í landbúnaði voru upphafið að þeim vinnuvélum sem við þekkjum í dag.**

Gufuknúinn beltatraktor kom á markaðinn árið 1904 í Bandaríkjunum.

Fram undan var mikil þróun í landbúnaðarvélum og þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á urðu ákveðin tímamót.

Bandamót notuðu vélar frá framleiðslufyrirtæki kenndu við Benjamin Holt sem síðan sameinaðist sínum helsta keppinauti, Daniel Best. Saman stofnuðu þeir hið þekkta fyrirtæki Caterpillar Tractor árið 1925.

Sama ár kom á markaðinni fyrsti traktorinn sem knúinn var áfram af dísilvél. Búnaður Caterpillar þróaðist ört og í seinni heimsstyrjöldinni valdi bandaríski herinn að nota Caterpillarvélar í skriðdreka sem notaðir voru í Evrópu.

Fyrsta útibú Caterpillar var síðan opnað í Bretlandi árið 1950. Nokkru síðar, árið 1963, fór Caterpillar í samstarf við japanska fyrirtækið Mitsubishi og myndaði Shin Caterpillar Mitsubishi, sem er í dag annar stærsti framleiðandi á þungavinnuvélum á Asíumarkaði.

Í upphafi níunda áratugarins fór að halla undan fæti og tapið var gríðarlegt.

Nýir stjórnendur náðu þó að rétta við hallann og með nútímavæðingu fyrirtækisins og alþjóðlegri markaðssetningu náði Caterpillar fyrri velgengi á síðari hluta níunda áratugarins.

Fyrirtækið, sem er í dag rúmlega áttrætt, framleiðir um þrjú hundruð mismunandi vöruflokka fyrir vinnuvélar, bifreiðar og herbúnað.

Aðalmarkmið Caterpillarfyrirtækisins er að framleiða umhverfisvænni vélar en áður. Allar nánari upplýsingar um fyrirtækið, sögu þess og markmið má finna á heimasíðu þess www.cat.com. *- rh*

## BESTI OG VERSTI VEGARKAFLINN

# Vegurinn um Fróðárheiði verstur

**Sigurjón Kristófersson, Reykjavík - Snæfellsnes.**

„Fróðárheiðin er versti kaflinn. Hitt er ágætt enda komið bundið slitlag alla leið en á Mýrunum er þrengsti og elsti vegurinn af þessum malbikuðu."



Sigurjón Kristófersson segir stærstan hluta leiðarinnar milli Reykjavíkur og Snæfellsness alveg ágætan.


Venieri

*Ítölsk gæði á góðu verði*



**VF 1,33B**

| | |
|---|---|
| 3,3 tonn | Bosch Rexroth |
| 4 x 4 | hydrostatic skipting |
| 4 hjóla stýrð | Vökva hraðtengi |
| Opnanleg framskófla | Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri |
| 3 Bakko skóflur | Öflugur Perkins mótor |
| Gaflasett | |



**VF 263 plus**

| | |
|---|---|
| 3,9 tonn | Bosch Rexroth |
| 1,0 m³ skófla | hydrostatic skipting |
| Gaflasett | Vökva hraðtengi |
| 4 x 4 | Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri |
| Liðstýrð | að framan |
| Breið flotdekk | Öflugur Perkins mótor |



**VF 9015**

| | |
|---|---|
| 12,5 tonn | Breið flotdekk |
| 3 m³ skófla | Vökva hraðtengi |
| Gaflasett | Vökva tregðulæsingar |
| Liðstýrð | Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri |
| Bosch Rexroth | að framan |
| hydrostatic skipting | 6cl. öflugur Perkins mótor |



**VF 363F**

| | |
|---|---|
| 5,4 tonn | Bosch Rexroth |
| 1,2 m³ skófla | hydrostatic skipting |
| Gaflasett | Vökva hraðtengi |
| 4 x 4 | Vökva tregðulæsingar |
| Liðstýrð | Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri |
| Breið flotdekk | að framan |
| | Öflugur Perkins mótor |

VÉLAR&ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili V&Þ á Norðurlandi, sími 461 6061

*Komið, skoðið og prófið!*



**Vinnustaðir - íþróttahús**
Eigum fyrirliggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir föt eða persónulega muni.
**Verðdæmi: 5 skápar í röð kr. 40.910 + vsk**



MECALUX
STRAUMUR HRAÐBERG
Höfðabakki 9 • Sími 544 5330 • Fax 544 5355
straumur@straumur.is

# ÖJ-ARNARSON EHF

## www.trukkur.is

☎ 893 8327





- Gámakeyrsla
- Efnisflutningar
- Vélaflutningar
- Flatvagnaflutningar
- Dráttabílar
- Vörubílar
- Gröfur og tæki
  til allra annarra jarðvinnu

Mbl 914732

**ÖJ-ARNARSON EHF**

www.trukkur.is trukkur@trukkur.is
Símar 893 8327, 863 8327, fax 587 4832.

N1

EKKI BÍÐA EFTIR FYRSTA SNJÓNUM...

Komdu með bílinn fyrir 20. október og þú bæði sparar og losnar við alla bið. Hjólbarðaþjónusta N1er búin fyrsta flokks tækjakosti og hefur á að skipa reynslumiklu starfsfólki.

15% afsláttur til 20. október

Afsláttur af umfelgun, vetrardekkjum og þjónustu. 10% afsláttur fyrir Viðskiptakortshafa auk 5% í formi punkta fyrir Safnkortshafa – samtals 15%. Þú getur sótt um kort á staðnum og nýtur þá afsláttarins.

-15%

Vetrarpakki fylgir dekkjaumgangi til 20. október

Þeir sem kaupa umgang af dekkjum fyrir 20. október fá sérstakan kaupauka; bílabón, bílasápu, svamp, tjöruhreinsi og sköfu. Mættu tímanlega og vertu klár í veturinn.

Dekkjahótel ★★★★★

Notaðu bílskúrinn í eitthvað skemmtilegt og láttu okkur geyma fyrir þig sumardekkin. Tekið er við dekkjum á öllum afgreiðslustöðvum hjólbarðaþjónustu N1. Í vor mætirðu einfaldlega á sama verkstæði og sumardekkin bíða tilbúin.

N1 BÍLAÞJÓNUSTA

WWW.N1.IS




Geir Þorsteinsson húsasmíðameistari unir sér stórvel í litlu gröfunni, sem er til margra hluta nytsamleg.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góð í öll minni háttar verk

Geir Þorsteinsson húsasmíðameistari er stóránægður með smágröfu sína af gerðinni JCB sem hann fjárfesti í fyrir einu og hálfu ári. „Það var ekki svo auðvelt að fá menn til að koma og grafa þegar þess þurfti og því þótti mér betra að eiga tækið og geta gripið í það hvenær sem á þyrfti að halda,“ segir Geir en líklega skiptir hver klukkutími máli þegar unnið er að jafn stórum verkefnum og Geir gerir á hverjum degi. Hann vinnur nú að því ásamt öðrum að byggja fjölbýlishús, raðhús og parhús í Norðlingaholti sem munu að lokum geta hýst nítján fjölskyldur.

„Grafan hentar mjög vel húsbyggjendum og verktökum til að jafna inn í grunnum og grafa fyrir lögnum auk annarra smáverkefna,“ útskýrir Geir og áréttar að þó að tækið sé smátt sé það til marga hluta nytsamlegt. Smágrafan sem hann á sjálfur vegur eitt og hálft tonn og er algengasta gerð smágrafna. Þó er einnig hægt að fá þær stærri. „Grafan reynist mjög vel en maður vill alltaf stærra þegar maður er kominn á bragðið,“ segir hann sposkur og þykir ekki ólíklegt að hann muni fjárfesta í stærri smágröfu áður en langt um líður.


HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Vinnulyftur
- vélar í verkið þitt

- Erum með nýjar lyftur á lager til afhendingar strax.
- Inni- og útilyftur.
- Skæra- og bómulyftur.
- Eigum einnig til sölu notuð tæki af ýmsum gerðum.
- Hafið samband og fáið verð hvort sem um er að ræða kaup eða leigu.

Vinnulyftur ehf • Smiðsbúð 12 • Garðabæ
vinnulyftur.is • vinnulyftur@vinnulyftur.is • S. 544 8444

SKYJACK


## BESTI OG VERSTI VEGARKAFLINN



Haukur Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Vill göng undir Lónsheiðina

**Haukur Stefánsson, Reykjavík - Egilsstaðir.**
„Öll leiðin frá Reykjavík að Höfn er fínn kafli en firðirnir verri. Annars eru þetta allt ómögulegir vegir ef að er gáð, allt of mjóir og erfitt að mætast á þeim. Ætli Skeiðarársandur sé ekki bestur en Hvalnes- og Þvottárskriður verstar? Í skriðunum hef ég fengið á mig steina, meira að segja gegnum bílinn, brotið ljós og hvaðeina. Í stórrigningum þurfum við að tína steinana úr á nóttunni og það rignir steinum yfir okkur á meðan. Vegagerðin hætti að vakta svæðið um miðnætti en við erum ekki í skriðunum fyrr en um klukkan 2 eða 3. Þeir eru mjög liðlegir í Vegagerðinni fyrir austan en geta auðvitað ekki hangið yfir þessu allan sólarhringinn. Göng undir Lónsheiðina. Skrifaðu það.“

- gun

**BESTI OG VERSTI VEGARKAFLINN**



Birkir Þór Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## Gott að keyra Norðurárdal

**Birkir Þór Sigurðsson, Reykjavík - Akureyri.**

„Ég hef keyrt mikið á Siglufjörð og á Siglufjarðarleið, þjóðvegi 76, er vegurinn víða mjór og ójafn. En nýi vegurinn um Norðurárdal er frábær. Áður var svo erfitt að fara úr þröngri beygju, yfir einbreiða brú og upp í bratta brekku. Sem betur fór var sjaldan hált í þeirri brekku því við höfðum frábæran mann hjá Vegagerðinni sem heitir Snorri sem hugsaði vel um heiðina. Það hefur mikið að segja fyrir okkur hvernig er hugsað um vegina. Það versta er að Vegagerðarmenn hætta klukkan níu á kvöldin en bílarnir eru að fara af stað úr Reykjavík alveg fram undir átta. Það þyrfti að færa þjónustuna fram til klukkan 11 eða 12.“ *-gun*



Álfgeir Gíslason. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## Reykjavík - Höfn besta langleiðin

**Álfgeir Gíslason, Reykjavík - Hornafjörður.**

„Vegurinn í Reynisfjallinu vestanverðu er óþægilegasti kaflinn á leiðinni til Hornafjarðar. Besti kaflinn er allt hitt nema í hálku og miklu roki eins og kemur stundum við Lómagnúp og í Öræfunum. Þetta er samt besta langleiðin á landinu og útsýnið fallegt.“










# Gersemar í góðu skjóli

**Samgöngusafnið á Skógum geymir nokkrar vinnuvélar sem leystu handverkfærin af hólmi og voru stórkostlegar tækninýjungar á sinni tíð.**

„Alltaf er eitthvað að bætast við en húsið er fullt þannig að við getum ekki bætt inn á sýninguna en skiptum út hlutum annað slagið,“ segir Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Skógasafns. Hann tekur fram að ekki sé aðeins um hjóla- eða beltatæki að ræða á samgöngusafninu heldur séu þar líka munir sem tengjast pósti og síma og einnig rafvæðingu.

Gaman er að staldra við á Skógum og líta yfir þetta fágæta safn sem greinilega er vel hlúð að. „Það er oft leitað til okkar með alls konar muni sem tengjast samgöngum. Sumum getum við tekið við og öðrum ekki, eins og gengur,“ segir Sverrir. „Við erum heppin að hafa notið trausts þannig að fólk vilji koma hlutum til okkar.“

*- gun*



Sverrir Magnússon er framkvæmdastjóri Skógasafns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Caterpillar D4 DD beltaskófla árgerð 1945.



Deutz, árgerð 56, Massey Harris Pony, árgerð 49, Farmall Cup, árgerð ´49 og Ferguson ´49.



Caterpillar 12 E veghefill af árgerð 1941. Hann var í eigu Vegagerðarinnar og var gerður upp á Akureyri 1991-96.



Hann er ekki stór þessi vörubíll miðað við búkollur nútímans því heildarþyngd hans er 13,5 tonn og vélin 150 hestöfl. Gerðin er Scania Vabis, árgerðin 1954 og skrásetningarnúmerið X-24. Eigandi frá upphafi var Haraldur Georgsson, Haga í Gnúpverjahreppi, en núverandi eigandi, Jóhanna Haraldsdóttir, lánaði bílinn á sýninguna í Skógum.


Örugg fjarskipti:

Talstöðvar á tilboðsverði

meðan birgðir endast.

Bjóðum 99 rása Maxon bílstöðvar á ótrúlega lágu verði:

29.900.-

Verð með ísetningu og loftneti kr. 39.900.-

Vandaðar talstöðvar sem hafa margsannað gildi sitt í vinnuvélum, lögreglubílum og leigubílum.





Danita 103 handstöðvar

tvær í pakka

11.900.-

Fylgihlutapakki: hleðslurafhlöður og borðhleðslutæki ásamt heyrnartóli með sendirofa.

Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.

Nett, frábær loftnet á flestar gerðir bifreiða.





MÚLARADIÓ

rafeindaþjónusta

FELLSMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI: 554 1550, 588 7211

OTTÓ AUGLÝSINGAR

Gúmmíbelti undir allar vélar

LINSER INDUSTRIE SERVISE





impex EHF

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is







VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykajavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is



Terex Búkollur



Terex Traktorsgröfur



Terex Hjólagröfur



Terex Brjótar



Terex Hörpur



Terex Hjólaskófur



Terex Dumperar



Arrowhead Fleygar

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200
www.velfang.is • velfang@velfang.is

VR 2007




# Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

**Margföld ending og slitþol!**

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

*Á góðum járnum*

HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is




## BESTI OG VERSTI VEGARKAFLINN



Kjartan Bjarnason. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Óslétt og missigið Aðaldalshraun

**Kjartan Bjarnason Reykjavík - Húsavík.**

„Sá versti er Aðaldalshraunið. Hann er svo ósléttur og missiginn. Besti er Norðurárdalur í Skagafirði. Þar var nýr vegur opnaður fyrir fáum vikum sem nær frá Silfrastöðum upp á Öxnadalsheiði. Þar losnuðum við við fjórar einbreiðar brýr.“



**Volvo hefur sent frá sér alls konar vörubíla frá 1927.**

# Vörubílarisi

Volvo Trucks, eða Volvo Lastvagnar, er einn stærsti vörubílaframleiðandi í heimi. Fyrirtækið var stofnað árið 1927 og náði fljótt fótfestu á markaðinum.

Höfuðsetur fyrirtækisins eru nú í Gautaborg í Svíþjóð en framleiðslan fer fram í sautján löndum og starfa 35.000 manns á vegum þess.

Vörubílaframleiðendurnir Renault Trucks, Mack Trucks og UD Trucks heyra undir Volvo Trucks. Þess má geta að yfir 100.000 Volvo vörubílar voru seldir árið















THULE® SWEDEN

Fjölbreyttar lausnir fyrir fagmenn.

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000



# Sjáumst í vetur!

- ENDURSKIN, ÖRYGGI, ÞÆGINDI

Þægileg vetrarvinnuföt með endurskini.
Hlý og hrinda frá sér óhreinindum og raka en anda vel.
Besti kosturinn á köldum vetrum.

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

**Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is**

Sérmerkjum fatnað og sendum hvert á land sem er.

# bílaland B&L

Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 06/2006, 2700cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur, Ekinn 60.000 þ. Verð: 2.800.000
Tilboðsverð 2.150.000



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 12/2001, 0cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Grænn, Ekinn 93.000 þ. Verð: 980.000 Tilboðsverð 650.000



**HYUNDAI STAREX**
Nýskr: 06/2001, 2400cc 4 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 120.000 þ. Verð: 1.340.000
Tilboðsverð 1.080.000



**NISSAN TERRANO II 5-SR**
Nýskr: 03/1999, 2400cc 5 dyra, Fimmgíra, Hvítur, Ekinn 181.000 þ. Verð: 690.000
Tilboðsverð 490.000



**RENAULT LAGUNA**
Nýskr: 06/2000, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 137.000 þ. Verð: 820.000
Tilboðsverð 620.000



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 07/2004, 1600cc 4 dyra, Beinskiptur, Rauður, Ekinn 84.000 þ. Verð: 1.440.000
Tilboðsverð 1.180.000

## Verð frá 500.000 til 1.500.000



**HYUNDAI GETZ**
Nýskr: 02/2006, 1400cc 5 dyra, Fimmgíra, Ljósblár, Ekinn 21.000 þ.
Verð: 1.260.000



**RENAULT LAGUNA II**
Nýskr: 05/2001, 1600cc 4 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 87.000 þ.
Verð: 950.000



**RENAULT MEGANE**
Nýskr: 07/2001, 1600cc 4 dyra, Fimmgíra, Grænn, Ekinn 167.000 þ.
Verð: 590.000



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 06/2004, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn 52.000 þ.
Verð: 1.450.000



**RENAULT SCENIC**
Nýskr: 11/2000, 2000cc 5 dyra, Fimmgíra, Dökkgrænn, Ekinn 122.000 þ. Verð: 950.000



**VOLKSWAGEN POLO**
Nýskr: 01/2001, 1400cc 3 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 111.870 þ.
Verð: 570.000

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000



**BMW 118I**
Nýskr: 11/2005, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 17.000 þ.
Verð: 2.780.000



**CITROEN C3**
Nýskr: 07/2006, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ekinn 15.000 þ.
Verð: 1.520.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 04/2002, 2700cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður/Grár, Ekinn 53.000 þ.
Verð: 1.730.000



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 07/2003, 2900cc Disel 5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 116.000 þ.
Verð: 2.430.000



**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 07/2005, 2000cc Disel 4 dyra, Sjálfskiptur, Grár / Svartur, Ekinn 52.000 þ. Verð: 2.620.000



**NISSAN X TRAIL**
Nýskr: 07/2003, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Blár/Svartur, Ekinn 48.000 þ.
Verð: 1.680.000

## 3.000.000 +



**BMW 318I**
Nýskr: 05/2007, 2000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 4.000 þ.
Verð: 3.500.000



**BMW X3**
Nýskr: 08/2004, 2500cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 56.000 þ.
Verð: 3.900.000



**BMW X5**
Nýskr: 11/2004, 3000cc 5 dyra, Fimmgíra, Blár, Ekinn 76.000 þ.
Verð: 4.700.000



**HYUNDAI SANTA FE II**
Nýskr: 10/2006, 2700cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur, Ekinn 16.000 þ.
Verð: 3.590.000



**LAND ROVER DISCOVERY SERIES III** Nýskr: 05/2005, 2700cc Disel 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár, Ekinn 74.000 þ.
Verð: 5.900.000



**VOLVO XC90**
Nýskr: 05/2007, 4400cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ekinn 3.000 þ.
Verð: 7.500.000

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074

Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230

## Rafport

## Sölumaður / rafvirki

**Óskum eftir sölumanni / rafvirkja**

Starfið felur í sér sölu á raflagnaefni af öllu tagi ásamt ráðgjöf. Skilyrði er að viðkomandi sé rafvirki eða með haldgóða þekkingu á raflagnaefni. Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem getur hafið störf sem fyrst.
Við bjóðum skemmtilegt starfsumhverfi í samheldnum hópi yngri og eldri starfsmanna.

> **Áhugasamir hafi samband við Jón Þór í síma 897 7383 eða sendi umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið jonthor@rafport.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Rafport | Nýbýlavegi 14 | 200 Kópavogur | Sími 554 4443 | Fax 554 4102 | www.rafport.is | rafport@rafport.is

## SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**



PÓSTURINN
allur pakkinn

# Bílstjórar

## – vaktavinna eða hlutastarf á kvöldin

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfi eða hlutastarfi á kvöldin.

Hæfniskröfur:
- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Linda Björk Jónsdóttir
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjórar

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

N1

# LIÐSMAÐUR ÓSKAST

**N1** óskar eftir liðsmanni í **lakkdeild** sem staðsett er í verslun félagsins að **Bíldshöfða 9**, Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Sala og afgreiðsla á lakki og lakkvörum
- Blöndun á lakki
- Önnur tilfallandi störf í lakkdeild

**Hæfniskröfur:**
- Almenn þekking á bílum og bílatengdum efnum
- Þjónustulipurð
- Samskiptafærni
- Stundvísi og áreiðanleiki

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Guðgeir Magnússon**, deildarstjóri lakkdeildar í síma 440 1198. Áhugasamir sæki um starfið á **www.n1.is**. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**N1 VERSLANIR**
N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
WWW.N1.IS

## 365 miðlar ehf. leita að prófarkalesara í fullt starf á sjónvarpssvið

**Leitað er að stundvísri og nákvæmri manneskju.**

**Starfssvið:**
- Prófarkalestur
- Málfarsráðgjöf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- BA-próf í íslensku eða almennum málvísindum
- Almenn tölvuþekking
- Góðir samstarfshæfileikar

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veitir: Ástþrúður Sif Sveinsdóttir deildarstjóri flutnings- og þýðingadeildar 365 í síma 5125000. Umsóknir skal senda á astthrudur.sif.sveinsdottir@365.is**

365

**365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.**

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**



# Óskabarnið í Vatnsmýrinni

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál

Eins og allir vita þá hefur Iceland Express lagt fram hugmyndir um risavaxna flugstöð í Vatnsmýrinni. Þetta eru stórkostlegar hugmyndir og ber að fagna þeim. Borgaryfirvöld hafa að vísu hafnað þessum hugmyndum en munu örugglega skipta um skoðun eftir að hafa lesið þessa grein.

Eins og allir vita þá eru til illgjarnir menn sem vilja hola óskabarni þjóðarinnar niður uppi á köldum og næðingssömum heiðum eða í einhverjum rok og rigningarrassi suður með sjó. Varðandi heiðarnar þá hefur samgönguráðherra bent á í viðtölum að Hólmsheiðin sé um 135 metra há. Þetta er ekkert smáræði og jafnast næstum á við hæstu fjöll Danmerkur og má þar til dæmis nefna fjallgarð einn mikinn á Fjóni sem kallast De Fynske Alper, sem útleggst á íslensku sem Fjónsku Alparnir. Við blásum því á allar fyrirætlanir um að flytja flugvöllinn og skulum frekar huga að endurbótum á athafnasvæði óskabarnsins. Það gerum við með því að lengja flugbrautir í allar áttir, byggja nýja og glæsilega flugstöð og flytja allt millilandaflug í miðborg Reykjavíkur. Af þessu yrði mikill þjóðhagslegur sparnaður.


EINAR GUNNAR BIRGISSON

Það er lítið mál að gera uppfyllingar út í sjó til þess að lengja flugbrautir og stækka athafnasvæði óskabarnsins, sem er með vaxtarverki og þarf pláss til að dafna. Við norðurenda norður/suður flugbrautar er garðræksni sem kallast Hljómskálagarðurinn og er óþarfi að vera neitt að púkka upp á hann lengur. Þangað má lengja flugbrautina. Þar í framhaldinu er einhver forarpollur þar sem í sífellu svífa yfir sískítandi mávar og annað fiðurfé. Það þarf að fylla upp í þessa úreltu tjörn og gera þar athafnasvæði fyrir óskabarnið, sem getur þá keyrt rellurnar alveg upp að ráðhúsinu og næstum að Alþingishúsinu. Það er stórkostlegt hagræði að þessu fyrir alþingismenn sem þurfa að vera í góðu sambandi við kjördæmin sín. Þeir hoppa bara beint inn í vél.

Framsýni einkennir okkur Íslendinga. Það er mikil lukka fyrir samfélag þjóðanna að hafa þjóð eins og okkur innanborðs. Við erum heimsborgarar og viljum fljúga á milli miðborga. Við þurfum að fara fram á það við borgaryfirvöld vinsælla borga erlendis, t.d. í London, að gerðar verði flugbrautir í miðborginni. Við getum vitnað til um það að slíkt er algjör sæla. Það er bara heimilislegt að heyra gný og skellinöðruhljóð berast úr háloftunum í sífellu og frá morgni til kvölds og sérstaklega þó snemma á sunnudagsmorgnum. En morgunstund gefur gull í mund og það elur á leti að liggja í bælinu á sunnudagsmorgnum. Þegar ég var unglingur fyrir allt of löngu síðan hafði ég svo gaman af skellinöðrum og líkar því alltaf vel þegar ég heyri í hljóðkútslausri háloftaskellinöðru.

Örfáar heilagar nöldurskjóður munu setja sig uppá móti glæsilegum hugmyndum mínum og finna þeim allt til foráttu enn við blásum bara á það. Þetta lið getur bara flutt uppí sveit. Farið hefur fé betra. Það er notalegt fyrir okkur að vita að kvartanir þessara nöldurskjóða rata jafnharðan í ruslafötuna. Hálfnað er verk þegar hafið er og fyrsta skóflustungan fyrir nýjum flugvelli í miðborginni er í raun tekin með þessari grein.

*Höfundur er Reykvíkingur og áhugamaður um skipulagsmál.*

# Frelsi, forræðishyggja, og forvarnir

**UMRÆÐAN**
Áfengissala


RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

Frumvarp um afnám á einokunarsölu ríkisins á léttu víni og bjór er nú enn og aftur lagt fram á Alþingi. Spurningin er: Er það réttlætanlegt að þessar tilteknu vörutegundir sé einungis hægt að kaupa í verslunum á vegum ríkisins? Er það fyrirkomulag í takt við nútímann og það frelsi sem nú tíðkast almennt í verslun og viðskiptum, jafnt hér á landi sem á öðrum Vesturlöndum? Áfengislöggjöfin á Íslandi er ein sú strangasta í heiminum, en í henni er m.a. kveðið á um einkaleyfi, auglýsingabann, 20 ára aldurstakmark og mjög hátt verð.

Andstæðingar frumvarpsins sem nú liggur fyrir telja að ákveðinni forræðishyggju beri að beita í þessum efnum í forvarnarskyni. Ríkinu sé best treystandi til að hafa vit fyrir fólki og því sé réttast að sala á áfengi fari alfarið fram af hálfu verslana á vegum ríkisins. Verði áfengi selt í matvöruverslunum sé verið að auka aðgang fólks að því og það þýði meiri neyslu og misnotkun, ekki síst meðal fólks undir lögaldri.

Hér er alls ekki verið að gera lítið úr því böli sem fylgt getur áfengi sé það misnotað og þeim afleiðingum sem drykkja unglinga getur haft í för með sér. Flestir geta tekið undir það að forvarnir megi stöðugt efla, jafnt varðandi reykingar og áfengisnotkun sem og aðra þætti sem lúta að lýðheilsu.

En þáttur okkar foreldra er líklega mikilvægastur þegar að forvörnum kemur. Við berum ábyrgð á börnum okkar og okkur ber að upplýsa þau um skaðsemi og hugsanlegar afleiðingar áfengisdrykkju rétt eins og við kennum þeim á aðra hluti í lífinu. Hvort áfengi verði selt í öðrum verslunum en þeim sem ríkið rekur er aukaatriði. Það er verið að fjalla um þau grundvallaratriði að afnema einokun og forræðishyggju. Einnig þau grundvallaratriði að einstaklingarnir hafi frelsi til athafna og þeim sé best treystandi til að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínu lífi.

*Höfundur er varaþingmaður og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*




**JEAN-CLAUDE VAN DAMME HASARMYNDAHETJA ER 47 ÁRA Í DAG.**

*„Guð gaf mér frábæran líkama og það er skylda mín að hugsa vel um líkamlegt musteri mitt.“*

***Belgíska hasarmyndahetjan Jean-Claude van Damme var öflugur bardagaíþróttamaður á yngri árum en sneri sér að leiklistinni árið 1988 þó að leiklistarhæfileikar hans hafi verið mjög umdeildir í gegnum tíðina.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 18. OKTÓBER 1931

## Thomas Alva Edison lést

Bandaríski uppfinningamaðurinn Thomas Alva Edison lést þennan dag árið 1931. Hann varð frægur á nítjándu öld fyrir fjölmargar uppfinningar sínar en meðal þeirra voru endurbætur á ljósaperunni og símanum. Þá fann hann upp hljóðritun og kvikmyndun, smíðaði fyrsta kvikmyndaverið og stóð fyrir raflýsingu New York-borgar. Talið er að uppfinningar Edisons hafi í heildina verið um þúsund talsins.

Uppfinningar Edisons höfðu mikið gildi fyrir almenning og gjörbreyttu margar daglegu lífi fólks með auknum þægindum og skemmtanagildi, svo ekki er að undra að uppfinningamaðurinn var afar vinsæll meðal landa sinna.



**UPPFINNINGAMAÐUR** Thomas Alva Edison var einn mesti uppfinningamaður fyrr og síðar og var gjarnan kallaður galdrakarlinn af samlöndum sínum.

Edison fæddist hinn 11. febrúar árið 1847 og ólst upp í Port Huron í Michigan-ríki fram til sextán ára aldurs, þegar hann fór að heiman. Menntun þessa mikla uppfinningamanns takmarkaðist við örfáa mánuði sem barn en móðir hans kenndi honum sjálf að lesa og skrifa. Eftir það menntaði hann sig sjálfur og forvitnin rak hann áfram í lestur bóka og fræða.

Árið 1871 giftist Edison Mary Stilwell, sem lést þrettán árum síðar, en þau eignuðust þrjú börn. Árið 1886 giftist hann hinni nítján ára gömlu Minu Miller og bjó með henni til dauðadags en þau eignuðust þrjú börn.

## MERKISATBURÐIR

**1906** Sjö hús brenna á Akureyri og um áttatíu manns missa heimili sín.

**1913** Ljósahátíð er haldin á Seyðisfirði þegar rafveitan er vígð og rafljós kveikt i fyrsta sinn.

**1918** Þýskur kafbátur sökkvir togaranum Nirði suðvestur af St. Kilda. Tólf manna áhöfn kemst í báta og er bjargað.

**1954** Einar Jónsson myndhöggvari andast áttræður að aldri.

**1968** John Lennon og Yoko Ono eru handtekin fyrir að hafa eiturlyf undir höndum.

**1989** Leiðtogi Austur-Þýskalands, Erich Honecker, er neyddur til að segja af sér.

## Útskrift Jarðhitaskólans

Tuttugasti og níundi árgangur Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna útskrifaðist um miðjan október. Útskriftarnemar koma frá fjórtán löndum og voru tuttugu og einn talsins. Við athöfnina flutti forstöðumaður Jarðhitaskólans, Ingvar Birgir Friðleifsson, skólaslitaræðu. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra flutti ávarp fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og fulltrúi nemenda, Johannes Lemma Didana, jarðeðlisfræðingur frá Jarðfræðistofnun Eþíópíu, talaði fyrir hönd nemenda.

Að þessum nemendum meðtöldum hafa 380 nemendur frá 41 landi lokið sex mánaða námi við skólann frá upphafi árið 1979. www.utanrikisraduneyti.is



**ÞÚSALDARMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Jarðhitaskólinn er með námskeið í löndum eins og Keníu og El Salvador.

**VEIGAR MARGEIRSSON:** SAXÓFÓNKONSERT FRUMFLUTTUR AF SINFÓNÍUNNI

# Forréttindi að geta lifað af því sem mann langar að gera

„Saxófónkonsertar eru frekar sjaldgæfir. Þó svo saxófónn sé vissulega notaður í klassískri tónlist þá er hann ekki hefðbundinn þar og er mun algengara hljóðfæri í dægurtónlist og djassi. En Sigurður Flosason er einn af þeim mönnum sem er afskaplega flinkur í báðum deildum og ég samdi verkið með hann í huga, enda bað hann mig um það.“ Þetta segir tónskáldið Veigar Margeirsson en nýr saxófónkonsert eftir hann verður frumfluttur í kvöld á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Veigar segir verkið skrifað með það í huga að Sigurður geti leikið af fingrum fram og þeir hafi verið sammála um að nota íslensk þjóðlög í uppistöðunni. „Fyrsti kaflinn er alveg frumsaminn en í þjóðlegum stíl. Annar er byggður á sálmalaginu Hér undir jarðar hvílir moldu sem er einkar vel upp byggt hljómalega séð. Þriðji kaflinn er byggður á Hættu að gráta hringaná og sá fjórði á Sofðu unga ástin mín sem er meðal þekktustu þjóðlaganna,“ lýsir hann.

Veigar hefur búið í Bandaríkjunum síðustu fjórtán árin. Er hann alveg fluttur vestur um haf? „Ég er einn hinna mörgu íslensku námsmanna sem er bara ekki kominn heim aftur,“ svarar hann brosandi. „Ég fór út á sérhæfingarsvið og fæ einfaldlega fleiri tækifæri ytra en hér. Tók kvikmyndatónlist fyrir og hef líka samið fyrir auglýsingar og kynningarmyndbönd svo og útsetningar fyrir hljómsveitir.“

Ekki kveðst Veigar vera ráðinn hjá stórfyrirtæki heldur reka eigið stúdíó bak við hús ásamt konu sinni Sigríði Rögnu Jónasdóttur. „Ég er þúsundþjalasmiður að eðlisfari eins og flestir Íslendingar og það hefur marga kosti. En í risastórum samfélögum eru menn meira hver á sinni hillu. Ég fæst mest við sinfóníska tónlist eða í stórsveitarstíl en rokkið snerti ég varla lengur.“

Veigar á tvö börn, Ragnhildi 13 ára og Viktor Árna fjögurra ára, og kveðst mikill fjölskyldumaður. Því hafi það hentað honum vel að leggja fyrir sig tónsmíðar „Ég get komið börnunum af stað í skólann og tekið á móti þeim þegar þau koma heim en vinn oft mikið á kvöldin og jafnvel heilu næturnar. Ég er minn eigin herra og eigin þræll á sama tíma. Það eru þó forréttindi að lifa af því sem mann langar að gera.“

Hann kveðst semja alla sína tónlist í tölvu. „Það skiptir miklu máli að vera tæknilega sinnaður,“ segir hann. „Ég kem samt af gamla skólanum og byrjaði með blað og blýant en það er bara of tímafrekt. Ég er samt með minnisbækur sem ég skrifa í, í bílnum, á náttborðinu og víðar því það væri hræðilegt að glata gullnu melódíunni.“ **gun@frettabladid.is**



**TÓNSKÁLDIÐ OG SAXÓFÓNLEIKARINN** Veigar Margeirsson og Sigurður Flosason hlakka til kvöldsins og segja gaman að vinna með hinum unga finnska hljómsveitarstjóra, Evu Ollikainen.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalbjörg Pétursdóttir**

frá Bót, Furuvöllum 5, Egilsstöðum,

andaðist 11. október á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum. Útför hennar fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 20. október kl. 14.

**Hermann,**
**Björn,**
**Sigríður,**
**Pétur,**
**tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Inga Straumland**

lést sunnudaginn 14. október á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi. Hún verður jarðsungin frá Garðakirkju á Garðaholti á Álftanesi föstudaginn 19. október kl. 15.00.

**Svala Sigurleifsdóttir**
**Bjarney J. Sigurleifsdóttir** **Vilmundur Þorsteinsson**
**Kristín S. Sigurleifsdóttir** **Kristján Sveinbjörnsson**
**og barnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Hjördísar Pétursdóttur**

Sörlaskjóli 32, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Karitas og Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Gunnsteinn Magnússon**
**Ingibjörg Bjarnadóttir** **Hannes Erlendsson**
**Ágúst Bjarnason** **Guðrún C. Emilsdóttir**
**Guðrún Bjarnadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Anna Kristjánsdóttir**

(Dúna), Mýrarvegi 115, Akureyri,

andaðist að morgni hins 12. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. október kl. 13.30.

**Sigmundur Magnússon**
**Þórný Kristín Sigmundsdóttir**
**Stefanía Gerður Sigmundsdóttir** **Helgi Jóhannesson**
**Sigrún Hulda Sigmundsdóttir** **Finnbogi Rútur Jóhannesson**
**Þórir Sigmundur Þórisson** **Guðrún Erla Gísladóttir**
**Björn Þór Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


## AFMÆLI



**FRIÐRIK SOPHUSSON,** forstjóri Landsvirkjunar, er 64 ára.



**HANY HADAYA DANSARI** er 45 ára.



**CHUCK BERRY** tónlistarmaður er 81 árs.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Bónus býður lægsta matvöruverð á Íslandi

BÓNUS

# Helgartilboð 18.-21. október







SS KONÍAKSLEGNAR SVÍNALUNDIR **1469 KR/KG.**

*40% AFSLÁTTUR* ~~2448 KR/KG.~~




COKE LIGHT 2 LTR. **79 KR.**

KS FROSIN SVIÐ 399 KR/KG.

40% AFSLÁTTUR **239 KR/KG.**

BÓNUS

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30.

# TÖLVU TILBOÐ

## Fartölvurnar frá Packard Bell eru í algjörum sérflokki




Packard Bell

FYRSTA GREIÐSLA 1.DES
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48MÁN

- AMD Dual Core X2 TL56 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View 8ms skjár
- 128MB ATI HD X2400 skjákort 896MB HM
- 2.0 hátalarakerfi og Skype Certified MIC
- BlueTooth 2.0 og 54Mbps þráðlaust net
- 1.3MP hágæða vefmyndavél innbyggð
- Ótrúlega létt og nett aðeins 2.6KG

Windows VISTA Home Premium

**99.900**

VE36 **3.916** VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

### PACKARD BELL MX52

- AMD Turion64 MK38 2.2GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI X1200 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell fartölva með lyklaborði í fullri stærð með sjálfstæðu talnaborði, kortalesara og 54Mbps þráðlausu neti

**79.900**

VE12 **7.775** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði



Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

### PACKARD BELL MX61

- AMD Turion64 MK38 2.2GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 128MB ATI HD X2400 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Frábær fartölva frá Packard Bell með HDMI, DVI, FireWire, Bluetooth 2.0, kortalesara og 54Mbps þráðlausu neti

**89.900**

VE24 **4.830** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði



Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

### PACKARD BELL MB85

- Intel Core 2 Duo T5450 1.66GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB GeForce 8600 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Fislétt aðeins 2.6KG með Intel Santa Rosa tækni, 300Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI, HDMI og 2.1 hljóðkerfi

**119.900**

VE36 **4.630** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði



Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

### PACKARD BELL SJ81

- AMD Dual Core X2 TL56 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA DiamondView skjár
- 256MB GeForce 8600 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Frábær fartölva frá Packard Bell með HDMI, DVI, FireWire, Bluetooth 2.0, kortalesara og 54Mbps þráðlausu neti

**109.900**

VE48 **3.473** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifödu. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl




Packard Bell®

# 17" SANTA ROSA FARTÖLVAN FRÁ PACKARD BELL

**Intel Core 2 Duo**
Nýjasti og einn öflugasti Santa Rosa Core 2 Duo örgjörvinn frá Intel með enn meiri hraða!

**17" DIAMOND VIEW**
Einn besti ferðatölvu-skjárinn í dag. Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 8ms hraða

**512MB 8600GS**
Nýjasta og öflugasta skjákortið í dag með 512MB sjálfstætt minni og 1.28GB Turbo Cache

**SJÓNVARPSKORT**
Innbyggt Analog og Digital sjónvarpskort með glæsilegri VISTA Media Center fjarstýringu

**VISTA PREMIUM**
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmögu-leikar og fleiri nýjungar

**300Mbps DRAFT-N**
Nýjasti staðallinn í þráðlausu neti með 6x meiri hraða, 3x meiri drægni og áreiðanleika

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz 4MB örgörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB DUAL SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View 8ms skjár
- 512MB GeForce 8600GS skjákort MEÐ HDMI
- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
- 300Mbps þráðlaust net og BlueTooth 2.0
- 1.3MP hágæða vefmyndavél innbyggð
- Sjónvarpskort með MCE fjarstýringu
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**

VE36 **4.995** VE LÁN Í 36 MÁNUÐI

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**Packard Bell á Íslandi**
Tölvutek er umboðs- og dreifingaraðili Packard Bell á Íslandi. Í samstarfi við Packard Bell býður Tölvutek upp á nýjustu línu Packard Bell á ótrúlegu kynningarverði.

***Hágæða ferðatölvur***
Packard Bell var stofnað 1926 og framleiddi þá útvörp fyrir almenning, nú rúmlega 80 árum síðar er Packard Bell þriðji stærsti söluaðili á tölvum til einstaklinga í Evrópu. Packard Bell fartölvur eru öðrum betri með betri kælingu, 100% hljóðlátar, mjög áreiðan-legar og sterkbyggðar

**Service Center**
Þjónustudeild Tölvuteks er viðurkennt Service Center fyrir Packard Bell á Íslandi og skartar einhverjum öflugustu tæknimönnum landsins.

**Endursöluaðilar**
Óskum eftir Packard Bell endursöluaðilum um land allt.

vodafone Iceland Express 1811 vörður

512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE

Á LAUGARDAG

EVERTON
LIVERPOOL 11:25 HD

ARSENAL
BOLTON 13:45

KL. 13:55 MIDDLESBROUGH – CHELSEA SÝN EXTRA
KL. 13:55 BLACKBURN – READING SÝN EXTRA 2
KL. 13:55 MAN. CITY – BIRMINGHAM SÝN EXTRA 3
KL. 13:55 WIGAN – PORTSMOUTH SÝN EXTRA 4
KL. 16:00 ASTON VILLA – MAN. UTD SÝN 2

HD

FÁÐU ÞÉR HD MYNDLYKIL Í VERSLUN VODAFONE, SKÚTUVOGI 2 OG NJÓTTU FYRSTU ÚTSENDINGAR DIGITAL ÍSLANDS Á SÝN 2 Í HÁSKERPU.




SÝN 2 enski boltinn

# STUÐ MILLI STRÍÐA Aukakíló, skuldir og eintóm yfirvinna

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** VILL EKKI AÐ ÍSLANDI VERÐI AÐ VÚLGARÍU



Íslenskir bankar og skólafélög eiga í stríði. Menntaskólanemar þora varla út fyrir hússins dyr og síst af öllu inn í Kringluna fyrir ágengum bankaútsendurum. „Þetta eru hvort eð er engin börn svo þetta er allt í lagi,“ segja bankarnir og saka skólafélögin á móti um að seilast of djúpt í þeirra vasa.

Svona fréttir heyrast svo reglulega að við af yngri kynslóðinni kippum okkur varla lengur upp við þær. Foreldrum okkar stendur hins vegar ekki á sama. Enda muna margir þeirra niðurlæginguna sem fylgdi því að betla lán af bankastjórum í reykmettuðum bakherbergjum hér áður fyrr. Þá fengust lán ekki á silfurfati.

Já, tímarnir hafa breyst og mennirnir með og velmegun er orð dagsins. Aldrei höfum við Íslendingar haft úr jafn fjölbreyttri fæðu að velja. Eða átt jafn stóra og flotta bíla, sjónvörp og hús. Bílarnir eru meira að segja svo stórir að bílskúrarnir rúma þá ekki lengur. Í raun höfum við bara aldrei átt jafn mikið af öllu og nú. Við höfum heldur aldrei átt eins mikið af aukakílóum, skuldum og unnið eins mikla yfirvinnu, enda verður nú einu sinni að borga af öllu draslinu. Það dugir þó ekki til og þess vegna er allt veðsett upp í topp. Því er ekkert skrítið að bankarnir skuli snúa sér að skólakrökkunum; þar er kannski eitthvað að hafa. Ef einhver man eftir bókinni Kittý Kittý Bang Bang er veruleikinn sem við okkur Íslendingum blasir kannski ekkert ósvipaður ríkinu Vúlgaríu þar sem hirðin býr við veraldlegar allsnægtir en andlega fátækt og börn eru bönnuð með lögum. Þar er meira að segja sérstakur barnafangari sem lokkar til sín síðustu börnin með sælgæti og setur þau í fangelsi.

Boðskapurinn er sá að það borgar sig ekki að taka auðævi fram yfir lífshamingju. Enda geta flest okkar sem höfum lesið bókina verið sammála um að Vúlgaría er ekki ákjósanlegur dvalarstaður. Við myndum ekki einu sinni verja fríinu þar. Nei, þá er betra að búa þar sem raunveruleg lífsgæði eru metin að verðleikum og börn mega vera börn í friði.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




JUST 4 KIDS
GÓÐIR ÍSLENDINGAR!
Við opnum í lok mánaðarins
við brúna hjá Ikea.
Just4Kids ...ekki bara leikföng!
ÉG MAN ÞETTA!
VIÐ BRÚNA ...HJÁ IKEA.
SJÁUMST Í JUST4KIDS!
HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
JUST 4 KIDS
REYKJAVÍK
Just4Kids er risastór
ævintýraveröld með
leikföng, barnahúsgögn,
barnaföt og ungbarnavörur.
www.just4kids.is

**! kl. 17**

*Haldin verður kynning á fatalínunni Ull á köldum klaka í Startart, Laugavegi 12b, í dag á milli 17 og 21. Verður hönnuður línunnar, Gaga Skorrdal, á staðnum. Hún hefur hingað til verið þekktust fyrir prjónahönnun sína, en þessi nýja fatalína markar frumraun hennar á sviði þess að hanna saumaðan fatnað.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Lífið litríkt í fornöld

Sú hugmynd er útbreidd um myndlist Grikklands til forna að Grikkirnir hafi aðhyllst naumhyggjulegan smekk. Hugmyndin byggist á sönnunargögnunum: virðulegar hvítar marmarastyttur sem berja má augum á menningarsögusöfnum víða um heim. Stytturnar sýna okkur hvernig stórmenni eins og Sókrates, Alexander mikli og Aristóteles hefðu litið út hefðu þeir verið hvítklæddir albínóar.

Veðri, vindum og framrás tímans má þó að mestu leyti kenna um útlit styttnanna eins og það er í dag. Upphaflega voru þær málaðar í sterkum litum og voru því afar frábrugðnar hinni viðteknu ímynd. Fornleifafræðingar gerðu þessa merku uppgötvun árið 1811, en þá höfðu styttur forn-Grikkja verið mærðar öldum saman sem ímynd klassískrar menningar og orðið mörgum kynslóðum myndhöggvara innblástur til sköpunar hvítra marmarameistaraverka.

Það er synd að málaðar styttur hafa ekki varðveist að neinu ráði, enda væru þær ómetanleg heimild um klæðaburð, útlit og fegurðarskyn fornaldar. Það er helst að leifar af rauðri málningu hafi varðveist, sem sýnir okkur að styttur af hermönnum á vígvellinum voru jafnan hafðar blóðugar.

Um þessar mundir stendur þó yfir sýning í Arthur M. Sackler listasafninu í Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Á sýningunni býðst gestum að sjá hvernig grískar höggmyndir litu út í fornöld. Fornleifafræðingar hafa notast við margvíslegar vísindalegar aðferðir til þess að finna út hvaða litir skreyttu upprunalegu stytturnar. Svo gerðu þeir eftirmyndir af styttunum og máluðu þær. Sýningin þykir litrík og birtir okkur þannig þessa sígildu list í alveg nýju, en þó upprunalegu, ljósi. - vþ



**FORNGRÍSK LIST** Þessar styttur voru upphaflega málaðar ýmsum litum.



**SINNEP**

**Atli Ingólfsson**

## Snobbum!

Oft verja menn af mestri sannfæringu það sem þeir þekkja minnst. Ekki hneykslast. Það sýnir andlegan þroska að aðhyllast eitthvað sem maður skilur ekki.

Orðið snobb á víst uppruna sinn í kirkjubókum einhverjum. Við nafn hvers nýbura var skráður aðalstitill ef við átti. Þeir sem engan titil báru voru merktir upp á latínu sine nobilitate, skammstafað s.nob. Skammstöfunin var síðan væntanlega notuð í talmáli um þá sem gerðu sér far um að umgangast hefðarfólk án þess að vera þess umkomnir. Orðið á sumsé við um þann sem leitar á einhvern hátt upp fyrir sig. Þetta er vanmetinn eiginleiki.

1) Jæja, snobb í veraldlegum efnum er viðsjárvert. Menn eyða um efni fram til að þykjast efnaðri en þeir eru. Það getur orðið þeim að falli.

2) Þó er eins og fólki sé frekar álasað fyrir annars konar snobb: Bókmennta-, lista- eða menningarsnobb. Er ekki efnasnobbið oft hulið jákvæðari orðum eins og metnaður eða dugnaður?

3) Listasnobbarinn er sakaður um tilgerð. Hann ku upphefja sig með einhverju sem hann hefur ekki vit á. En hversu mikinn skilning þurfa menn að hafa til að áhugi þeirra teljist ekki snobb? Hafa allir þeir sem fara á völlinn svo mikið vit á fótbolta? Listasnobbarinn er ekki að upphefja sig frekar en klappstýran.

4) Listasnobb er í raun bara trúin á að listin feli í sér eitthvað sem er þess virði að þekkja. Snobb almennt er viðurkenning á því að til séu gildi sem við þráum að höndla þótt þau séu handan seilingar um stundar sakir eða löngum.

5) Það skiptir ekki miklu hvort hinn snobbaði fær um síðir einhverja dýpri þekkingu á innviðum listarinnar (hvað sem það nú er). Að fara á tónleika, sýningu eða lesa góða bók er alltaf hollara en að gera það ekki, eins þótt manni leiðist eða taki bara eftir aukaatriðum. Oftast verður þetta auðvitað að sérstakri þekkingu eða reynslu sem auðgar manninn. Svo gætu menn fyrir slysni orðið nobb, innvígðir. Ég viðurkenni fúslega að það sem fyrst hreif mig við bækur var lyktin af þeim. Svo reyndist ágætt að blaða í þeim til að hafa eitthvað fyrir stafni á meðan ég lyktaði.

6) Kannski má lýsa öllum þekkingarþorsta sem snobbi. Þegar barnið bullar, er það ekki málsnobb? En þannig lærir það að tala.

7) Megi menn vera einarðir í snobbi sínu en ekki þykjast betri fyrir það.

## NÝJAR BÆKUR



**D**rengmóður er sjöunda ljóðabók Garðars Baldvinssonar. Bókin veitir fágæta innsýn í bæjarbrag Reykjavíkur um miðbik 20. aldar. Í þessari bók fjallar Garðar meðal annars um sundrun fjölskyldutengsla, heimilisofbeldi og þann gamla sið að senda börn langa vegu burtu í fóstur, en einnig lífsvilja og ást.



**S**öngur regns og grafar er eftir Xavier Grall. Þýðandi er Ólöf Pétursdóttir. Xavier Grall var bretónskur blaðamaður, rithöfundur og skáld. Hann starfaði árum saman í París við blaðamennsku en fluttist aftur til Bretaníu árið 1973 þar sem hann bjó á afskekktum bæ og skrifaði pistla fyrir hið virta dagblað Le Monde. Grall taldi sig hafa verið svikinn um föðurarf sinn þar sem honum var meinað að tala bretónsku. Ljóðlist Gralls var uppgötvuð að honum látnum og þykir hann nú einna merkastur bretónskra skálda sem ritað hafa á frönsku.



**S**teinarnir hrópa er eftir Hikary Okuizumi. Þýðandi er Garðar Baldvinsson. Hikaru Okuizumi er fæddur 1956 á Yamagata í Japan. Hann hefur skrifað fjölda skáldsagna og hlotið margvíslegan heiður í heimalandi sínu. Steinarnir hrópa hlaut hin virtu Akutagawa-verðlaun í Japan. Aðalpersóna bókarinnar, Tsyoshi Manase, er steinasafnari sem hefur barist í seinni heimsstyrjöldinni með Hinum keisaralega her Japans. Minningar úr stríðinu ásækja Manase þegar hann verður fyrir ofbeldisfullri reynslu löngu síðar. Sagan er í senn átakanleg og skáldleg lýsing á starfi minnisins og baráttu mannsins við að staðsetja sig í veruleikanum.




**D**immir draumar er safn ljóða eftir ýmis bretónsk skáld. Ólöf Pétursdóttir valdi ljóðin og þýddi. Í bretónskri samtímaljóðlist er margt sem minnir á íslenska ljóðagerð. Skammdegisdrungi, nálægð við himin og haf, áleitin hugsun um dauðann, samgangur milli heima. Þýðandinn er sérmenntuð í bretónskri menningu og hefur hlotið mikið lof fyrir þýðendastarf sitt. GB útgáfa gefur bækurnar fjórar út.

# Kanadískur Kafka

**Franz Kafka er maður vikunnar í Þjóðleikhúsinu, þar sem kanadíska leiksýningin Kafka og sonur verður sett upp nú í vikulok. Sýningin verður önnur af tveimur sýningum Þjóðleikhússins sem við koma þessum tékkneska rithöfundi, en hin er Hamskiptin sem byggð er á samnefndri skáldsögu hans.**



**FAÐIR OG SONUR** Úr sýningunni Kafka og sonur.

Kafka og sonur er einleikur sem hefur farið sigurför um heimaland sitt. Sýningin kemur til Íslands í boði Þjóðleikhússins og með stuðningi kanadíska sendiráðsins. Í verkinu er tekist á við samband Franz Kafka við föður sinn og hvernig það hafði áhrif á ritstörf hans. Kafka og sonur hefur fengið framúrskarandi dóma og þykir leikarinn Alon Nashman fara á kostum sem bæði faðir og sonur. Verkið verður frumsýnt á Smíðaverkstæðinu í kvöld og verða tvær sýningar á því til viðbótar á föstudags- og laugardagskvöld. Leikið er á ensku og hefjast sýningarnar kl. 20 öll kvöldin.

Alon skrifaði sjálfur leikgerðina Kafka og sonur ásamt leikstjóra sýningarinnar Mark Cassidy. „Handritið unnum við upp úr bréfi sem Kafka skrifaði föður sínum en sendi aldrei. Bréfið er heilar 50 síður og Kafka skrifaði það á tíu daga tímabili. Í bréfinu gerir hann upp samband sitt við föður sinn og tilfinningar sínar til hans og játar að nánast öll skrif sín snúist á einn eða annan hátt um samband þeirra. Við gerðum okkar besta til að koma þessu uppgjöri til skila í leikritinu," segir Alon.

Franz Kafka og faðir hans voru afar ólíkir menn; faðirinn var yfirþyrmandi og stjórnsamur en Franz var viðkvæm sál. Alon segir samband þeirra feðga varpa ljósi á höfuðarfverk Kafka. „Það er í raun mjög viðeigandi að sýna verkið samhliða Hamskiptunum þar sem samband Kafka við föður sinn endurspeglar að mörgu leyti þá sögu.

Það er til að mynda magnað að í bréfi Kafka kemur fram að faðir hans hafi kallað hann sníkjudýr og skordýr einhvern tímann þegar þeim feðgum sinnaðist. Ekki er ólíklegt að hugmyndin að Hamskiptunum hafi mótast út frá samskiptum þeirra feðga."

Stormasamt samband feðganna er þannig að nokkru leyti þungamiðja í mörgum þekktustu verka skáldsins. „Kafka tileinkaði föður sínum sögur sínar.

Hann elskaði föður sinn, leit upp til hans og upplifði sjálfan sig sem misheppnaðan einstakling þar sem honum tókst ekki að uppfylla væntingar hans" segir Alon.

Þetta verður í fyrsta skipti sem verkið verður sýnt utan Kanada. Alon hlakkar til að leika fyrir íslenska áhorfendur. „Ég er hæstánægður með að vera kominn hingað. Það sem ég hef séð af landinu er fallegt og ég ætla að nota tímann til að skoða mig um á milli sýninga."

Þjóðleikhúsið býður upp á sérstakt feðgatilboð á sýninguna með það fyrir augum að styrkja fjölskyldutengsl, en feðgar fá tvo miða á verði eins. vigdis@frettabladid.is

# Vannýttur miðill

Myndlistarhópurinn Moms verður seint sagður fara hefðbundnar leiðir í listsköpun sinni. Þeir hafa byggt pitsustað, sett reiðhjól í nýtt samhengi, boðið upp á ferjuþjónustu í Feneyjum og nú hafa þeir sett myndlistarverk inn í textavarp Sjónvarpsins. Verkið er hluti af myndlistarhátíðinni Sequences sem stendur nú yfir.

Morri er einn meðlima Moms ásamt þeim Munda og Schuyler. „Textavarpið er vannýttur miðill þrátt fyrir að hann sé notaður mikið dagsdaglega. Textavarpið er frekar gamaldags og laust við allan kúl-faktor og okkur langaði til að sjá hvað við gætum gert innan þessa ramma" segir Morri.

Það gekk vel að fá umsjónarmenn textavarpsins til liðs við sig. „Við töluðum við Ágúst Tómasson sem sér um textavarpið hjá Sjónvarpinu og hann var boðinn og búinn að hjálpa okkur að koma þessu af stað. Við fengum því að skapa 99 skjámyndir fyrir textavarpið á tölvuna sem er notuð til að setja efni þar inn. Þessar skjámyndir birtast svo hver á fætur annarri á síðu 444 í textavarpinu og eru þær um 25 mínútur að fara hring." Það má með sanni segja að sýning þeirra Moms-liða nái víða þar sem hver sá sem hefur aðgang að Sjónvarpinu á að geta notið hennar. Morri segir það mikinn kost. „Við erum vissir um að sýningin á góðan möguleika á að verða sú sem fjölséðasta í íslenskri myndlistarsögu enda gerir hún ekki þá kröfu til áhorfenda að þeir standi upp úr sófanum. En þetta er afar þægilegur sýningarvettvangur, við losnum við vesenið sem oft fylgir því að setja upp sýningar í galleríum. Við þurftum ekki að hengja neitt upp og svo þurftum við ekki að vera viðstaddir neina opnun, þannig að þetta er afar þægilegt."



**MYNDLIST Í SJÓNVARPI** Brot af verki Moms í textavarpinu.

Það verður þó hægt að nálgast sýninguna á gönguleið Sequences þar sem Moms-liðar fengu lánuð gömul sjónvarpstæki hjá Góða hirðinum og settu þau upp í Ranimosk, Kaffi Hljómalind og Naked Ape. „Það er einmitt gaman að skoða sýninguna í ólíkum sjónvarpstækjum því að það fer eftir móttökuskilyrðum og gæðum tækisins hvernig hún kemur út," segir Morri.

Sýningin verður í textavarpinu fram á sunnudag, en þá lýkur Sequences. Moms sýnir annað verk á hátíðinni og má berja það augum á föstudag. „Við verðum með gjörning í Tjarnarbíói á föstudag kl. 20 undir yfirskriftinni „Single Moms night out". Þangað viljum við bjóða sérlega velkomnar einstæðar mæður og börn þeirra og lofum fjölskylduvænni list. Svo má líka minnast á það að Mundi verður með tískusýningu á hönnun sinni á föstudag kl. 18 í versluninni Kronkron og ég hvet fólk til að mæta þangað líka," segir Morri að lokum.


SHISEIDO
ZEN
Ilmurinn, tilfinningin, upplifunin
www.shiseido.com/zen/
Shiseido kynnir nýjan ilm
í Hagkaupum Kringlunni, Smáralind og Skeifunni 18. til 23. október.
Glæsilegur kaupauki fylgir ef verslað er fyrir 4.000 eða meira.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



# STÓR RAFTÆKJA DAGAR

Gildir til 31. október 2007

Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

Electrolux



69.999

## Uppþvottavél
ESF 65022W
12 Manna uppþvottavél
Hnappastillingar
4 hitastillingar, innfellt hitaelement
Orkunýting A, þvottahæfni A, þurrkhæfni A
1805331

Electrolux



51% AFSLÁTTUR

## Helluborð
EHP6622K
1805503

26.999
~~54.989~~

Electrolux



14% AFSLÁTTUR

## Þurrkari
EDC46130W
Barkalaus m/rakaþétti
Stærð 85x60x58 sm
Tekur 6kg af blautum þvotti
Krumpuvörn - kæling - þurrkkerfi
1805461

49.999
~~57.999~~

Amica



20% AFSLÁTTUR

## Ofn
Elegance
8 mismunandi kerfi
Rafeindaklukka
Rafdrifinn snúningsteinn
Sjálfhreinsandi hliðar
1850503

39.999
~~49.999~~

Amica



## Ísskápur
AM200IAFP
Stærð 122x56x56 sm
Kælirými 154 ltr
Frystirými 38 ltr
1808306

33.999

Amica



## Ísskápur
AD220IAFP
Stærð 144x56x56 sm
Kælirými 149 ltr
Frystirými 55 ltr
1808309

45.749

Amica



79.999
~~89.999~~

## Eldavél
Stærð 85x60x60
8 mismunandi kerfi
Rafeindaklukka
Rafdrifinn snúningsteinn
Keramik helluborð með hraðhitun á öllum hitasvæðum
1850527

Amica



## Ísskápur
AD250IAFP
Stærð 157,2x56x60
Kælirými 183 ltr
Frystirými 55 ltr
1808314

63.999



Amica

7.890
~~11.525~~

## Vifta
60 sm, stál
Hnappastýrð
Hámarks útsog 335 m³/klst 51dB
1850576

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Ófrágengin tilraun

Önnur persónan (þú) sem skáldkonan ávarpar í upphafsorðum bókarinnar er bæði lesandinn og hún sjálf og skiptir um kyn milli kafla rétt eins og ljóðmælandinn (ég) sem er bæði/ýmist „ólöguleg stelpa“ (18) og/eða „villtur“ (25) karlmaður – og vitaskuld skáldkonan sjálf. Þessi kynja- og hlutverkaskipti eru markviss í bókinni (stórhuga skessur og vaxandi menn (27)) og ljá henni blóð, eru lífæðin í annars ansi seigfljótandi „kúadellu“ (19), á flatri jörð, og í „borg sem er eins og skrímsli“ (21) innrömmuð fjöllum sem svo eru margflækt í mannlegu/dýrslegu eðli og amstri að tákn þeirra og myndir eru jafnvel ljóðmælanda sjálfum óleyst ráðgáta; „ég minni mig á að ég veit ekki neitt“ (18). Lífið ekki einfalt og sælt eins og segir í gamalli fjallræðu.

Fjöllin eru nafngreind, Esja, Hengill, Keilir, Snæfellsjökull o.s.frv. – „fjallvegir“ sömuleiðis (borgargötur sem blasa við sjónum fjalla) – og goðsagnir þeirra berháttaðar á tvist og bast. Og „eðli fjallanna“ (31), „tilvist þeirra og tilgangur“ (32) er afar víðfljótandi mannleg kvika – og svellið er jafnvel enn hálla því „húsin við veginn eru (líka) fjöll“ og „fólkið huldufólk“ (11). Öllu ægir saman uns ljóðmælandinn og lesandi hans fá „fjallþunga í herðarnar“ (14, 29) og vita ekki lengur sitt rjúkandi ráð í víkinni: „Því þér líður eins og belju eða báti, þú veist bara ekki hvort“ (19), „beislar stýrið“ og sprettir nykruðu ljóðhrossinu stjórnlausu „út af göflunum“ (21) með urrandi esjutík í hjólfarinu (13): „Hugsun sem nær ekki enda“ – „ólokin tilraun til fjalls“ kveður réttmæt röddin upp úr með (10). Heimur í hakki, skáldskapur í farsi.

**BÓKMENNTIR**

**Fjallvegir í Reykjavík**
**Sigurlín Bjarney Gísladóttir**

★★

Niðurstaða: Ófullburða tilraun

Gegndarlaus orð, flæðandi myndmál og misvísandi líkingar. Vaðall í stíl og ofvöxtur hugmynda speglar rótið á götunni og hið innra – ég er „eins og bilað hjartsláttarlínurit“ (10). Óskapnaður í orði og verki; skepna í manninum, mannskepna í fjallinu – skáldkona með „orðþyrst augu“ (23) skyggnist um í strætunum og hleypir púkunum til – eða fjalladrottning dóttir mín „í leit að rótum“ (32) í „tyggjóklessu“ (25) höfuðborgarinnar?

Og hvað finnur hún þar? Enga rót en allt sem hugarflugið girnist, því hvorki táknrænn fjallahringurinn né „herskari svartra regnhunda“ (17) fær tamið afl ímyndunarinnar sem „stígur upp til himna“ með jöklinum sem sjálfur speglar syndir heimsins og blindar saklaus augu, munar ekki um það „...og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða. En fyrst þarf að krossfesta...“ (15) syngur málglaður ljóðmælandinn og beitir þá aflinu hringsælis, gegn sjálfu sér, og þyrlar upp mikilli vindleysu – að aldasið – eða; lífið er sprungið blöðrutyggjó en það er hvellurinn sem gildir, ekki klessan!

En þótt hvellurinn sé örsök klessunnar og því í raun innihaldið (efnið) en hún umbúðirnar (formið) nær hann ekki eyrum ef hann springur um of eða þagnar of fljótt.

Ríkulega myndskreytt bók en skáldskapurinn svolítið út um þúfur, ófullburða tilraun til fjalls. Bók sem reynir að segja allt (of mikið). Ljúfur lestur engu að síður og víða fallegur, „með hekl á jaðrinum...einum dúk frá friði“ (22).

**Sigurður Hróarsson**

Salurinn

**SUNNUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SELLÓ OG PÍANÓ
TANYA ANISIMOVA og LYDIA FRUMKIN
Miðaverð 2000/1600 kr.

**ÞRIÐJUDAGUR 23. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
VIÐAR GUNNARSSON og
JÓNAS INGIMUNDARSON
Miðaverð 2000/1600 kr.

**MIÐVIKUDAGUR 24. OKTÓBER KL. 20**
SKUGGABLÓM, NÝ ÍSLENSK ÓPERA
2. SÝNING 25. OKT. KL. 20

**LAUGADAGUR 27. OKTÓBER KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
ALBERT MAMRIEV
Formálsorð kl. 16.15 flytur
Reynir Axelsson
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS










# GOSI vill verða stjarna!

Eins og alltaf þegar verið er að frumsýna nýtt barnaleikrit er mikil eftirvænting í salnum. Það er eins og verið sé að hlaða upp orku. Sumir skæla svolítið áður en herlegheitin byrja aðrir brölta og þurfa nauðsynlega að skipta um sæti um það leyti sem sýningin er að byrja fyrir svo utan að úr hverri sætaröð heyrist pískur í fullorðna fólkinu sem er að undirbúa sitt smáfólk undir það sem koma skal. Meðalaldur áhorfenda er líklega varla mikið meira en þriggja ára.

Ný leikgerð af Gosa leit dagsins ljós í frumsýningu á samnefndu verki í Borgarleikhúsinu á laugardaginn.

Þessi umfangsmikla sýning skilur því miður eftir sig nokkurn tómleika. Tómleika þrátt fyrir að leikmyndin væri heillandi, búningar fallegir, tónlistin leikin af búlgaskri sinfóníuhljómsveit af bandi á hæsta mögulega styrk og leikarar stóðu sig allir með prýði.

Tómleikinn stafaði af því að það vantaði nándina og boðskapurinn um að ekki megi skrökva hvarf í öllum darraðardansinum. Leikgerð Karls Ágústs Úlfssonar er um margt snilldarvel unnin, en textabreiðurnar voru allt of miklar fyrir þennan áhorfendahóp.

Tónlistin er allt of há. Söngurinn hjá engisprettunni Tuma hverfur eiginlega alveg í upphafsatriðinu vegna þess að stillingin á þessari tónlist úr stórri dós var allt of há. Reyndar var það gegnumgangandi í allri sýningunni. Það er eins og menn geri sér ekki grein fyrir að þegar styrkurinn er settur svona upp rýrast hljómgæðin og tónlistin er hreinlega ekki eins falleg eins og hún gæti verið.

Það eru nokkrar skýrar og spennandi persónur sem fyrir koma í þessu verki. Fólk talar alveg óhemju mikið og er þar akkillesarhæl sýningarinnar að finna. Það er ekki gott að hafa svona miklar textamottur í barnasýningu, það er betra að gefa í skyn og sýna meira en tala. Gamli góði boðskapurinn sem við flest þekkjum úr fyrri leikgerðum um Gosa og bókinni, það er að maður má ekki skrökva þá gæti maður lent í því að nefið færi að vaxa all svakalega, hverfur eiginlega alveg út þar sem skröksögurnar sem Gosi var að segja um sig í leikhúsinu sem hann starfaði í um stutt skeið voru svo orðmargar að þær fóru algerlega framhjá ungum áhorfendum þannig að ástæðan fyrir því að hann fékk þetta nef var afskaplega óskýr. Persónurnar eru margar hverjar nokkuð skýrar og skemmtilegar.



**ÆVINTÝRAFERÐ**

**Úr sýningu Borgarleikhússins um Gosa**
Leikmynd: Vytatas Narbutas
Hljóð: Guðmundur H. Viðarsson
Gervi: Sigríður Rósa Bjarnadóttir
Búningar: María Ólafsdóttir
Tónlist: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Leikstjórn: Selma Björnsdóttir

★★★

Niðurstaða: Of löng og skilur eftir sig tómleika

Kattarófétið er skemmtileg skrukka í meðförum Aðalbjargar Árnadóttur. Hún er hnyttin og skýr í framsögn og beitir bæði líkamanum og andlitinu glettilega. Sama má segja um hinn einfalda samstarfsmann hennar Skolla sem Halldór Gylfason glæðir lífi á einstakan hátt.

Pétur Einarsson sem leikur leikhússtjórann vonda kemur fram í sterku og ógnandi gerfi.

Jóhann Sigurðarson lék hinn góðhjartaða Jakob, föður Gosa, og hefði mátt sýna hann lengur og meira þennan milda, blíða og góða mann fyrir utan að hann hefur svo frábæra rödd. Kristjana Skúladóttir leikur dísina sem öllu getur breytt, en er samt einhvern veginn ofaukið í atburðarrásinni. Margar litlar leikhúskonur í salnum stóðu á öndinni þegar hún birtist eins og klippt út úr prinsessudraumi.

Ungu dansararnir stóðu sig listavel. Alls kyns brellur féllu vel í kramið hjá ungum áhorfendum, einkum skrítni karlinn á hafsbotni sem stökk um inni í blöðru sem svo sprakk.

Víðir Guðmundsson skilar hlutverki Gosa með prýði en verður samt ekki sá í sýningunni sem krakkarnir halda með, það hlutverk fær engisprettukarlinn Tumi sem Sverrir Þór Sverrisson glæðir elskulegu lífi.

Brellur og klækir og ógnandi skrímsli er það sem ungviðið vill fá. Margbreytileiki sviðsins, búninganna og atburðanna eftir hlé var bæði ógnandi og heillandi. Sýningin var helst til of löng, hefði mátt stytta hana mikið og beita sér aðeins fyrir því að ná betra sambandi við áhorfendur. Söngleikjahasar er skemmtilegur þar sem hann á við en hér verða innkomur fjölda manna í hópatriðum nokkuð óskýrar ef reynt er að setja sig inn í huga hinna ungu áhorfenda. Það var samin ný tónlist við þessa sýningu og er hún um margt ágæt þó engu að síður sama marki brennd hvað varðar nándina og það að ná til svo ungra áhorfenda. Leikmynd Vytausas Narbutas er mjög heillandi. Hin dramatísku átök við hvalinn stóra á hafsbotni eru líklega það atriði sem flestir áhorfendur rifja upp með sjálfum sér á koddanum þegar heim í ból er komið.

Á heildina litið var þetta mikil ævintýraferð og hið stóra svið Borgarleikhússins vel nýtt.

**Elísabet Brekkan**

# Fjölskyldusaga fær Booker

Írska skáldið Anne Enright hlaut hin eftirsóttu Man Booker-bókmenntaverðlaun í London á þriðjudag fyrir fjórðu skáldsögu sína sem kallast The Gathering.

Sagan segir frá þremur kynslóðum írskrar fjölskyldu sem safnast saman í kjölfar jarðarfarar fjölskyldumeðlims sem framdi sjálfsmorð. Bókin tekst á við svik, lygar og ofbeldi og hefur verið lýst sem tilfinningaþrunginni og vondaufri. Enright, sem er fyrrverandi sjónvarpsþáttaframleiðandi, hefur sjálf sagt um bókina: „Það má vera að fólk vilji lesa bækur sem framkalla vellíðan og hamingju, en slíkir lesendur ættu að forðast bókina mína. Ef líkja ætti henni við aðra menningarafurð kæmist harmsaga úr smiðju Hollywood næst henni.“

Þessi ákvörðun Booker-dómnefndarinnar kom bókmenntaáhugafólki nokkuð í opna skjöldu þar sem önnur verk þóttu mun líklegri til sigurs. Bók Ian McEwan, On Chesil Beach, og bók Lloyd Jones, Mr. Pip, voru álitnar líklegustu vinningshafarnir og hafa báðar selst í töluvert meira magni en bók Enright.

Sigur Enright þykir líklegur til að efla umræðu um eiginlegt gildi verðlaunanna. Man Booker-verðlaunin hafa þótt vera með mikilvægustu bókmenntaverðlaunum í heimi, en gagnrýnisraddir hafa heyrst undanfarin ár sem vilja meina að verðlaunin séu ekki í neinu samhengi við áhuga lesenda.

Rithöfundurinn Robert Harris, sem hefur sent frá sér nokkrar metsölubækur, er einn þeirra sem telur gildi verðlaunanna ofmetið. Hann telur að rithöfundar neyðist til að skrifa sorglegar og þungar bækur vilji þeir eiga möguleika á að vinna Man Booker-verðlaunin. „Bækurnar er vel skrifaðar en óspennandi. Lesendur tengja ekki við svona texta“ sagði Harris.






**VERÐLAUNASKÁLD**
Anne Enright

**FORSÍÐA**
**THE GATHERING**

Howard Davies, yfirmaður dómnefndarinnar, virti þessar efasemdarraddir að vettugi í ræðu sinni á verðlaunaathöfninni á þriðjudag og sagði dómnefndina hafa verið sammála um að bók Enright væri óvenju kraftmikil saga sem lesendur ættu eftir að gleypa í sig. Hann dró enn fremur í efa gagnsemi þeirrar venju sem er landlæg í breskum fjölmiðlum að fá rithöfunda til að sjá um bókmenntagagnrýni. Hann gaf sterklega í skyn í ræðu sinni að þessi siður leiði til þess að rithöfundar myndi með sér eins konar skjallbandalag sem gerir það að verkum að upprennandi og óþekktari höfundar eigi í vandræðum með að koma verkum sínum á framfæri. Hann sagði lausnina á þessu vandamáli einkum felast í meiri fjölbreytileika meðal bókmenntagagnrýnenda.

**vigdis@frettabladid.is**



# EKKI MISSA AF ÞESSU

## því það er ekki víst að þú lendir aftur á svona útsölu í bráð



## Blend og Ecco

**heildsölur verða með sína árlegu lagersölu í Glæsibæ**

(við hliðina á Læknamiðstöðinni)

Við „botnum“ allt sem áður hefur verið gert, því önnur eins verð hafa aldrei sést.

**Komdu og gerðu kaup ársins.**

**Opnunartími:**
Fimmtudag 18/10 kl. 16-20
Föstudag 19/10 kl. 12-19
Laugardag 20/10 kl. 10-18
Sunnudag 21/10 kl. 13-17

Ecco • Blend • Sixty Seven • Logo69 • Zinda • Vagabond • ásamt fjölda annarra merkja

**Næg bílastæði í nýju bílastæðahúsi við Glæsibæ**

**LAGERSALA** • Glæsibæ (við hliðina á Læknamiðstöð) • S. 661 7490

## > CAGE LEITAR AÐ SYNI

Nicolas Cage hefur tekið að sér aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Vanished en hún fjallar um mann sem leitar sonar síns í Afganistan. Leikstjóri er Hany Abu-Assad en sagan er sögð eiga sér fyrirmynd í háskólanemanum John Walker Lindh sem barðist við hlið talibana á sínum tíma þegar Bandaríkjamenn réðust þar inn.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Ekki öll nótt úti enn hjá Óttari

Ástralska leikkonan Melissa George er sannfærð um að tökur á Stopping Power hefjist aftur 1. mars á næsta ári. Þetta lét hún hafa eftir sér í samtali við Comingsoon.net. Óttar Guðnason var sem kunnugt er ráðinn tökumaður þessarar nýjustu myndar Jan De Bont en eftir þrjá tökudaga var framleiðslu skyndilega hætt eftir að einn framleiðandinn dró sig út úr verkefninu. Melissa virðist hins vegar ekki hafa gefið upp alla von og trúir því að kvikmyndin komist aftur á legg fyrr en varir. „Allt getur gerst og þetta sannar það," segir leikkonan.

Kvikmyndin segir frá orrustuþotuflugmanni sem heldur í sumarfrí til Berlínar á húsbíl ásamt fjölskyldu sinni. Í miðri höfuðborg Þýskalands er farartækinu rænt með dóttur hans innanborðs og upphefst þá mikill eltingarleikur um hraðbrautirnar í Þýskalandi. Jan De Bont þarf sárlega á góðri mynd að halda en hann hefur varla gert neitt af viti síðan spennumyndin Speed sló öll met.

Reyndar virðast orð Melissu vera sögð af meiri trú en staðfestu því hún segir að verkefnið „verði" að fara af stað aftur. „Þetta hentaði mér svo vel vegna þess að ég var upptekin við aðra hluti og þetta féll eins og flís við rass við dagskrána mína. Ég ætla í stutt ferðalag um jólin og svo sný ég aftur til Berlínar í byrjun mars," segir Melissa í viðtalinu. - fgg



**TIL BERLÍNAR Í MARS** Óttar Guðnason gæti verið á leiðinni aftur út að taka upp stórmyndina Stopping Power.



**BJARTSÝN** Melissa George er bjartsýn á að tökurnar hefjist 1. mars.

# Hórumamman Helen Mirren

Óskarsverðlaunahafinn Helen Mirren og eiginmaður hennar til tíu ára, Taylor Hackford, eru farin að leggja drög að sinni næstu kvikmynd, Love Ranch. Hjónakornin hafa fengið Joe Pesci til liðs við sig. Myndin á að fjalla um hjónin Sally og Joe Conforte sem opnuðu fyrsta löglega vændishúsið í Nevada og kallaðist The Mustang Ranch. Starfsemin öðlaðist síðan heimsfrægð þegar hnefaleikakappinn Oscar Bonavena var skotinn þar árið 1976 og virtist ástæðan vera sú að hann átti í ástarsambandi við Sally. Joe Pesci hefur verið fjarverandi á hvíta tjaldinu, að undanskildu litlu hlutverki í The Good Shepard síðan fjórða Tveir á toppnum eða Lethal Weapon var frumsýnd árið 1998 og verður því forvitnilegt að sjá hvernig þessum skapbráða leikara tekst upp sem melludólgur.

Hackford sagði í samtali við Variety að þetta væri verkefni sem hann hefði unnið lengi að. „En það sem er náttúrlega mest spennandi er að endurnýja samstarfið við eiginkonu mína," segir Hackford og bætir við að Joe Pesci hafi verið fyrsti maðurinn sem honum hafi dottið í hug fyrir hlutverk Joe. „Pesci hefur ekki verið í sviðsljósinu í mörg ár en ég vissi að hann væri rétti maðurinn til að leika Joe Conforte, manninn sem ruddi brautina fyrir því að vændi var lögleitt í Nevada á sínum tíma."



**SNÝR AFTUR** Joe Pesci mun snúa aftur í stórt hlutverk eftir nærri tíu ára hlé.



**HÓRUMAMMA** Helen Mirren mun opna hóruhús í Nevada í kvikmyndinni Love Ranch.

# Lindsay snýr aftur

Ungstirninu Lindsay Lohan var spáð miklum frama í kvikmyndaborginni Hollywood og jafnvel talið að hún myndi feta í fótspor stærstu leikkvenna heims. En hún virtist hafa litla stjórn á lífi sínu, leiddist út í mikla fíkniefna- og áfengisneyslu og fallið var hátt. Nýlega var síðan greint frá því að Lindsay væri búin að eyða öllum sínum auðæfum í örvandi og sljóvgandi efni og því þarf hún nú að fara að vinna fyrir sér.

Hollywood er fljót að gleyma og hefur Lindsay snúið aftur til Los Angeles þar sem hún hyggst leika í Dare to Love Me en argentínskur tangó á víst að svífa þar yfir vötnum.

Lohan hélt sig fjarri öllum skemmtistöðum en kaus að fá smá lit og sá síðan leiksýninguna Elizabeth: The Golden Age. Móðir leikkonunnar sagði í samtali við vefsíðuna People.com að dóttir hennar væri hamingjusöm yfir því að líf hennar væri loksins að taka rétta stefnu. Þetta virtust þó vera síðustu orð móður Lindsay fyrir hennar hönd því nýverið tilkynnti leikkonan að hún hefði rekið mömmu gömlu úr starfi umboðsmanns síns.



**AFTUR AÐ LEIKA Dare to Love Me verður næsta kvikmynd Lindsay Lohan.**



**SJÖ ÁRA FERLI** Bergsteinn hefur unnið að gerð heimildarmyndarinnar Syndir feðranna í sjö ár og í kvöld verður hún loksins frumsýnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Drengirnir frá Breiðavík

**Bergsteinn Björgúlfsson hefur undanfarin sjö ár gengið með heimildarmyndina Syndir feðranna á bakinu eins og þungan kross. Í kvöld verður hún loksins frumsýnd en myndin lýsir þeim skelfilegu atburðum sem áttu sér stað á betrunarheimilinu í Breiðavík um miðbik síðustu aldar.**

Íslenska þjóðin greip andann á lofti þegar DV birti í upphafi ársins úttekt á mannlegum hildarleik sem hafði átt sér stað á betrunarheimilinu í Breiðavík. Þá hafði kvikmyndatökumaðurinn Bergsteinn Björgúlfsson verið að rannsaka það mál undanfarin sjö ár. Forsaga málsins er sú að Bergsteinn hafði heyrt af fangaklefa á gistiheimilinu sem nú er starfrækt á Breiðavík og fannst eins og hann yrði að sjá það með eigin augum. Þegar hann kom vestur varð kvikmyndatökumanninum ljóst að þarna lá sárt leyndarmál grafið sem margir höfðu vonast til að aldrei yrði fundið.

### Gömlu klippunni hent

Bergsteinn reyndi að finna þessa drengi sem þarna voru vistaðir á árunum 1953 til 1972 þegar ofbeldið var sem mest og fá þá til að tala um reynslu sína. En það reyndist hægara sagt en gert. Margir vildu ekkert af þessu vita og forðuðust að ræða um þetta. „Þetta gekk mjög hægt og það var ekki fyrr en eftir tveggja ára starf að við komumst í samband við nokkra sem vildu tjá sig," segir Bergsteinn en hann er nú við tökur á nýjustu kvikmynd Óskars Jónassonar, Reykjavík-Rotterdam.

En í upphafi ársins dundi fjölmiðlafárið yfir og forsendur myndarinnar breyttust. Margir af þeim sem höfðu komið fram í myndinni birtust í fjölmiðlum og ræddu um reynslu sína á opinskáan hátt og aðrir sem höfðu varla viljað vita af myndinni vildu nú fá tækifæri til að létta af hjarta sínu. „Ég þurfti því að hugsa þetta algjörlega upp á nýtt," segir Bergsteinn en á þessum tíma var upprunalega myndin nánast tilbúin. Bergsteinn var búinn að lofa sér í önnur verkefni og sá að hann var kominn í ákveðið tímahrak og því varð úr að Ari Alexander Ergis gekk til liðs við hann til að klára myndina en saman unnu þeir meðal annars að Gargandi snilld. „Ég vildi líka fá annað sjónarhorn á myndina," segir Bergsteinn og gömlu klippunni var því ýtt til hliðar.

### Tími sem aldrei gleymist

Bergsteinn segir að þetta hafi verið síður en svo auðveldur tími, þessi sjö ár sem farið hafi í myndina. „Þetta hefur haft ansi mikil áhrif á mann. Að vera með fullorðna karlmenn hágrátandi hjá sér, nagla sem hafa farið í gegnum hinn harða heim, er ekki eitthvað sem maður gleymir svo auðveldlega," segir hann. Þetta hafi hreyft við honum og jafnvel fyllt hann reiði yfir því að þetta skuli hafa fengið að viðgangast á sama tíma og hann sjálfur var að alast upp.

Bergsteinn vonast til að Syndir feðranna opni augu fólks fyrir því að börn sem eru beitt ofbeldi hafi í raun engan talsmann. „Mig langar kannski að fólk velti þessu fyrir sér því maður veit að þetta hefur ekkert breyst," segir hann og veit sem er að myndin og þessi tími eiga eftir að fylgja honum alla ævi. „Þetta er ekki eitthvað sem maður losnar við og svona mál eiga að vera til stöðugrar umfjöllunar."

freyrgigja@frettabladid.is

# Athyglisverð frumraun Bier

Danska leikstýran Susanne Bier hyggst taka Bandaríkin með trompi eftir mikla velgengni heima fyrir. Fyrsta kvikmyndin hennar þar vestra heitir Things We Lost in the Fire og hefur þegar vakið mikla athygli en þar eru stórleikararnir Benicio Del Toro og Halle Berry í aðalhlutverkum. Netmiðlar þar vestra spá henni jafnvel mikilli velgengni þegar nær dregur Óskarsverðlaunum enda þykir umfjöllunarefnið æði mannlegt.

Fasteignasali er myrtur og tveir af hans nánustu aðstandendum reyna að takast á við sorgina sem því fylgir. Annar er eiginkonan Audrey og hinn er æskuvinurinn Jerry sem átti framtíðina fyrir sér í lögfræði en ákvað þess í stað að sóa lífinu í krakk-reykingar. Þau taka hins vegar höndum saman og reyna að komast yfir áföllin sem hafa dunið á þeim báðum.



**EKKJA HJÁ BIER** Halle Berry leikur ekkjuna Audrey í fyrstu bandarísku kvikmyndinni eftir Susanne Bier.

# NÝ TÓNLIST Í SKÍFUNNI






CD&DVD 2.499kr.

Síðan skein sól
- Síðasta vetrardag




1.999kr.

Megas og Senuþjófarnir
- Hold er mold



1.999kr.

Sprengjuhöllin
- Timarnir okkar




1.999kr.

Katie Melua
- Pictures

1.999kr.




Ýmsir
- Iceland Airwaves ´07

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

**Mundu ...**

*... eftir búðingnum þegar þú ferð að hafa áhyggjur af næsta eftirrétti. Það þarf ekki heldur að skammast sín fyrir að grípa í gamla góða Royal-pakkann, hann á enn upp á pallborðið hjá flestum.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Ís í eftirrétt fullkomnar allar máltíðir*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég er mikil brauðæta og ætti því erfitt með að sleppa brauði. Mjólkurvörur af öllum gerðum eru líka ofarlega á listanum og nýpressaður appelsínusafi.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Bestu máltíðirnar eru yfirleitt þær sem einhver annar eldar fyrir mig eftir annasaman dag eða kvöld. Þá slæ ég ekki hendinni á móti góðri lamba- eða nautasteik, bakaðri kartöflu og piparsósu. Fékk einmitt ótrúlega góða nautasteik á argentínsku steikhúsi í Köln, þegar ég fór þangað í tónleikaferð. Ís í eftirrétt fullkomnar svo hvaða máltíð sem er.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Flest allt á þorrabakkanum fyrir utan hangikjöt og harðfisk, lifur og bragðlaus matur yfir höfuð. Ég er ekkert svakalega mikið fyrir venjulegan soðinn fisk með kartöflum, þó mér finnist fiskréttir af ýmsu tagi hið mesta lostæti. Er ekki heldur mikið fyrir snigla, þeir eru aðeins of slepjulegir.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Það er ekkert annað en að elda eftir tilfinningu, ég fer ekkert sérstaklega nákvæmlega eftir uppskriftum og er mjög gjörn á að breyta einhverju. Hvítlaukur, salt og svartur pipar stendur alltaf fyrir sínu.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ætli ég segi nú ekki bara ís með jarðarberjum og einhverju góðu súkkulaði út á. Helst þarf hann að vera mjög kaldur og frosinn eins og gamla blandan í ísbúðinni á Hagamel eða einhver góður ítalskur ís.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, skyr, smjör og ost, ávaxtasafa og ís í frystinum.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Verð ég ekki að vera sjálfri mér samkvæm og segja brauð, ost og appelsínusafa, nautasteik og ís í eftirrétt!

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ég smakkaði einhvern tímann kjötþrennu á áströlsku veitingahúsi sem samanstóð af kengúru, krókódíl og emúa. Þetta var allt saman ágætt og ekkert svo framandi á bragðið og ég hef nú borðað kengúru oftar eftir þetta og fundist hún mjög góð á bragðið.

# Ljúf tónleikaröð

Tónleikaröðin Rafmagnslaust í Rauða húsinu stendur nú sem hæst í Rauða húsinu á Eyrarbakka. „Þetta er annað árið sem við höldum þessa tónleikaröð,“ sagði Ingi Þór Jónsson, eigandi veitingastaðarins. „Hugmyndin var að leyfa fólki að njóta góðs matar og tónlistar á svolítið öðrum nótum en almenningi gefst yfirleitt kostur á. Það gerist með þeirri nálægð sem skapast hérna hjá okkur. Þetta er mjög persónulegt og notaleg stund og stemning,“ sagði Ingi.

Jón Ólafsson og Hildur Vala syngja fyrir gesti næstkomandi laugardag, og í þeirra fótspor feta svo tónlistarmenn á borð við Eyjólf Kristjánsson, Tríó Leone Tinganelli og Kristjönu Stefánsdóttur.

„Við bjóðum upp á þriggja rétta matseðil í sambandi við þetta, sem er svona í okkar anda. Það er humarsúpa, lamb og súkkulaðikaka. Það er spilað undir borðhaldi, en fólk þarf samt ekki endilega að fá sér að borða,“ útskýrði Ingi Þór.

Nánari upplýsingar má fá á raudahusid.is eða í síma 483 3330.



**RAFMAGNSLAUST** Tónleikaröðin Rafmagnslaust í Rauða húsinu, þar sem margir helstu tónlistarmenn þjóðarinnar troða upp, stendur nú yfir á veitingastaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


TÆKNIGREINING

Viltu fræðast um hrávöruviðskipti



23. október kl. 19:00
verður haldið námskeið
í tæknigreiningu á
Hilton Reykjavík Nordica

Námskeiðsgjald er kr. 20.000

Þetta er fyrsta námskeiðið í röð námskeiða um hrávöruviðskipti sem ætlunin er að halda á næstunni.



Fyrirlesari er:
Jón Lárusson
sérfræðingur í hrávöruviðskiptum

Nánari upplýsingar í Síma **695-4969**

Skráning á námskeiðið er á vefnum

www.commodities4all.com/namskeid


# Verðlaunauppskrift Ágústs

**Ágúst Ólafsson, stöðvarstjóri RÚV á Akureyri, bar sigur úr býtum í matreiðslukeppni leikmanna á sýningunni Matur-inn á Akureyri um síðustu helgi.**

Keppendur í matreiðslukeppni þjóðþekktra leikmanna fengu í hendurnar það sem kallað er „mystery basket“, en þá vita þeir ekki fyrirfram hvaða hráefni þeir hafi úr að spila. „Við fengum bara poka þegar keppnin var sett af stað, og í honum var sitt lítið af hverju: nautalund, beikon, kartöflur, gulrætur, spergilkál og fleira, sem við áttum að nota í veislumáltíð fyrir fjóra,“ útskýrði Ágúst, sem sagði keppnina hafa verið hina skemmtilegustu. „Þetta var ofboðslega gaman og mikil stemning,“ sagði hann.

Hann deilir hér verðlaunauppskrift sinni með lesendum Fréttablaðsins, en segist þó hafa notið aðstoðar leynilegs stuðningsmanns. „Leynivopnið mitt í keppninni er sonur minn, sem er að læra matreiðslu á Vox á Hilton Reykjavík Nordica. Ég leyni því ekki að hann hefur verið minnbakhjarl síðustu ár og hann var búinn að gefa mér ýmis góð ráð,“ sagði Ágúst og hló við.

Ágúst segist þó hafa afskaplega gaman af að elda sjálfur og þá helst villibráð og lambakjöt. „Mér finnst óskaplega gaman að vera í eldhúsinu heima hjá mér á tyllidögum og gera góðan mat. Jólarjúpan er til dæmis algjörlega mín deild,“ sagði Ágúst.

Nautasteik: Hreinsið nautalundina, geymið afskurðinn. Steikið lundina í smjöri á pönnu í um 3 mín. á hverri hlið. Kryddið með salti og pipar. Eldið í 120 gráðu heitum ofni í um 20 mín., eða þar til kjarnhiti er 50 gráður. Þá á hún að vera „medium rare“.

Kartöflufantasía: Bakið kartöflur í 160 gráðu heitum ofni í um 40 mín. Skerið í tvennt og skafið innan úr hýði. Steikið smásaxað beikon á pönnu þar til stökkt. Blandið saman kartöflum, beikoni, gráðaosti og rjóma. Kryddið með salti og pipar.

Grænmeti: Strimlið gulrætur, skerið spergilkál frá stilknum. Sjóðið í 3 mín. í söltu vatni. Grófsaxið sveppi og strimlið papriku. Léttsteikið í smjöri, kryddið með salti og pipar.

Sósa: Steikið afskurðinn af kjötinu í smjöri á pönnu. Kryddið með salti og pipar. Léttsteikið saxaðan lauk, hvítlauk, gulrætur og sellerí í potti. Hellið í tveimur glösum af rauðvíni og sjóðið niður um helming. Leysið einn tening af nautakrafti upp í hálfum lítra af vatni og hellið út á ásamt afskurði. Sjóðið í 10 mín. við vægan hita. Sigtið, þykkið með smjörbollu og dekkið sósuna með matarlit ef þarf. Skreytið með rósmaríni.

sunna@frettabladid.is



**VERÐLAUNAHAFI** Ágúst Ólafsson segir keppni þjóðþekktra leikmanna í matreiðslu hafa verið stórskemmtilega og flaggar hér verðlaunapeningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

**Nautasteik með kartöflufantasíu, rósmaríngljáa og grænmeti.**

**Fyrir fjóra**

**Ein nautalund, u.þ.b. 1 kg**
**Niðursneitt beikon, u.þ.b. 300 g**
**Fjórar bökunarkartöflur**
**Gulrætur**
**Spergilkál**
**Sveppir**
**Rauð paprika**
**Sellerí**
**Laukur**
**Hvítlaukur**
**Ferskt rósmarín**
**Rjómi**
**Smjör**
**Smur gráðaostur**
**Nautakraftur**
**Matarlitur**
**Flögusalt**
**Svartur pipar**

# Vín með villibráðarveislu

Margir hlakka til villibráðartímabilsins sem gengur í garð með lækkandi sól. Stefán Baldvin Guðjónsson vínþjónn lumar á ýmsum góðum ráðum varðandi vínvalið með veislumatnum.

„Með gæsakjöti og rjúpu mæli ég með bragðmiklu rauðvíni sem er líka kryddmikið, og hefur eikar- og vanillubragð í bakgrunni,“ sagði Stefán. „Bordeaux eða Cabernet Sauvignon frá Bandaríkjunum eða Chile virkar vel, og vín eins og Chateau Lascombes Grand cru frá Margauz er tilvalið með bragðmiklu fuglakjöti,“ sagði hann. Hann mælir einnig með Carmen Cabernet Reserve frá Chile fyrir þá sem vilja ódýrara vín. „Það verða að teljast dúndurgóð kaup,“ sagði Stefán.

Með önd segir Stefán betra að hafa fínlegra vín, eins og Pinot Noir. „Frá Nýja-Sjálandi kemur Pinot Noir sem er fínlegt með miklu bragði af jarðarberjum, villisveppum og hindberjum og smellpassar,“ sagði hann. „Fyrir þá sem vilja aðeins þyngra og flóknara vín mæli ég með Faiveley Mercurey,“ bætti hann við.

Hreindýrakjöt krefst bragðmikils rauðvíns að sögn Stefáns. „Það er bragðmikið og þungt. Ástralskt Shiraz með góðu myntu-, sólberja- og eikarbragði passar vel með. Vín eins og d’Arenberg The Footbolt Shiraz er gott val,“ sagði Stefán. Fyrir þá sem vilja þurrara vín með meira krydd- og ávaxtabragði mælir hann með víni frá Rhone í Frakklandi. „Til dæmis Guigal Côtes du Rhône,“ sagði Stefán.

Stefán heldur úti heimasíðunni www.smakkarinn.is, þar sem er að finna mun fleiri góðar ábendingar um vín.

- sun



**SMAKKARINN** Vínþjónninn Stefán Baldvin Guðjónsson heldur úti heimasíðunni www.smakkarinn.is, og lumar á mörgum góðum ráðum um val á víni með villibráðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Full búð af frábærum tilboðum




**999** kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða Lambaofnsteik




**1.499** kr/kg, áður 2.515 kr/kg
Matfugls kjúklingabringur




**844** kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða hálfur niðursagaður skrokkur




**855** kr/kg, áður 1.425 kr/kg
100% íslenskt ungnautahakk




**COOP** safar, 1 ltr
Appelsínusafi, eplasafi, ávaxtasafi




Emmess ísblóm **199** kr/pk, 4 í pk
Daim, jarðarberja og karamellu




**393** kr/kg, áður 605 kr/kg
Ísfugls kjúklingaleggir




**65** kr/pk
Náttúru hveiti, 2 kg




**499** kr/pk, 4 í pk
Coca-Cola 2 ltr, Coca-Cola Zero 2 ltr



**199** kr/stk
Myllu skúffukaka

Hönnun: H.N markaðssamskipti / SIA. Umbrot: Víkurfréttir

## full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 18.–21. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn




ICELANDAIR BÝÐUR TIL ICELAND AIRWAVES '07

Hugmynd Icelandair að tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves hefur allt frá upphafi snúist um að skapa vettvang fyrir unga og efnilega íslenska tónlistarmenn í því skyni að hasla sér völl á erlendum markaði. Til að skapa þá umgjörð kostar Icelandair hátíðina og flytur inn fólk úr tónlistariðnaðinum, blaðamenn og hljómsveitir hvaðanæva að. Árangurinn er vonandi öflugur og fjölbreyttur íslenskur tónlistarútflutningur. Þetta er góð hugmynd frá Íslandi.

+ Skemmtið ykkur vel á Iceland Airwaves 17.–21. október




ÍSLENSKA / SIA.IS ICE 39539 10/2007

WWW.ICELANDAIR.IS

> FRÁ LA TIL NY

Jennifer Aniston langar að flytja til New York. „Ég er bara þreytt á Los Angeles. Í New York er maður ekki bara í sama bílnum, að horfa á sama mælaborð, að keyra niður sömu götu," segir leikkonan. „Ef þú sleppur frá ljósmyndurunum og þeir vita ekki hvar þú ert geturðu bara gengið, gengið og gengið!" bætti hún við.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Madonna gerir risasamning

**Söngkonan Madonna hefur undirritað risaplötusamning við tónleikafyrirtækið Live Nation. Hún er þar með fyrsta stórstjarnan sem gerir útgáfusamning við tónleikafyrirtæki í stað þess að semja við hefðbundið útgáfufyrirtæki.**

**„Tónlistarheimurinn hefur breyst og sem listamaður og viðskiptakona verð ég að fylgja þeim breytingum," sagði Madonna. „Í fyrsta sinn á ferli mínum nær tónlist mín á ótakmarkaðan hátt til aðdáenda minna. Ég vil ekki takmarka hugsun mína og með þessum nýja samningi eru möguleikarnir endalausir."**

**Þar með lýkur 25 ára veru Madonnu hjá Warner Music, þar sem hún hefur verið allan sinn feril og selt um tvö hundruð milljónir platna. Til að klára samninginn sinn þarf hún þó að gefa út eina plötu í viðbót undir merkjum Warner. Er hún væntanleg á næsta ári.**

**Talið er að Madonna, sem er 49 ára, fái í sinn hlut um 7,2 milljarða króna á næstu tíu árum fyrir nýja samninginn. Auk þess eignast hún hlutabréf í Live Nation. „Madona er sannkölluð goðsögn og frumherji, bæði sem listamaður og í viðskiptum," sagði framkvæmdastjóri Live Nation. „Samstarf okkar er stórmerkilegt skref í tónlistarsögunni."**

**Sérfræðingar segja að samningurinn beri vott um breyttar áherslur í tónlistarheiminum vegna dvínandi plötusölu. Í framtíðinni verði lagt meira kapp á tónleika, minjagripasölu og þátttöku í sjónvarpsþáttum en áður.**



**MADONNA** Söngkonan Madonna hefur undirritað útgáfusamning fyrir fyrirtækið Live Nation.



**MAGNEA OG SETH** Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair Hotels, ásamt Deepak Seth, sem er háttsettur innan Hilton-keðjunnar.



**DÝRINDIS MATUR** Kokkarnir frá Vox elduðu dýrindis mat ofan í gesti Hilton-hótelsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# *Glæsileg opnunarveisla á Hilton*

Glæsileg opnunarveisla Hilton Reykjavík Nordica-hótelsins var haldin í fyrradag. Yfir eitt þúsund manns var boðið í veisluna þar sem kokkar frá veitingastaðnum Vox stjönuðu við gesti og gangandi. Saga Film sá um að setja ævintýralegan blæ á veisluna þar sem eldfjöll, jöklar og hverir voru áberandi. Hilton-hótelin um heim allan eru orðin tæplega fimm hundruð um heim allan og hefur Ísland nú loksins bæst í hópinn.



**ICELAND TRAVEL** Starfsmenn ferðaskrifstofunnar Iceland Travel létu sig ekki vanta í veisluna.



**KEVIN FEDERLINE** Reykir maríjúana og hneykslar starfsfólk á tökustað One Tree Hill.

# K-Fed hneykslar með dópneyslu

**Kevin Federline kom meðleikurum sínum og starfsliði við tökur á One Tree Hill á óvart á dögunum. Endalausar maríjúanareykingar voru ekki vel séðar.**

Kevin Federline hefur verið í hlutverki góða mannsins undanfarið, á meðan fjölmiðlar hafa einbeitt sér að skandölum barnsmóður hans og fyrrum eiginkonu, stórstjörnunnar Britney Spears. Federline var þó á árum áður þekktur fyrir partístand og óheflaða framkomu, og nú virðist hann stefna í sama farið.

Federline varð sér úti um gestahlutverk í táningaþáttunum One Tree Hill, og hefur verið við tökur á þættinum síðustu daga. Þar hefur hann reykt hverja jónuna á fætur annarri, starfsfólki og öðrum leikurum til mikillar undrunar. „Hann reykir maríjúana alls staðar á tökustað, eins og það sé bara hluti af líferni hans. Lyktin er svo sterk að það er augljóst að hann er ekki að reykja venjulegar sígarettur. Hann virðist ekki reyna að leyna því á neinn hátt," segir heimildarmaður New York Daily News.

Federline hefur einnig látið taka eftir sér á börum bæjarins Wilmington í Norður-Karólínuríki, þar sem tökur fara fram. „Ég hef þjónað honum nokkrum sinnum og hann hefur alltaf verið mjög örlátur. Einu sinni gaf hann mér 600 dollara í þjórfé fyrir bara tvo bjóra," segir einn barþjónanna í bænum. Federline ætti að hafa efni á því, en talið er að Britney greiði honum mánaðarlega ríflega eina milljón króna.

Leiðir hjónanna fyrrverandi liggja næst saman í réttarsal 26. október næstkomandi.




# Star Wars í sjónvarp

George Lucas, leikstjóri hinna vinsælu Star Wars-mynda, er byrjaður að vinna að gerð leikinna sjónvarpsþátta sem verða byggðir á myndunum. Hvorki Luke Skywalker né Darth Vader verða á meðal persóna í þáttunum.

„Geimgenglarnir eru ekki í þáttunum. Þeir fjalla um persónurnar sem voru í smærri hlutverkum," sagði Lucas, sem bætti því við að vélmenni yrðu áberandi. Lucas er með aðra sjónvarpsþáttaröð í pípunum sem kallast Star Wars: The Clone Wars og er hún tölvuteiknuð.

Tvö ár eru liðin síðan sjötta og síðasta Star Wars-myndin, The Revenge of the Sith, kom út.



**SVARTHÖFÐI** Svarthöfði verður ekki á meðal persóna í nýju Star Wars-sjónvarpsþáttunum.




# LANCÔME DAGAR Í LYF & HEILSU KRINGLUNNI 18. – 24. OKTÓBER

Snyrtifræðingar Lancôme njóta aðstoðar nýrrar húðgreiningartölvu við að finna út þínar persónulegu þarfir, svo húðin hljóti það allra besta. Kynnum einnig nýjustu förðunartæknina frá París.



**LE GIFT – Glæsilegir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 5.500 kr. eða meira.**

Lyf & heilsa

*Við hlustum!*

# Ætla að skara fram úr

Breska hljómsveitin Slow Club kemur fram á Airwaves-hátíðinni í kvöld. Sveitin spilar á Moshi Moshi-kvöldinu svokallaða á Nasa en það ágæta plötufyrirtæki hefur um árin fært Íslendingum nokkur frábær atriði á Airwaves, til dæmis Hot Chip, Architecture in Helsinki og Klaxons.

Slow Club skipa þau Rebecca og Rebecca en hún syngur og spilar á trommur og hann spilar á gítar og syngur. Það sem er kannski skemmtilegast við sveitina er sú staðreynd að Rebecca trommar standandi. „Mér finnst einfaldlega ekki gaman að tromma sitjandi. Ég gerði því bara mína eigin útgáfur af furðulegu trommusetti sem mér finnst fjörugt. Það gerir mér líka auðveldara um vik að syngja,“ útskýrir Rebecca þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af henni þar sem hún sat í strætó í London.


**HLJÓMSVEITIN SLOW CLUB** Spilar á Moshi Moshi-kvöldinu á Nasa.

Með Slow Club í kvöld troða einnig upp til dæmis Best Fwends, The Teenagers, Late of the Pier og íslensku ungstirnin í Retro Stefson. „Við munum pottþétt standa upp úr,“ segir Rebecca, full af sjálfsöryggi. „Sjálfstraust er mikilvægt í tónlist, því þú verður að trúa á hlutina sem þú ert að gera. Reyndar er það oft erfitt, sérstaklega í Bretlandi, þar sem svo margar sveitir berjast um hituna. En á endanum nær maður vonandi að gleðja sjálfan sig og vonandi aðra í leiðinni.“

- sha

# „Höfum enga formúlu“

**Þeir eru ófáir tónlistaraðdáendurnir sem hlakka til tónleika Deerhoof á Airwaves í ár enda þykir sveitin framúrskarandi. Steinþór Helgi Arnsteinsson ræddi við hinn takfasta trommuleikara sveitarinnar, Greg Saunier.**


**FJÖRUG** San Francisco-sveitin Deerhoof spilar hér á landi í fyrsta skiptið á komandi Airwaves-hátíð. Greg Saunier, fyrir miðju, trommari sveitarinnar, segir að sveitin hyggist gera allt brjálað á hátíðinni.

Deerhoof hefur verið starfandi frá byrjun síðasta áratugs og á þeim tíma sent frá sér hátt í tíu breiðskífur. Erfitt er að flokka tónlist sveitarinnar undir einn hatt enda sveiflast tónlist Deerhoof frá argasta gítarhávaðarokki yfir í sykurhúðað tyggjópopp. Tilraunamennskan er þó yfirleitt í fyrirrúmi.

Nýjasta plata sveitarinnar, Friend Opportunity, kom út fyrr á þessu ári en platan var sú fyrsta eftir brotthvarf Chris Cohen, sem hafði spilað á bassa og gítar með sveitinni til nokkurra ára. Sveitin hefur reyndar gengið í gegnum nokkrar mannabreytingar frá stofnun sveitarinnar en hvaða áhrif hafa þessar breytingar á hljóm Deerhoof á milli platna? „Spurðu mig aftur eftir tíu ár,“ svarar Greg og hlær. „Ef ég hlusta á einhverja plötu með Deerhoof- heyri ég aðeins gallana og allt það sem ég vildi að við hefðum gert betur. Síðan á sama tíma heyri hluti sem ég er undrandi yfir, því ég hélt að við gætum ekki gert lög sem hljómuðu svona. Á margan hátt hefur ekkert breyst síðan Chris hætti. Við vissum ekkert hvað við vorum að gera þegar hann var með okkur í sveitinni, höfðum enga formúlu. Núna höfum við enn enga stefnu og vitum ekkert hvernig við munum hljóma.“

Deerhoof hefur lengi verið þekkt fyrir þróttmikla tónleika og segir Greg að á margan hátt einfaldi það hlutina að vera núna þrjú í stað þess að vera fjögur. „Við getum spilað sama lagið, og á hverjum tónleikum hljómar það öðruvísi. Einn daginn spilum við það hraðar og hinn daginn hægar. Fyrir mér er þetta bara eins og með Rolling Stones eða eitthvað. Einfaldlega klassísk rokk og ról formúla. Lögin eru svo einföld að það gefst mikið svigrúm til að leika sér aðeins með þau. Og á margan hátt er auðveldara að framkvæma slíkt þegar færri eru í sveitinni.“

Undanfarið hefur Deerhoof verið nokkuð dugleg að gefa aðdáendum sínum fría tónlist á heimasíðu sinni, meðal annars alls kyns óútgefið efni, útvarpsupptökur, ábreiðulög og fleira. „Það var sá tími þegar Deerhoof hefði aldrei gefið tónlist sína. Það var áður en ég eignaðist sjálfur tölvu,“ svarar Greg og springur úr hlátri. „En ég meina, við erum ekkert frábrugðnari öðrum sveitum að þessu leyti.“

Greg hlakkar mikið til Íslandsheimsóknarinnar en segir að sveitin muni ekki spila mikið af nýju efni hérlendis en eitthvað þó. „Við erum nú að fara að spila á Íslandi í fyrsta skiptið og þar býst ég við að flestallir áhorfendurnir séu að hlusta á Deerhoof í fyrsta skiptið.“ Ég segi Greg hins vegar að þar sé hann að vanmeta íslensku áhorfendurna. Deerhoof spilar á Gauknum á föstudagskvöldið á Airwaves í ár.

## AIRWAVES Í KVÖLD

Tónlistarsérfræðingar Fréttablaðsins mæla með eftirfarandi tónleikum í kvöld:

- Grizzly Bear
- Bedroom Community-kvöldið
- Boys in a Band
- Sprengjuhöllin
- We Made God
- Moshi Moshi-kvöldið
- Skátar
- Who Knew
- Bronx
- Ungdomskulen

Upplýsingar um dagskrá má finna á icelandairwaves.is

# Spila með Khonnor á Airwaves

Hljómsveitin Thundercats og bandaríski tónlistarmaðurinn Khonnor spila saman á Iceland Airwaves-hátíðinni annað kvöld. Sveitin komst í kynni við Khonnor í gegnum netið og hitti hann síðan nokkrum mánuðum síðar á Íslandi.

Khonnor vakti fyrir nokkrum árum athygli fyrir plötu sína Handwriting, sem fékk mjög góða dóma gagnrýnenda, og bera meðlimir Thundercats honum vel söguna. „Þetta er „brilliant“ náungi. Hann er með öflugri listamönnum sem maður hefur uppgötvað síðustu ár,“ segir Þrumuköttur-inn emMelLessS. „Tónlistin er svo einlæg og þetta er bara alvörunáungi.“


**KHONNOR** Tónlistarmaðurinn Khonor vakti mikla athygli fyrir plötu sína Handwriting.

Thundercats gerði nýverið útgáfusamning við þýska indí-fyrirtækið Nordic Notes og kemur fyrsta plata sveitarinnar, New Wave, út í Þýskalandi, Austurríki og Sviss, auk Íslands. Hefur platan að geyma tilraunaskotið popp/rokk með forrituðum trommuleik og kemur tónlistarkonan Jara við sögu í fjórum lögum.


**ÞRUMUKETTIR** Hljómsveitin Thundercats spilar með Khonor á Iceland Airwaves-hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auk þess að spila með Thundercats á Organ annað kvöld klukkan 00.30 verður Khonnor á sama stað í kvöld með eigin tónleika. Þrumukettirnir sjálfir, sem hafa skartað forláta grímum á tónleikum sínum, ætla hugsanlega að afhjúpa leyndarmál sitt og fella þær niður á Organ. Geta þá aðdáendur sveitarinnar svalað forvitni sinni í eitt skipti fyrir öll.

- fb





| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| GOOD LUCK CHUCK LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.25 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SHOOT'EM UP | kl. 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 - 6 | |
| HAIRSPRAY | kl. 5.30 - 8 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ALEXANDRA ENSKUR TEXTI | kl. 6 - 10.15 | 14 |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 10.20 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 6* | 16 |
| SUPERBAD | kl. 6* | 12 |
| *Síðustu sýningar | | |




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE DIGITAL | kl. 5:30 - 8D - 10:30D | 16 |
| THE BRAVE ONE VIP | kl. 8 - 10:30 | |
| STARDUST | kl. 5:30D - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 - 10:30 | L |
| SUPER BAD | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 | 12 |
| MR. BROOKS | kl. 10:30 | 16 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 -10:20 | 10 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE KINGDOM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE BRAVE ONE | 5:40D - 8D-10:20D | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 10 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 | L |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10 | L |
| HAIRSPRAY | kl. 10:20 | L |
| STARDUST | kl. 8 | 7 |

| SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| HAIRSPRAY | kl. 8 | L |
| BRATZ | kl. 8 | L |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:20 | 16 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 10:20 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KINGDOM | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| CHUCK & LARRY | kl. 5.45 og 10.20 | 12 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

# BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS

## ERU KOMNIR Á DVD Í SKÍFUNA



The Bridge



For Your Consideration



Death of a President



Curse of the Golden Flower



Hallam Foe



Fuck

## ÞESSAR KOMA ÚT 31. OKTÓBER



Shortbus · No Body is Perfect · Goodbye Bafana · Cocaine Cowboys · Zoo · Going to Pieces

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## > FH-ingar á ferð og flugi



Davíð Þór Viðarsson fór á dögunum til reynslu hjá Norrköping, þar sem Stefán Þór Þórðarson og Garðar Bergmann Gunnlaugsson hafa slegið í gegn. Í samtali við Fréttablaðið kvaðst Davíð eiga von á því að sænska liðið myndi tala við FH um hugsanleg kaup á honum. Sverrir Garðarsson fer á mánudag til reynslu hjá norska liðinu Viking, en staðan er öllu óljósari hjá Matthíasi Guðmundssyni sem fer líklega til reynslu til sænska liðsins GAIS á næstunni.

**sport**

sport@frettabladid.is

**GARÐAR GUNNLAUGSSON:** ER SEM STENDUR MARKAHÆSTUR Í SÆNSKU 1. DEILDINNI Í FÓTBOLTA

# *Tilbúinn að taka næsta skref í boltanum*



Garðar Bergmann Gunnlaugsson er uppalinn hjá ÍA eins og bræður hans, tvíburarnir Arnar og Bjarki, og hefur löngum þótt mikill markvarðahrellir. Garðar er sem stendur, þegar tveimur umferðum er ólokið í sænsku 1. deildinni Superettan, markahæsti leikmaður deildarinnar með 17 mörk í 25 leikjum og lið hans Norrköping er þegar búið að tryggja sér sæti í efstu deildinni Allsvenskan að ári.

„Það er búið að ganga framar vonum hjá mér og liðinu í sumar og það er virkilega gaman að fylgja eftir góðu gengi mínu hjá Norrköping í fyrra," sagði Garðar og kvað sér líða vel í Svíþjóð.

„Ég á enn eitt ár eftir af samningi mínum við Norrköping. Það er gott að vera í Svíþjóð og það er hugur í bæði mér og klúbbnum að semja, en það slitnaði reyndar upp úr samningaviðræðum á dögunum en ég held að það leysist allt snemma á næsta ári," sagði Garðar bjartsýnn á framtíð sína hjá liðinu.

„Markmiðið hjá okkur verður til að byrja með halda sæti okkar í deildinni, en við slógum til að mynda út tvö efstu deildarlið í bikarkeppninni í ár, þannig að við eigum vel heima í efstu deild," sagði Garðar sem skoraði meðal annars sigurmark Norrköping gegn AIK í 3. umferð bikarkeppninnar.

Hjá Norrköping leikur einnig Stefán Þór Þórðarson en hann er á leiðinni frá félaginu á fornar slóðir til ÍA eftir tímabilið.

„Það er náttúrulega agalegt að missa hann þar sem við náum rosalega vel saman bæði innan vallar sem utan, en auk hans er Bruno Santos annar framherji liðsins einnig á förum frá liðinu. Þannig að ég á von á því að við reynum að styrkja liðið talsvert fyrir næsta tímabil og hef í raun sjálfur minnstar áhyggjur af því.

Ég persónulega er að minnsta kosti mjög spenntur fyrir því að taka næsta skrefið í boltanum og ná að sanna mig í Allsvenskan á næsta tímabili. Fyrsta mál á dagskrá hjá mér er nú samt að klára þetta tímabil vel og taka markakóngstitilinn í 1. deildinni," sagði Garðar ákveðinn.



**EFTIRSÓTTUR** Mörg lið eiga eftir að keppast um Eið Smára í janúar samkvæmt La Gazzetta dello sport. NORDICPHOTOS/GETTY

La Gazzetta dello sport:

## Eiður Smári einn sá heitasti

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona og fyrirliði íslenska landsliðsins, er á topp 10 lista yfir heitustu bitana á markaðnum þegar félagsskiptaglugginn opnar í janúar, samkvæmt nýlegri samantekt ítalska blaðsins La Gazzetta dello sport. „Hinn góði Eiður er fallinn í 5.-6. sæti í goggunarröðinni yfir framherja Barcelona og er 29 ára og því geta Barcelona-menn ekki ætlast til að fá neitt nálægt því sem þeir borguðu fyrir hann á sínum tíma," segir í umfjöllun um Eið. En ásamt Eið Smára nefndi blaðið meðal annarra þá Andriy Shevchenko, Juan Roman Riquelme, Lukas Podolski og Peter Crouch sem góða kosti. - óþ

Yfirlýsing Fylkis:

## Vísað á bug

**FÓTBOLTI Hún er einkennileg yfirlýsingin á heimasíðu Fylkis sem ber heitið „Bull og vitleysa".**

**Þar kvarta Fylkismenn sáran yfir því að ekki hafi verið haft samband við þá við vinnslu fréttar sem birtist síðastliðinn þriðjudag þar sem fram kemur að félagið fái 30 prósent af söluverði Ragnars Sigurðssonar verði hann seldur frá IFK Gautaborg.**

**Yfirlýsingin er ekki síst einkennileg í ljósi þess að fram kemur að samningurinn sé trúnaðarmál og að Fylkir muni ekki nú, frekar en áður, gefa upplýsingar um samningamál.**

**Fréttablaðinu var fullkunnugt um þessa afstöðu Fylkismanna og þess vegna tók því eðlilega ekki að tala við þá. Það staðfesta þeir sjálfir í yfirlýsingunni.**

**Heimildir Fréttablaðsins eru traustar og blaðið stendur við fréttina.** - hbg






# England í vondum málum eftir slæmt tap í Rússlandi

**Möguleikar enska landsliðsins á því að komast á EM dvínuðu verulega í gær þegar liðið tapaði fyrir Rússum á gervigrasinu í Moskvu. Mjög svo umdeilt víti kom Rússum inn í leikinn í síðari hálfleik. Steve McClaren var æfur af reiði.**

**FÓTBOLTI** Englendingar þurfa á aðstoð að halda frá öðrum liðum í sínum riðli eftir að liðið tapaði gríðarlega mikilvægum leik gegn Rússum í Moskvu en leikið var á gervigrasi. Wayne Rooney kom Englendingum yfir í fyrri hálfleik með stórglæsilegu marki en í síðari hálfleik var dæmt á hann víti sem virtist vera glórulaus dómur enda átti brotið sér stað utan teigs.

Pavluchenko skoraði úr vítinu og bætti öðru marki við fjórum mínútum síðar þegar Paul Robinson varði skot og sló boltann klaufalega út í teiginn þar sem eftirleikurinn var auðveldur fyrir Pavluchenko. Steve McClaren, landsliðseinvaldur Englendinga, var langt frá því að vera sáttur við vítaspyrnudóminn.

„Við vorum með þennan leik í höndunum en töpum samt. Þetta er mjög gremjulegt. Ég var að enda við að horfa aftur á þennan vítaspyrnudóm og hann er algjört hneyksli. Brotið á sér augljóslega stað fyrir utan teig. Línuvörðurinn var ekkert að flagga heldur var það dómarinn sem tók þessa ákvörðun úr talsverðri fjarlægð og þessi ákvörðun hans breytti svo sannarlega þessum leik," sagði McClaren reiður en fram að vítinu var ekkert sem benti til þess að Rússar myndu gera nokkuð í leiknum. „Þetta leit svo vel út hjá okkur og við gerðum rétta hluti. Viðhorf leikmannanna var frábært og menn lögðu sig alla í leikinn. Við vörðumst vel, skoruðum og Rússarnir voru að verða uppiskroppa með hugmyndir. Svo kom vítið og þessar fjórar mínútur voru lyginni líkastar," sagði McClaren sem var ekki á því að gagnrýna leikmenn sína.

Rússum nægir að vinna síðustu tvo leiki sína á riðlinum gegn Ísrael og Andorra en England verður að vinna Króata og treysta á að Rússar misstigi sig.

henry@frettabladid.is



**ENGLAND EKKI Á EM?** Rússar fagna hér öðru marki sínu á gervigrasinu í Moskvu í gær. Tapið gerði líklega út um vonir Englands að komast á EM. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Valur vann Akureyri 30-26 í síðasta leik 5. umferðar N1-deildar karla í gærkvöld:

# Loksins unnu Valsmenn leik

**HANDBOLTI** Valur vann Akureyri 30-26 í síðasta leik 5. umferðar N1-deildar karla í handbolta í gærkvöld. Þetta var jafnframt fyrsti sigur Valsmanna í deildinni í ár.

Leikurinn var í jafnvægi framan af og Valsmenn leiddu til að mynda leikinn 10-9 eftir 20 mínútur og í hálfleik var staðan 15-13.

Valsmenn byrjuðu leikinn betur í seinni hálfleik og tóku örugga forystu, en gestirnir frá Akureyri voru ekki af baki dottnir en náðu þó aldrei að minnka muninn nema niður í tvö mörk í stöðunni 26-24. Það var ekki síst fyrir ágæta markvörslu Ólafs Hauks Gíslasonar sem tók 15 skot í leiknum og fór sérstaklega mikinn í síðari hálfleik. Lokatölur í leiknum voru 30-26 og þar með hafa Valsmenn loksins unnið sinn fyrsta leik á tímabilinu og Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var ánægður með sigurinn, en ekki spilamennsku sinna manna.

„Mér fannst vanta upp á gæðin í spilamennsku okkar og við vorum alltaf að hleypa þeim aftur og aftur inn í leikinn, þegar við áttum að vera búnir að klára dæmið fyrir löngu. Það vantaði einhvern neista í okkur í leiknum og við vorum klaufar að vera utan vallar í 12 mínútur," sagði Óskar sem telur lið sitt eiga mikið inni. „Þetta fer að smella hjá okkur og ég tel að Evrópuleikirnir eigi eftir að hjálpa okkur að komast í gang. Við eigum Erni líka alveg inni og ég hef fulla trú á því að við séum að komast almennilega í gang." - óþ



**SEIGUR** Sigfús Páll Sigfússon átti fínan leik fyrir Valsmenn í gærkvöld og skoraði 6 mörk úr 8 skotum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚRSLIT

*Undankeppni EM:*

**A-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Kasakstan-Portúgal | 1-2 |
| Byakov - Makukula, Ronaldo. | |
| Aserbaijan-Serbía | 1-6 |
| Belgía-Armenía | 3-0 |

**Stig efstu liða: 1. Pólland 24, 2. Portúgal 23, 3. Serbía 20, 4. Finnland 20, 5. Belgía 15, 6. Armenía 9.**

**B-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Úkraína-Færeyjar | 5-0 |
| Georgía-Skotland | 2-0 |
| Frakkland-Litháen | 2-0 |
| Thierry Henry 2 | |

**Stig efstu liða: 1. Frakkland 25, 2. Skotland 24, 3. Ítalía 23, 4. Úkraína 16, 5. Litháen 10, 6. Georgía 10.**

**C-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Malta-Moldavía | 2-3 |
| Tyrkland-Grikkland | 0-1 |
| Bosnía-Noregur | 0-2 |
| - Hagen, B.H. Riise. | |

**Stig efstu liða: 1. Grikkland 25, 2. Noregur 20, 3. Tyrkland 18, 4. Bosnía 13, 5. Ungverjaland 12, 6. Moldavía 9.**

**D-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| San Marínó-Wales | 1-2 |
| Írland-Kýpur | 1-1 |
| Þýskaland-Tékkland | 0-3 |
| - Sionko, Matejovsky, Plasil. | |

**Stig efstu liða: 1. Tékkland 23, 2. Þýskaland 23, 3. Írland 16, 4. Kýpur 14, 5. Slóvakía 13, 6. Wales 13.**

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Rússland-England | 2-1 |
| Pavluuchenko 2 (1 víti) - Wayne Rooney. | |
| Makedónía-Andorra | 3-0 |

**Stig efstu liða: 1. Króatía 26, 2. England 23, 3. Rússland 21, 4. Ísrael 17, 5. Makedónía 11, 6. Eistland 4.**

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Danmörk-Lettland | 3-1 |
| Tomasson, Laursen, Rommedahl - Gorkss. | |
| Liechtenstein-Ísland | 3-0 |
| Svíþjóð-Norður Írland | 1-1 |
| Mellberg - Lafferty. | |

**Stig liða: 1. Svíþjóð 23, 2. Spánn 22, 3. Danmörk 17, 4. Norður-Írland 17, 5. Lettland 9, 6. Ísland 8, 7. Liechtenstein 7.**

**G-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Lúxemborg-Rúmenía | 0-2 |
| Holland-Slóvenía | 2-0 |
| Sneijder, Huntelaar. | |
| Albanía-Búlgaría | 1-1 |

**Stig efstu liða: 1. Rúmenía 26, 2. Holland 23, 3. Búlgaría 19, 4. Albanía 11, 5. Slóvenía 11, 6. Hvíta-Rússland 11.**

*N1-deild karla:*

**Valur-Akureyri 30-26 (15-13)**

**Mörk Vals (skot):** Fannar Friðgeirsson 6 (7), Sigfús Páll Sigfússon 6 (8), Ingvar Árnason 5 (5), Baldvin Þorsteinsson 5/4 (10/4), Arnór Gunnarsson Malmquist 4 (6), Elvar Friðriksson 3 (8), Kristján Þór Karlsson 1 (1).
**Varin skot:** Ólafur Haukur Gíslason 15/2 (35/4, 43%), Pálmar Pétursson 6 (11/1, 55%).
**Hraðaupphlaup:** 1 (Arnór).
**Fiskuð víti:** 4 (Ingvar 3, Baldvin).
**Utan vallar:** 14 mínútur.
**Mörk Akureyrar (skot):** Magnús Stefánsson 7 (15), Heiðar Þór Aðalsteinsson 4 (5), Goran Gusic 4/2 (9/4), Jónatan Þór Magnússon 3/2 (5/3), Einar Logi Friðjónsson 3 (6), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (4), Andri Snær Stefánsson 2 (5), Rúnar Sigtryggsson 1 (2).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 12 (37/4 32%), Elmar Kristjánsson 1 (6 17%).
**Hraðaupphlaup:** 1 (Heiðar Þór).
**Fiskuð víti:** 6 (Magnús 4, Hörður Fannar 2).
**Utan vallar:** 8 mínútur

*Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| Hamar-Haukar | 76-85 |

*Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| Gummersbach-Nordhorn | 34-32 |
| Róbert Gunnarsson skoraði 8 mörk fyrir Gummersbach. | |
| Fuchse Berlin-Flensburg | 21-29 |
| Alexander Petersson lék ekki með Flensburg ekki frekar en Einar Hólmgeirsson. | |
| Balingen-Hamburg | 27-28 |

# Europris

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola, 33 cl 45

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# LÁGVÖRUVERSLUNIN ÞÍN

**99** pr. pk
**KAFFI - 250 GR**
- Fín-/grófmalað
- Kaffipokar, 200 stk, 1x4, kr 199

**119**
**SALERNISPAPPÍR**
- 8 í pk
- Miljø-spar

**2990**
**LUKT**
- H: 52 cm
- Króm og gler
- Kerti ekki innifalið

4 pk saman
**799**
**HUGGIES - 4 PAKKAR**
- 4x72 barnaklútar

**4990**
**OLÍUOFN**
- 1500 W

**19.990**
**21'' SJÓNVARP M/ DVD SPILARA**
- Textavarp
- Fjarstýring
- DVD/VCD/MP3
- Valmynd á skjá
- Fjöldi stillimöguleika
- Stereo
- Veggfesting fyrir sjónvarp, 10-30°, kr 4990

**99** pr. pk
**ÞVOTTAEFNI - MICRO**
- 850 gr
- Micro Pluss/Color
- 17 þvottar

4 ltr
**199**
**RÚÐUVÖKVI - 4 LTR**

**12.990**
**LEÐURSTÓLL**
- Með fótskemli

50 ltr 2 hö
**15.990**
**LOFTPRESSA - BLACK & DECKER**
- 2 hö
- 50 ltr

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

**www.europris.is**

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi



**HÁLOFTABOLTI** Hann var ekki merkilegur fótboltinn sem var í boði í Vaduz. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hans-Peter Zaugg:

## Dreymdi um að vinna 1-0

**FÓTBOLTI** Blaðamennirnir frá Liechtenstein föðmuðu landsliðsþjálfarann Hans-Peter Zaugg á blaðamannfundinum eftir leikinn og það var ljóst á öllu að liðið hafði endurskrifað knattspyrnusögu þjóðarinnar.

„Þetta var kannski ekki besti leikurinn okkar en það var mjög mikilvægt fyrir okkur að vinna þennan leik gegn Íslandi. Ísland er með gott lið en heppnin var með okkur í fyrsta markinu. Markvörðurinn okkar átti mjög góðan leik, varði í tvígang meistaralega í fyrri hálfleik og leikurinn kláraðist síðan með seinni tveimur mörkunum. Ísland spilaði að mínu mati mjög svipað og í fyrri leiknum á Ísland. Þetta var ekki slæmur leikur hjá Íslandi en heppnin var með okkur," sagði Zaugg á blaðamannafundi eftir leik. „Draumaúrslitin fyrir mig var að vinna leikinn 1-0 en það gerist ekki betra en að skora þrjú mörk og halda hreinu. Þetta er ótrúlegt kvöld." - óój

**Liechtenst. 3-0 Ísland**

*1-0 Mario Frick (27.)*
*2-0 Thomas Beck (80.)*
*3-0 Thomas Beck (83.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–13 (6–6) |
| Varin skot | Jehle 6 – Árni Gautur 4 |
| Horn | 1–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 24–15 |
| Rangstöður | 3–5 |

## EINKUNNIR ÍSLANDS

**BYRJUNARLIÐIÐ**

| | |
|---|---|
| Árni Gautur Arason, markvörður | 5 |
| Varði nokkrum sinnum ágætlega og gat lítið gert við mörkunum. Greip ágætlega inn í leikinn á köflum. | |
| Kristján Örn Sigurðsson, hægri bakvörður | 5 |
| Gaf ekkert eftir og vann ófáar tæklingar í leiknum. Hann reyndi mikið í sókninni í fyrri hálfleik en með takmörkuðum árangri. | |
| Ívar Ingimarsson, miðvörður | 4 |
| Var allt of langt frá sínum manni sem skapaði óöryggi. Missti Beck inn fyrir sig í seinna markinu. | |
| Ragnar Sigurðsson, miðvörður | 4 |
| Lenti oft í vandræðum og braut allt of oft klaufalega af sér sem gaf aukaspyrnur á hættulegum stöðum. | |
| Hermann Hreiðarsson, vinstri bakvörður | 6 |
| Stóð fyrir sínu og reyndi að rífa sína menn áfram en án mikils árangurs. | |
| Arnar Þór Viðarsson, hægri vængmaður | 3 |
| Tapaði boltanum ítrekað á hættulegum stöðum og var áfram í sömu vandræðum og áður. Átti eina mjög góða stungusendingu sem Eiður Smári átti að nýta betur. | |
| Brynjar Björn Gunnarsson, varnartengiliður | 6 |
| Lék mun betur en á laugardaginn og gaf allt sitt að venju. Var langhættulegasti maðurinn og bjó til nokkur úrvalsfæri fyrir félaga sína. | |
| Jóhannes Karl Guðjónsson, tengiliður | 3 |
| Átti ekki góðan leik og var að reyna of erfiða hluti. Hékk of mikið á boltanum og fór oft illa með vænlegar sóknir. | |
| Emil Hallfreðsson, vinstri vængmaður | 2 |
| Var í sínum eigin heimi og vann illa með öðrum leikmönnum liðsins. Hættuleg hlaup litu oft vel út en enduðu oftar en ekki með glötuðum bolta og nánast allar sendingar hans misfórust. | |
| Eiður Smári Guðjohnsen, framherji | 4 |
| Var eins og áður hættulegur með boltann en vantaði nauðsynlega að koma boltanum meira til hans. Virtist vera að spara sig og er greinilega langt frá því að vera kominn yfir meiðslin. | |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji | 5 |
| Var augljóslega óvanur að spila úr þessari stöðu og var oftar en ekki utangátta í vænlegum sóknum liðsins. Fékk þó færi sem hann hefði átt að nýta betur. | |

**VARAMENN**

| | |
|---|---|
| 58. mín. Ármann Smári Björnsson fyrir Jóhannes Karl | 5 |
| Vann nokkra bolta en náði aldrei að komast almennilega í takt við leikinn. | |
| 72. mín. Helgi Sigurðsson fyrir Gunnar Heiðar | - |
| 86. mín. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson fyrir Brynjar Björn | - |

Það var ekki hátt risið á landsliðsfyrirliðanum Eiði Smára Guðjohnsen eftir leikinn gegn Liechtenstein:

# Allir strákarnir í liðinu þurfa að líta í eigin barm

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen fyrirliði gerir sér ekki grein fyrir því sem er að hjá íslenska liðinu. „Ég held að það sé best að segja sem minnst þangað til að við getum horft aftur á leikinn. Við þurfum að fara yfir það sem fór úrskeiðis. Það er auðvelt að láta hlutina fara í skapið á sér og ég held að við þurfum allir að líta í okkar eigin barm. Það taka allir ábyrgð á þessum sem ein heild," sagði Eiður Smári.

„Við erum greinilega ekki nógu samstilltir, hvort sem það sé vegna skilaboðanna sem við fáum inn á völlinn eða hvort við útfærum þau ekki rétt. Það er voða erfitt að gera sér grein fyrir því sem er að. Þetta var í lagi í fyrri hálfleik en við þurftum bara að skora til að fá sjálfstraustið inn í liðið. Við fáum síðan á okkur ódýrt mark enn eina ferðina og það drepur leikinn fyrir okkur. Þriðja markið undirstrikar síðan allan pakkann," sagði Eiður sem kláraði 90 mínútur annan leikinn í röð. „Ég er búinn eftir tvo 90 mínútna leiki. Það var allt í lagi kraftur í mér inn á milli en ég er lengi að jafna mig og fann aðeins til í hnénu undir lok leiksins," sagði Eiður Smári sem upplifði í gær versta kvöld sitt með landsliðinu.

„Já. ég held það. Það getur ekki annað en nartað í stoltið hjá manni en ég tek bara á mig mína ábyrgð alveg jafnmikla og hinir leikmennirnir í liðinu. Það þýðir ekkert að fara heim og grenja heldur þurfum við að fara yfir það sem fór úrskeiðis. Ég er ekki sá sem gefst upp að eðlisfari og ætla ekki að byrja á því hér. Við sem lið höfum aldrei verið þekktir fyrir að gefast upp. Það er engin ástæða fyrir að fara að byrja á því þó svo að við höfum fengið stóran skell. Við gerum miklar væntingar til okkar sjálfra og það er erfitt að sætta sig við sjálfan sig þegar maður stendur ekki undir væntingum," sagði Eiður. - óój



**ERFITT** Eiður Smári var ekkert sérstakur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vonleysið algjört í Vaduz í gær

**Íslenska karlalandsliðið steinlá, 3-0, fyrir Liechtenstein í Vaduz í gær og mátti þola eitt neyðarlegasta tap í sögu landsliðsins. Eftir frábær úrslit gegn Spáni og Norður-Írlandi hrundi leikur liðsins gegn neðstu liðunum í riðlinum og það er augljóslega eitthvað mikið að hjá íslenska landsliðinu í knattspyrnu.**

**FÓTBOLTI** Miðvikudagsins 17. október 2007 verður minnst sem eins svartasta dags í sögu íslenskrar knattspyrnu. Þetta er dagurinn þar sem íslenska landsliðið var niðurlægt af einni minnstu knattspyrnuþjóð heims, Liechtenstein.

Íslenska liðið náði aldrei tökum á leiknum og vonleysið jókst mínútu frá mínútu eftir að íslenska liðið lenti undir eftir hálftíma leik. Liðið fékk nokkur góð færi til að koma sér inn í leikinn en annað mark Liechtenstein drap algjörlega í íslenska liðinu sem hreinlega brotnaði saman gegn einu af smáríkjunum í boltanum. Leikmenn Liechtenstein eru ekki að spila með bestu knattspyrnuþjóðum Evrópu en þeir afgreiddu atvinnumenn íslenska landsliðsins að hætti bestu knattspyrnuþjóða heims. Framfarir Liechtenstein hafa verið miklar síðan að Ísland vann þá í tvígang 4-0 fyrir tíu árum síðan. En afturför íslenska landsliðsins á þó hér öruggglega stærstan þátt í óförum liðsins í Ölpunum í gær.

Það var óöryggi í íslenska liðinu frá fyrstu mínútu og leikmenn Liechtenstein voru alltaf hættulegir ekki síst þar sem íslenska liðið var að tapa boltanum ítrekað á slæmum stöðum. Tapaður bolti á miðjunni bauð síðan upp á hraða sókn upp vinstri vænginn á 28. mínútu þar sem Franz Burgmeier komst aftur fyrir Kristján Örn Sigurðsson og gaf fyrir á galopinn Mario Frick sem skoraði auðveldlega utan úr teignum.

Íslenska landsliðið kom öllum á óvart með því að skora þrjú mörk á fyrstu 37 mínútunum í fyrsta útileiknum en hefur síðan hvorki skorað mark né fengið stig utan Laugardalsvallarins. Síðan að Eiður Smári Guðjohnsen skoraði þriðja markið í Belfast eru liðnar 413 mínútur og markið lætur enn bíða eftir sér.

Sú vonarglæta sem glæddist með góðum úrslitum varð snögglega að engu en þegar litið er til baka þá náðum við jafntefli úr leik þar sem við vorum manni fleiri í 69 mínútur og vorum ljónheppnir að vinna Norður-Íra nokkrum dögum síðar. Eitt stig gegn botnliðunum í riðlinum er staðreynd. Það er erfitt að sætta sig við að fjórir lélegustu leikir liðsins komi gegn þeim tveimur þjóðum sem við eigum að vinna. Uppskeran er hins vegar eitt af mögulegum tólf stigum, eitt mark skorað og tólf fengin á okkur. Það eru stigin sex gegn Norður-Írum sem eru að bjarga liðinu frá því að sitja í botnsætinu um leið og þau ræna Norður-Íra farseðilinn til Sviss og Austurríkis næsta sumar.

Íslenska liðið var taktlaust og ósannfærandi. Hér hlýtur þjálfarinn að taka á sig alla ábyrgð. Eyjólfur Sverrisson hefur fengið tækifæri til að vinna sig úr skelfilegri frammistöðu. Hann fékk það tækifæri í haust en eftir tvö töp í röð með markatölunni 2-7 er erfitt fyrir hann að halda áfram. Liðið er augljóslega á rangri leið og með sama áframhaldi er Ísland að verða ein slakasta knattspyrnuþjóðin í Evrópu. Menn gera ekki lengur grín af San Marínó, Færeyjum og Liechtenstein því eftir leikinn í gær hefur Liechtenstein sent íslenska knattspyrnulandsliðið niður í kjallarann með þessum þjóðum.



**GLEÐI OG SORG** Hermann Hreiðarsson gengur hér svekktur fram hjá þeim Mario Frick og Thomas Beck sem sáu um íslenska landsliðið í Vaduz í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LIECHTENSTEIN-ÍSLAND
**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
skrifar frá Vaduz, Liechtenstein
ooj@frettabladid.is

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari gat ekki leynt vonbrigðum sínum í Vaduz:

# Við vorum einfaldlega niðurlægðir

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari var að sjálfsögðu mjög óánægður með leikinn í gær. „Það er ekkert sem við þurfum að tala fallega um úr þessum leik. Þetta er bara skelfilegt og við vorum bara niðurlægðir. Ég tek að sjálfsögðu mína ábyrgð á þessu," sagði Eyjólfur sem ætlar þó ekki að segja af sér.

„Ég ætla að halda áfram með liðið. Ég veit núna hvað ég þarf að bæta. Ég geri miklar kröfur til mín sjálfs og ég tel mig geta lagað það sem þarf að bæta hjá liðinu," sagði Eyjólfur kokhraustur.

„Við vorum einfaldlega niðurlægðir. Það er ekkert í þessum leik sem við getum talað fallega um. Þeir nýttu sín færi. Við fengum reyndar fjögur dauðafæri en nýttum þau ekki. Þetta er sama vandamálið og við höfum glímt við undanfarin fimm ár.

Þessi stöðugleiki er ekki í liðinu og það eru gríðarleg vonbrigði með þennan leik. Það virðist vera þannig að ef við erum að verjast allir á okkar vallarhelmingi þá erum við í fínu standi en um leið og við förum að sækja á fleiri mönnum og erum meira með boltann þá lendum við alltaf í vandræðum," sagði Eyjólfur eftir leikinn og hann veit að gengi liðsins gegn botnliðunum hefur verið mjög slakt.

„Það er mjög dapurt að fá aðeins eitt stig af tólf mögulegum á móti Lettlandi og Liechtenstein og í rauninni þyrftum við bara að spila eintóman varnarleik og pakka í vörn," sagði Eyjólfur í kaldhæðni en hann sá þó mun á liðinu frá því í tapinu á móti Lettum. „Hugarfarið var í fínu lagi og mun, mun betra en það var á móti Lettum," sagði Eyjólfur. - óój



**1-0** Mario Frick kemur hér heimamönnum yfir með laglegu marki. FRÉTTABAÐIÐ/AP

> **Ewan Mcgregor**

Ewan lék einungis í ódýrum indí myndum fyrri hluta ferilsins. Þegar hann var ráðinn í hlutverk Obi-wan Kenobi í Star Wars þá var hann minntur á andúð sína á stórmyndum Hollywood-senunnar og svaraði: „Ég veit hvað ég hef sagt en hey! Við erum að tala um Star Wars!“ Ewan leikur í Shallow Grave á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FÉKK SOPRANOS ÓVÆNT UPP Í FANGIÐ

# Þolinmæðin borgaði sig á endanum

Margir kunningjar mínir sækja sjónvarpsþætti á netinu áður en þeir eru sýndir hérlendis. Má þar nefna 24, Prison Break og nú síðast Californication.

Hafa þeir stært sig af því að vera löngu búnir að sjá þessar þáttaraðir á meðan ég hef staðist freistinguna og beðið þolinmóður eftir því að þær komi til mín.

Sú þolinmæði borgaði sig á nokkuð óvæntan hátt fyrir skömmu þegar þáttur úr nýjustu seríu af Sopranos birtist skyndilega á danskri sjónvarpsstöð á fjölvarpinu og vitaskuld með dönskum texta. Ekki gat ég lengur afneitað þættinum bara af því að hann var ekki í Ríkissjónvarpinu, enda kom hann til mín en ekki öfugt. Kom ég mér einfaldlega vel fyrir í sófanum og gat meira að segja rifjað upp dönskukunnáttuna mína í leiðinni, sem hefur ryðgað meira en góðu hófi gegnir undanfarin ár.



**THE SOPRANOS** Þættirnir um Sopranos-fjölskylduna hafa staðið vel fyrir sínu í gegnum árin.

Ekki sá ég eftir þessari kvöldstund enda var þátturinn virkilega góður, og skemmdi fjarvera RÚV í málinu síður en svo fyrir útkomunni. Hver einasti Sopranos-þáttur sem ég hef séð hefur hingað til staðið fyrir sínu, þökk sé safaríku handriti og vel leiknum persónum, og var þessi engin undantekning.

Kannski næsta skref hjá manni verði einfaldlega að hætta að plata sjálfan sig og ná í þáttaröðina á netinu. Í versta falli mun ég fylgjast með Sopranos áfram á dönsku stöðinni og bæta enn frekar við dönskukunnáttuna þangað til þátturinn hefur göngu sína á RÚV.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** **I, Robot** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.25** **Skemmtiþáttur Catherine Tate** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** **30 Rock** SKJÁREINN



▶ **20.40** **Til Death** STÖÐ 2



▶ **20.50** **Talk Show With Spike Feresten** SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**15.25 Formúlukvöld** e.
**15.50 Kiljan** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fjársjóðsleitin** (1:6)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Aukaleikarar** (5:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (11:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**20.55 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð. Framleiðandi er Pegasus.
▶**21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (5:6) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Soprano-fjölskyldan** (13:21) Lokasyrpa myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni www.hbo.com/sopranos.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (62:70)
**00.05 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 I, Robot**
**08.00 Hair**
**10.05 Lotta flytur að heiman**
**12.00 Must love dogs**
**14.00 Hair**
**16.05 Lotta flytur að heiman**
**18.00 Must love dogs**
▶**20.00 I, Robot** Hörkuspennandi framtíðartryllir með Will Smith í aðalhlutverki. Myndin gerist árið 2035 þegar algengt er orðið að menn noti vélmenni til aðstoðar.
**22.00 Shallow Grave**
**00.00 Angels Don't Sleep Her**
**02.00 Possible Worlds**
**04.00 Shallow Grave** (e)

## STÖÐ 2

**08.10 Beauty and the Geek** (2.9)
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (44.120)
**10.15 Wife Swap** (7.12) (e)
**11.10 Blue Collar**
**11.35 Freddie** (3.22)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (87.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (88.114)
**14.40 Neyðarfóstrurnar** (16.16)
**15.25 Saved** (3.13)
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (10.22)
**19.50 Friends** (6.17) (The One With Ross´s Grant)
**20.15 Two and a Half Men** (9.24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegu þáttum um bræðurna Charlie og Alan. Leyfð öllum aldurshópum.
▶**20.40 Til Death** (9.22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. 2006.
**21.05 It´s Always Sunny In Philadelphia** (6.7) Skemmtileg gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra félaga sem reka bar en eru allir of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árekstrar á milli þeirra. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.30 Numbers NÝTT** (1.24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. 2006.
**22.15 Life on Mars** 2006.
**23.10 Tekinn 2** (5.14)
**23.35 Næturvaktin** (5.12)
**00.00 Damages** (2.13)
**00.45 The Tudors** (8.10)
**01.30 Outta Time**
**03.05 Cold Case** (7.23)
**03.50 That Thing You Do!**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Liechtenstein - Ísland**
**14.30 EM 2008 - undankeppni** (Rússland - England)
**16.10 EM 2008 - undankeppni** (Svíþjóð - N. Írland)
**17.50 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**18.20 Liechtenstein - Ísland** Útsending frá leik Íslendinga við Liec htenstein sem fram fór í gær.
**20.00 Sumarmótin 2007** Þáttur um hið árlega Shellmót í knattspyrnu sem haldið er í Vestmannaeyjum fyrir unga knattspyrnuiðkendur.
**20.40 Kraftasport - 2007** Sýnt frá keppninni um Grundarfjarðartröllið sem fram fór í sumar. Þá leiddu saman hesta sína margir af sterkustu mönnum Íslands.
**21.15 David Beckham - Soccer USA** (13.13)
**21.45 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**22.15 PGA Tour 2007 - Highlights** (Frys.com Open in Las Vegas)
**23.10 World Series of Poker 2007**

## SÝN2

**17.20 Reading - Derby**
**19.00 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches**
**21.30 Goals of the season** (Goals of the Season 2001/2002)
**22.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.
**23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Less Than Perfect (**e)
**19.30 Game tíví** (3.12)
**20.00 Family Guy** (10.11) Teiknimyndaþættirnir um Griffin fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétthugsun og æðislegir.
▶**20.30 30 Rock** (5.21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Eftir að Jack þvingar Liz til að koma leyndum auglýsingum fyrir í gamanatriðum skrifar hún eitt atriðið þar sem Jack sjálfur kemur við sögu.
**21.00 House** (7.24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House grípur til örþrifaráða til að reyna að bjarga sjúklingi sem er meðvitundarlaus eftir minniháttar aðgerð.
**22.00 The Black Donnellys** (12.13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen. Tommy gerir samning við Nicky og Jimmy er tekinn í karphúsið. Það er komið að uppgjöri um yfirráðin í hverfinu.
**22.50 Venni Páer** Íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari sem hefur það takmark að koma hinni einu sönnu og réttu leið varðandi heilsurækt til skila.
**23.15 Silvía Nótt**
**23.40 America's Next Top Model** (e)
**00.40 Backpackers** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.55 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Þjónustumiðstöð bílsins - Allt á einum stað!

Mundu eftir að finna
besta verðið
áður en þú kaupir þér dekk

ALLT AÐ 15% AFSLÁTTUR!





1 Heilsársdekk
2 Nagladekk
3 Loftbóludekk
4 Ódýr dekk
5 ... eða besta merkið

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

HASSO
BÍLALEIGA/CAR-RENTAL
Sími: 555 3330



Tilboð!
www.hasso.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.30

### Numbers



Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. Í fyrsta þættinum þarf FBI á hjálp Charlies að halda við að góma morðótt kærustupar en Charlie á í erfiðleikum með að leysa málið.

## 07/08 BÍÓ LEIKHÚS

### Sjónvarpið kl. 20.55

Í kvöld verður sögð 25 ára vídeósaga Aðalvídeóleigunnar í Reykjavík. Þessi menningarmiðstöð hefur kennt fagfólki jafnt sem áhugafólki á góðar kvikmyndir. Enn fremur verður rætt um Óhapp Bjarna Jónssonar, sem fjallar um veruleika í beinni útsendingu, Þorsteinn J. kemur með nýjustu tölur úr bíói og leikhúsi í Reykjavík, og Andrea hittir Lay Low söngkonu, sem er að frumsemja fyrir Leikfélag Akureyrar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Þrjú verk úr leikritaflokknum, Smásögum
**23.10** Krossgötur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**17.30 Skífulistinn**
**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (38.260)
**19.30 Hollyoaks** (39.260)
**20.00 Bestu Strákarnir** (26.50)
**20.25 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
**20.50 Talk Show With Spike Feresten** (8.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
**21.15 Skins** (8.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**22.00 Big Love** (8.12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. (8.12) Bill kemst að því hversu mikið hann hefur vanrækt fjölskylduna og svo virðist sem fjölskyldulífið sé í hættu. Þriðja eiginkonan reynir að halda utan um alla fjölskylduna en sú fyrsta virðist vera reiðubúin til að gefa hana upp á bátinn. 2006.
**23.00 Ghost Whisperer** (34.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.

## BBC PRIME

**12.00** Antiques Roadshow **13.00** Hetty Wainthropp Investigates **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** One Foot in the Grave **16.30** Some Mothers Do Ave Em **17.05** The Monastery **18.00** Silent Witness **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Office **20.30** Nighty Night **21.00** Silent Witness **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.25** One Foot in the Grave **23.55** Some Mothers Do Ave Em **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies

## DR 1

**11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.50** Hvad er det værd **12.20** Lær - på livet løs **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Liga **14.00** Boogie Update **14.30** Bernard **14.35** Tintin **15.20** F for Får **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Kender du typen **18.30** Nationen **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** 2 Fast 2 Furious **21.45** De skrev historie **22.25** Liga **23.10** Steffen Brandt - en Godfather i dansk musik **23.40** Boogie Update **4.30** Gurli Gris **4.35** Morten **5.00** Palle Gris på eventyr **5.20** Amalie **5.30** Lille Nørd

## NRK 1

**11.40** 'Allo, 'Allo! **12.15** Vinbaronen **13.00** Fabrikken **13.30** Guttegærne jenter **13.50** Grusomme grøss **14.00** Erstatterne **14.25** Kid Paddle **14.35** Ninjaskolen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.35** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.50** Folkereportere i felten **17.55** Tilbake til 90-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 **19.30** Forbrytelsen **20.30** Kanal 1 21.00 Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Menn som oss **23.25** Kulturnytt **23.35** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** På jakt efter lyckan **10.35** Sju bagarbröder **13.30** Mitt i naturen **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** BoliBompa **16.25** Pingu **16.30** Expedition vildmark **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Packat & klart **19.00** Örnen **19.55** Anslagstavlan **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Skild! **22.50** Out of Practice 23.15 Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast kvöldmat í morgunmat, til dæmis hamborgara eða pitsu, sem ég hita upp í örbylgjunni. Ég er lítið fyrir að fá mér hefðbundinn morgunmat og vil meira bara kjöt, sósu og eitthvað svoleiðis.“*

Bent, liðsmaður XXX Rottweiler.

# Hallgrímur vinsæll í Danmörku

Skáldsagan Rokland eftir Hallgrím Helgason hefur fengið afar góðar viðtökur í Danmörku en hún var gefin þar út fyrir tveimur vikum undir nafninu „Stormland“. Gagnrýnendur mega var vatni halda yfir henni og Berlingske Tidende gaf bókinni fullt hús, heilar sex stjörnur. Jyllands-posten og Börsen gáfu fimm og Politiken útnefnir Rokland bók vikunnar. Menningarþáttur danska ríkissjónvarpsins, „Smagsdommerne“, fjallaði einnig um bókina.




**ROKLAND** í Berlingske tidende segir að Rokland fari „langt fram úr öllum öðrum norrænum samtímabókmenntum“.

Hallgrímur segist í viðtali við Fréttablaðið hafa lesið gagnrýni Dananna. „Þetta er skemmtilegt,“ segir hann. „Bókin selst vel úti, talan nálgast tvö þúsund eintök á tveimur vikum. Maður er bara sáttur.“ Það er einkum menningargagnrýni bókarinnar og kraftur tungumálsins sem heillar gagnrýnendur í Danaveldi. Einn þeirra sagði Hallgrím greina nútímann með nákvæmni hjartalæknis og tilfinningu uppistandara fyrir tímasetningu. Annar sagðist hafa svipast um í stofu sinni í leit að einhverjum til að deila menningargagnrýninni með sem sett væri fram á svo „ótrúlega skemmtilegu og kraftmiklu máli“. Sá þriðji sagði bókina fara langt fram úr öllum öðrum norrænum samtímabókmenntum. Hinn kaldhæðni húmor Hallgríms virðist því hafa skilað sér í dönsku þýðingunni. „Ég var einstaklega heppinn með þýðandann, Kim Lembek,“ viðurkennir Hallgrímur. „Þetta veltur mikið á því, sérstaklega fyrir okkur Íslendinga.“ Rokland fjallar sem kunnugt er um Bödda nokkurn Steingrímsson sem snýr aftur heim á Sauðárkrók eftir námsdvöl í Þýskalandi. „Kim lærði íslensku þegar hann starfaði sem vinnumaður á bæ í Skagafirði í eitt ár. Það má segja að hann hafi nánast verið forritaður til að þýða þessa bók.“ - sók



**NÁKVÆMUR SEM HJARTALÆKNIR** Gagnrýnandi Börsen í Danmörku segir Hallgrím Helgason greina nútímann með nákvæmni hjartalæknis og tilfinningu uppistandara fyrir tímasetningu.



**LÁRÉTT**
2. pest 6. samþykki 8. langar 9. rjúka 11. eldsneyti 12. frækorns 14. sýna elliglöp 16. í röð 17. skjön 18. ennþá 20. grískur bókstafur 21. velta.

**LÓÐRÉTT**
1. útihús 3. tveir eins 4. gufuskip 5. skordýr 7. áleitinn 10. skel 13. angan 15. heimsálfa 16. húðpoki 19. núna.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. kvef, 6. já, 8. vil, 9. ósa, 11. mó, 12. sæðis, 14. kalka, 16. hí, 17. mis, 18. enn, 20. pí, 21. snúa.
LÓÐRÉTT: 1. fjós, 3. vv, 4. eimskip, 5. flö, 7. ásækinn, 10. aða, 13. ilm, 15. asía, 16. hes, 19. nú.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

1. Árni Finnsson
2. Iceland Airwaves
3. Sigurður Kári Kristjánsson








**MARGAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ BROSA** Garðar Thor hefur næga ástæðu til að vera brosmildur þessa dagana.

GARÐAR THOR CORTES: SYNGUR Á PLÖTU MEÐ STÓRSTJÖRNUM

# Garðar setur stefnuna á Ólympíuleikana í London

Garðar Thor Cortes mun syngja á góðgerðarsamkomu The Bobah Center í Kensington-höllinni í kvöld en meðal gesta er lávarðurinn Sebastian Coe. Garðar mun syngja í móttökunni en Bobah-samtökin hafa stutt við bakið á þeim sem hafa orðið fyrir heilaskaða snemma á ævinni. Athöfnin fer fram í einum af íbúðum hallarinnar, við hliðina á þeirri sem Díana prinsessa bjó í þegar hún var gift Karli Bretaprins.

Verndari samtakanna er hertogaynjan af Gloucester, hin danska Brigitte Eva van Deurs, en hún er mikill aðdáandi íslenska tenórsins að sögn Mark Devine hjá Mother, umboðsskrifstofu Garðars í London. „Hún hlakkar mikið til að hitta hann og kannski að Garðar bregði fyrir sér íslenskunni þegar þau ná saman,“ segir Mark og hlær.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ákveðið hafi verið að taka þessu boði í ljósi nærveru Sebastian Coe en hann er formaður Ólympíunefndarinnar fyrir leikana í London sem fram fara 2012. Mark segir það ekkert launungarmál að stefnt sé að því að koma Garðari þar fyrir, hvort sem það verði við setningarathöfnina eða aðra tengda viðburði en þetta er án nokkurs vafa stærsti viðburðurinn í Lundúnum á þessari öld.

Ferill Garðars er á hraðri uppleið. Tilkynnt hefur verið að hann verði meðal söngvara á stórri safnplötu með sígildri tónlist sem gefin verður út á heimsvísu. Meðal annarra listamanna sem syngja á plötunni eru Kiri Te Kanawa, Luciano Pavarotti, Placido Domingo, Anna Netrebko, Bryn Terfel, IL Divo, Mario Lanza og Andrea Bocelli en það eru Sony Records og Universal sem standa að þessari útgáfu. Þá má ekki gleyma söng Garðars fyrir Tony Blair í byrjun næsta mánaðar en hápunktinum verður síðan náð þegar Garðar syngur í beinni útsendingu Sky-sjónvarpsstöðvarinnar frá vígslu nýjasta skemmtiferðaskips Cunard-skipasmíðafyrirtækisins en þar munu Camilla Parker Bowles og Karl Bretaprins gefa fleyinu nafn. Meðal annarra sem munu væntanlega koma fram ásamt Garðari verða Katherine Jenkins og hinn margverðlaunaði Derek Jakobi.

freyrgigja@frettabladid.is



**MIKILVÆGUR** Nærvera Sebastian Coe er mikilvæg en hann ræður öllu hvað varðar Ólympíuleikana í London 2012.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tískudrottningin **Svava Johansen** og ofurfyrirsætan **Björn Friðbjörnsson** liggja nú undir feld og reyna að ákveða hvað þau eigi að gera við nýju húseignina sína í Fossvoginum. Skötuhjúin lýstu því yfir að þau ætluðu að ráðast í miklar breytingar og velta nú vöngum yfir því hvort ekki sé hreinlega hagstæðara að rífa húsið, sem var byggt árið 1973, og byggja bara nýtt í staðinn. Fossvogsbúar ættu því ekki að láta það koma sér á óvart þótt stórtækar vinnuvélar birtust í þessu friðsæla hverfi á næstu misserum.



Íslenska landsliðið í handbolta kemur hingað til lands í næstu viku þar sem það etur kappi við það ungverska í undirbúningi sínum fyrir EM í Noregi. Vefsíðan handbolti.is skellti því á forsíðu hjá sér í stríðsletri að RÚV ætlaði ekki að sýna frá leikjunum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð það óvenju tæpt enda fer leikurinn fram á afar óheppilegum tíma á laugardeginum. Eftir nokkurt japl, jaml og fuður ákváðu **Páll Magnússon** og félagar í Efstaleitinu hins vegar að þeir yrðu nú að standa í stykkinu og verður leikurinn því sýndur, unnendum íþróttarinnar til mikillar gleði.



Kvikmyndatímaritið Indiewire er bjartsýnt fyrir hönd **Mýrarinnar** sem nú er byrjuð á langri göngu í átt að Óskarsverðlaunatilnefningu. Indiwire spáir að fimm kvikmyndir muni berjast um hylli dómnefndar og nefnir síðan til sögunnar aðrar fimm sem geti sett strik í reikninginn og þar er Mýrin í hópi með kvikmyndum á borð við **Fjórir mánuðir, þrjár vikur og tveir dagar** en hún hlaut einmitt Gullpálmann í Cannes. - fgg


FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

Þú færð aðeins það besta hjá okkur
úrval fiskrétta, saltfisk, kinnar, gellur
signa grásleppu, reykt ýsa og margt fleira




# Sérfræðingur hjá NY Times

Grafíski hönnuðurinn Oscar Bjarnason er á meðal átta sérfræðinga sem heimasíða dagblaðsins New York Times leitaði álits hjá um nýtt merki hjá leigubílum New York-borgar.

„Það er gaman að vera með á þessum lista því það eru stórar kanónur þarna,“ segir Oscar. „Þetta er að sjálfsögðu heiður og mjög gaman fyrir mig. Hönnunarstjórinn hjá nytimes.com sem er búinn að fylgjast dálítið með mér sendi mér fyrirspurn og spurði hvort ég vildi taka þátt í þessu. Þess vegna datt ég inn á þetta.“

Samkvæmt heimasíðunni hafa íbúar New York verið frekar ósáttir við breytinguna á merki leigubílanna og því var ákveðið að leita álits sérfræðinga í málinu. Í áliti sínu segir Oscar merkið vera óþarflega flókið og leggur til aðrar praktískari lausnir.



**OSCAR BJARNASON** Oscar er einn af átta sérfræðingum heimasíðunnar nytimes.com.

Oscar er greinilega orðinn einn af virtustu grafísku hönnuðum heims. Auk þess að fá athygli frá New York Times var vörumerki hans Systm keypt af japanska fataframleiðandanum UNIQLO, eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu. Voru bolir með merkinu til sölu í fimmtán til tuttugu þúsund eintökum víða um heim, þar á meðal í New York, London, Japan og Frakklandi. „Allir bolirnir eru uppseldir nema þessir gulu. Þetta rauk út,“ segir Oscar. „Ég ætlaði að redda mér eintökum en þau hlógu bara að mér í búðinni.“

Oscar hefur áður vakið athygli fyrir hönnun sína því hann á heiðurinn að merkinu fyrir N1 og veitingastaðinn Domo, sem hann hlaut FÍT-verðlaun fyrir. Þeim sem vilja kynna sér verk Oscars er bent á heimasíðuna http://analog.sys.is. - fb


OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
Ekki láta þér verða kalt í vetur
Outlet 10 býður upp á hlýjan
vetrarpakka fyrir alla fjölskylduna
Herraúlpa 4990,-
Levi's buxur 3990,-
Dömubolur 990,-
Levi's buxur 3990,-
Hettupeysa 2990,-
Levi's buxur 3990,-
Flíspeysa 1990,-
Buxur 3990,-
Bolur 990,-
Jakkaföt 9990,-
Skyrta 1990,-
Bindi 1490,-
Dömuúlpa 4990,-
Flíspeysa 1990,-
Levi's buxur 3990,-
Hettupeysa 2990,-
Buxur 3990,-
Bolur 990,-
Hettupeysa 2990,-
Herrapeysa 3990,-
Levi's buxur 3990,-
Flíspeysa 1990,-
Levi's buxur 3990,-
Komdu til okkar í Faxafenið og gerðu þig og fjölskylduna
klára fyrir veturinn. Gríðarlegt úrval af alls kyns fatnaði.
FAXAFENI 10
S. 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Alvöru útrás*

Frá því fyrsta nútímahljómsveit Íslands, Hljómar, kom fram hafa metnaðarfullar hljómsveitir átt í ástar/haturssambandi við klakann. Hér er fæðingardeildin og heimavöllurinn, en Ísland er örmarkaður sem hljómsveitir klára á fyrsta æviskeiði sínu. Ekkert kálar góðri hljómsveit eins hratt og örugglega og að hanga hér í fámenninu spilandi endalaust fyrir sama fólkið. Því hafa popparar verið með meikið á bakvið eyrað frá fyrstu tíð.

**HLJÓMAR** breyttu sér í Thor's Hammer en urðu því miður ekki heimsfrægir. Þrátt fyrir stórglæsilega hljómsveitarbúninga gerðist ekkert hjá Change. Mezzoforte braut ísinn með Garðveislunni en það var ekki fyrr en Björk og Sigur Rós ráku upp sitt hreinskilna gól að boltinn fór að rúlla. Ísland, sem einu sinni var ekkert í eyrum umheimsins, er nú þekkt sem uppspretta ótrúlegrar tónlistar.

**MARGIR** eru kallaðir en fáir útvaldir. Opinberir sjóðir hafa lokist upp og það er sem betur fer af sem áður var þegar til dæmis Sykurmolarnir þvældust á milli ráðuneyta án þess að fá krónu í styrk þegar þeim var boðið að hita upp fyrir U2. Í hverju einasta viðtali eru böndin spurð um Ísland; landið, veðrið, álfana. Hvernig hefur náttúran áhrif á tónlist ykkar, spyrja blaðamenn, og síðan: Hvernig stendur á öllum þessum fjölda frábærra hljómsveita frá svona litlu landi? Böndin stama eitthvað en hafa í raun ekkert svar, bara: „Svona er að vera Íslendingur, skill jú?"

**MEIKIÐ** er gegndarlaust hark og taumlaust rugl. Tíu tíma flugferð til að spila fyrir fimmtíu manns í horni þar sem pool-borðið á að vera í holu í Montréal. Þessir fimmtíu vilja miklu frekar spila pool en hlusta á náttúrubörnin rokka. Mánaðarlangur túr um skítakamrapöbba, allir fúlir og svekktir í rútunni, timbraðir og þreyttir. Koma svo heim, reyna að láta þetta líta vel út í viðtölum og langar ekkert meira en að komast aftur á túr.

**ICELAND** Airwaves byrjaði í gær og stendur fram á mánudagsmorgun. Þetta er frábærasti tónmenningaratburður ársins, hin eina sanna uppskeruhátíð tónlistarbransans. Hér sameinast íslenska útrásin og innrás heitustu bandanna í iðandi hrærigraut. Í tæplega viku breytist Reykjavík úr svefnbæ í alvöru stórborg með pökkuðum kofum, hljómsveitum að gera sitt besta í öllum hornum og sendiboðum meiksins sveimandi um með tékkheftið. Nú er gaman.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 18. október, 291. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.25 | 13.13 | 17.59 |
| Akureyri | 8.16 | 12.58 | 17.38 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


